



# FRÉTTABLAÐIÐ

16. september 2005 - 249. tölublað - 5. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

**Valsstúlkur unnu í gær**  
Kvinnalið Vals er einum sigri frá því að komast í átta liða úrslit Evrópukeppinnar eftir 3-0 sigur á serbnesku meisturinum.

**Engin félagshyggjustjórn án VG**  
Porleifur Gunnlaugsson bendir á að í þjóðarpóls Gallup, á lokaspretti R-listaviðræðnanna, hafi VG mælst með 19% fylgi í Reykjavík. Enginn félagshyggjumeirhluti verði myndaður í borginni án Vinstri grænna.

**Á tvítýngda unga**  
Arthúr Björgvin Bollason er 55 ára í dag. Í tilefni dagsins borðar hann íslenskt lamb á heimili sínu í Þýskalandi.

**Drengurinn kominn í heiminn**  
Söngkonan Britney Spears fæddi heilbrigðan son á Santa Monica-sjúkrahúsinu síðastliðinn miðvikudag en hann var tekinn með keisaraskurði.

**VEÐRIÐ Í DAG**  
Yrileitt nokkur vindur vestan frá annars hádegja

**FER AÐ RIGNA Í BORGinni** og vestan til með morgninum og síðan víða um land þegar liður á daginn. Þurrst lengst af fyrir austan. Hiti víðast 7-12 stíg.

**ÚTSALAN ER HAFIN Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

S.K.I.F.A.N

...skemmtir þér ; )

## Leggjast gegn eigin sameiningartillögu

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, furðar sig á bókunum meirihluta bæjarstjórnarmanna í Garði og Sandgerði gegn sameiningu sveitarfélaga á Suðurnesjum, enda hafi nefnd á þeirra vegum komist að annarri niðurstöðu.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meirihluti bæjarstjórna Sandgerðis og Garðs leggst gegn því að sveitarfélögin verði sameinuð Reykjanesbæ í almennri atkvæðagreiðslu 8. október næstkomandi og hefur andstaðan verið samþykkt í báðum bæjarstjórnunum.

„Mér þykir leitt að meirihlutar í þessum sveitarstjórnunum hafi ekki setið á sér þar til niðurstöður sameiningarnefndar lögju fyrir, en hún skilaði af sér í fyrradag,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ. „Nefndin var reyndar skipuð meirihlutamönnum sem voru andvígir sameiningu. Samt komst nefndin að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri að sameina sveitarfélög á svæðinu. Þetta þykir mér mjög merkilegt miðað við að meirihluti nefndarmanna var fyrir

fram á móti sameiningu,“ segir Árni Sigfússon.

Árni kveðst andvígur því að ganga hart fram í yfirlýsingum þar til íbúar hafi kynnt sér málin, en kynningarfundir verða í öllum sveitarfélögunum þremur í lok mánaðarins. „Þannig viljum við standa að málum hér í Reykjanesbæ.“

Meirihluti bæjarstjórnar Garðs segir í samþykkt sinni að hún telji hagsmunum íbúanna best borgið með því að Garður verði áfram rekinn sem sjálfstætt sveitarfélag enda sé staða þess sterk og framtíðarmöguleikar miklir.

Í svipaðan streng er tekið í nýrri bókun bæjarfulltrúa Sandgerðis. Þar segir að eftir skoðun á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaga á Suðurnesjum telji bæjar-

fulltrúarnir umrædda sameiningu ekki tímabæra.

Í bókunum beggja sveitarstjórnanna er vakin athygli á mikilli eftirspurn eftir íbúðalóðum og umtalsverðri uppbyggingu á undanföllum árum. Með því að sameina sveitarfélögin þrjú skerðist möguleikar íbúanna til þess að hafa lýðræðisleg áhrif á sitt næsta umhverfi. Íbúarnir eru jafnframt hvattir til þess að kynna sér vel öll rök málsins en þau er meðal annars að finna á vefsíðum Garðs og Sandgerðis.

Íbúar í Garði og Sandgerði eru um 1300-1400 í hvoru sveitarfélagi en tæplega ellefu þúsund í Reykjanesbæ. Alls yrðu íbúarnir um fjórtán þúsund í sameinuðu sveitarfélagi.

johannh@frettabladid.is



**GUTTORMUR** Hans tími er nú liðinn og verður Guttormur felldur í dag enda ellin farin að hrjá hann.

## Húsdýragarðurinn: Guttormur felldur í dag

**DÝRALÍF** Guttormur, nautið ástkæra í Húsdýragarðinum, verður felldur í dag að sögn Margrétar Daggar Halldórsdóttur, deildarstjóra dyra-deildar Húsdýragarðsins.


Margrét segir enn fremur að hann verði farinn áður en Húsdýragarðurinn verður opnaður í dag.

Guttormur er orðinn þrettán vetra, sem þykir nokkuð mikið þegar naut eiga í hlut. Hann er gigtveikur og stíður. Því hefur verið ákveðið að fella hann nú áður en vetur gengur í garð en Guttormur er líkt og margt mannfólkið þungri í lund og limum yfir vetrartímamann.

## Metsölulisti Amazon: Sigur Rós í áttunda sæti

**TÓNLIST** Hljómsveitin Sigur Rós, sem gaf nýlega út plötuna Takk, er að gera það gott. Í netverslun Amazon er listi yfir söluhæstu plöturnar undanfarið og er Takk í áttunda sæti listans. Það hlýtur að teljast mjög góður árangur því í níunda og tíunda sæti listans eru „X&Y“, hin nýja plata Coldplay, og „American Idiot“, Grammy-verðlaunaplata hljómsveitarinnar Green Day. Í fyrsta sæti listans er „Chaos and Creation in the Backyard“, hin nýja plata Paul McCartney. Í netversluninni CD Universe er Takk í sjöunda sæti yfir söluhæstu plötturnar.

Sigur Rós er núna í tónleikaferðalagi og í kvöld leikur hljóm-sveitin í Óperuhúsinu í Boston.



**SNEMMA BEYGIST KRÓKURINN** Þessi ungi piltur lækkaði meðaldur fulltrúa á hluthafafundi Burðarás í gær þar sem hann sat sjálfssöngur á meðal þekktara stórlaxa úr viðskiptalífnum og fór yfir tillögur sem lágu fyrir fundinum. Bak við hann má meðal annars sjá athafnarmanninn Helga Magnússon og Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóra Landsbankans. Hvorki drengnum né öðrum fannst tilefni til að gera athugasemdir við tillögurnar sem bornar voru upp og fólu í sér að Burðarási var skipt upp og sameinaður Landsbankanum og Straumi Fjárfestingarbanka. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## Halldór Ásgrímsson í ræðu hjá Sameinuðu þjóðunum í gær: Vill breytt öryggisráð fyrir árslok

**STJÓRNARMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra flutti í gær ávarp á leiðtoga fundi Sameinuðu þjóðanna í New York.

Forsætisráðherra gat þess meðal annars að á næsta ári væru sextíu ár liðin frá því að Ísland öðlaðist aðild að Sameinuðu þjóðunum.

Halldór sagði að ekki væri nóg að tryggja góð samskipti milli landa. Jafn mikilvægt væri að tryggja að stjórnvöld virtu mann-

réttindi eigin borgara. Það væri því ánægjulegt að á þessum tímamótum væri lögð áhersla á slíkar grundvallarhugmyndir í stofnsáttmála samtakanna.

Forsætisráðherra lagði sérstaka áherslu á stöðu þróunarríkja og stofnum mannréttindaráðs og friðarnefndar. Hann fordæmdi hryðjuverk og sagði að það væri skylda aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna að gera alþjóðasamning gegn hryðju-

verkum fyrir lok yfirstandandi alsherjarþings. Hann ítrekaði þá afstöðu sína að reynslan hefði sýnt að breyta þyrfti samsetningu ríkja í öryggisráðinu og lagði áherslu á að því verki yrði lokið fyrir næstu áramót.

Í dag tekur forsætisráðherra þátt í hringborðsumræðum leiðtoga um niðurstöður fundarins og næstu skref.

Ert þú viðbúinn ... eða eru dagar þínir taldir?

Upplýsingar og skráning á [www.sl.is](http://www.sl.is)

SI



# KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

ENNMU / SIA / NM1812

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

**Kannaðu málið!**

Bókaðu fund hjá ráðgjafa á [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is),  
í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.  
Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við  
þínar aðstæður.



Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi  
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík



KB BANKI

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 15.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62	62,3
Sterlingspund GBP	112,14	112,68
Evra EUR	75,75	76,17
Dönsk króna DKK	10,157	10,217
Norsk króna NOK	9,719	9,777
Sænsk króna SEK	8,114	8,162
Japanskt jen JPY	0,5618	0,565
SDR	XDR	90,84
		91,38

Gengivísitala krónunnar  
106,3284

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lyfjafyrirtækið Invent Farma setur upp rannsóknar- og þróunardeild á Íslandi:

## Fær úthlutað lóð í Vatnsmýrinni

**STJÓRNMÁL** Borgarráð samþykkti í gær tillögu um að íslenska lyfjafyrirtækinu Invent Farma yrði úthlutað lóð í Vatnsmýri nálægt því svæði sem Háskólinn í Reykjavík hefur fengið úthlutað. Fyrirhugað er að Invent Farma setji þar upp rannsóknar- og þróunardeild.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir mjög ánægjulegt að sú strategíska ákvörðun að bjóða Háskólanum í Reykjavík land í Vatnsmýrinni sé þegar farin að laða þangað fyrirtæki. Reiknað er með 30 til 40 starfsmönnum í um 2.000 fermetra húsnæði.



**HUGMYND UM HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK Í VATNSMÝRINI** Borgarráð hefur samþykkt tillögu um að Invent Farma fái lóð í nágrenni við Háskólann í Reykjavík.

Fríðrik Steinn Kristjánsson, stjórnarformaður Invent Farma, segir að verið sé að bæta við þróunarstarfsemi fyrirtæk-

isins með þessari uppbyggingu í Vatnsmýrinni. Fyrir rekur Invent Farma tvær lyfjaverksmiðjur í Barcelona sem hafa eitt sameiginlegt 60 manna þróunarteymi. „Okkur þykir staðsetningin góð og það umhverfi sem við sjáum að verði þarna verður til að styrkja starfsemi.“ Fríðrik segir að starfsmenn fyrirtækisins í Vatnsmýrinni verði íslenskir og spænskir.

Spurður hvenær starfsemi hefjist segir Fríðrik að í ágúst á næsta ári muni liggja fyrir deiliskipulag og það muni því verða eftir eitt og hálf til tvö ár héðan í frá.

Ekið greitt á Reykjanesbraut:

## Tveir teknir

**HRADAKSTUR** Lögreglan í Keflavík stöðvaði tvo ökumenn á Reykjanesbrautinni árla í gær morgun. Annar þeirra ók á 121 kílómetra hraða og hinn á 118.



LÖGREGLA VIÐ HRADAMÆLINGAR

Báðir ökumenn eiga von á tuttugu þúsund króna sekt ásamt því að fá punkt í ökuleyfið. Keflavíkurlögreglan beinir nú athygli sinni sérstaklega á hraðakstri á annatímum á Reykjanesbrautinni. Þess utan boðaði Keflavíkurlögreglan þrjá ökumenn með bifreiðar sínar til skoðunar vegna vanrækslu á aðalskoðun. ■

Osama bin Laden:

## Ekki lengur í Afganistan

**KABÚL, AP** Æðsti yfirmaður lögreglunnar í Afganistan segir að Osama bin Laden, leiðtogi al-Kaída hryðjuverkasamtakanna, sé ekki lengur í Afganistan. Hann segir að ástæðan fyrir því sé gríðarlegur fjöldi friðargæsluáfrá Bandaríkjunum og Atlantshafsbandalaginu.



BIN LADEN

Innanríkisráðherrann, Ali Ahmad Jalali, segir að það sé ómögulegt að bin Laden fari huldu höfði í landinu heldur sé talið líklegra að hann hafist við í Pakistan. ■

## SAMFYLKING

**STOFNFUNDUR KVENNAHREYFINGAR** Nú um helgina verður stofnuð kvannahreyfing Samfylkingarinnar á Hótel Örki í Hveragerði. Verkefni kvannahreyfingarinnar er meðal annars sagt vera að hvetja og styðja konur til þess að bjóða sig fram í stjórnarmál. Stofnfundurinn hefst klukkan 18 í dag og lýkur á morgun klukkan 15.

## BRETLAND

**GRUNAÐIR UM ÁFORM UM HRYÐJUVERK** Sjö karlmönnum var vísað úr landi í Bretlandi á grundvelli laga um þjóðaröryggi. Nokkrir hinna handteknu hafa verið ákærðir fyrir fyrirhuguð hryðjuverk og eru sagðir hafa ætlað að dreifa risíni, sem er eitt banvænasta eitrusmitur til er. Yfirvöld hafa staðfest að mennirnir hafi verið handteknir í London og Manchester.



**OPNUN ÚTSKYRÐ** Ray Nagin (lengst til vinstri) útskýrir á blaðamannafundi í gær hvaða hverfi borgarinnar verði opnuð fyrst.

## New Orleans er að vakna af dvala

Borgarstjóri New Orleans boðar opnun stórra hluta borgarinnar í næstu viku. Bush Bandaríkjaforseti flutti sjónvarpsávarp frá borginni í gærkvöld.

**BANDARÍKIN, AP** Ray Nagin, borgarstjóri New Orleans, lýsti því yfir í gær að stórir hlutar borgarinnar yrðu opnaðir fyrir aðgangi íbúa í næstu viku. Gamli bærinn, Franska hverfið, yrði opnaður viku eftir það. „New Orleans-borg mun byrja að draga andann á ný,“ sagði hann.

Borgarstjórnin gat gefið þessa tilkynningu út eftir að árangur var farinn að verða sýnilegur í að koma á rafmagn og gera við lagnakerfi. Daginn áður voru birtar niðurstöður úr tilraunastofuprófunum sem sýndu að þótt enn væri hættulega mikið af sýklum og mengunarefnum í flóðvatninu væri loftið hættulaust til innöndunar.

Í hverfunum sem opnuð verða í þessari fyrstu lotu þjuggu 182.000

af alls nærri hálfri milljón íbúa New Orleans. Til stendur að opna Franska hverfið 26. september. „Franska hverfið stendur hátt uppi og er þurr og okkur virðast rafveitumál þar í góðu lagi,“ sagði Nagin. „En þar sem sögulegt verðmæti þess er svo mikið viljum við ganga fullkomlega úr skugga um að allt sé í lagi áður en við setjum strauminn aftur á, því ef eldur kæmi upp þarna þar sem gömul timburhúsin standa þétt saman gætum við tapað á augabragði stórum hluta þess sem okkur er kært í þessari borg,“ sagði hann.

Ferðaþjónusta hefur lengi verið aðaltekjulind New Orleans, og reyndar Louisiana-ríkis alls, og Franska hverfið hefur verið þunga-

miðjan í þeim atvinnuvegi á svæðinu. En vegna þess hve borgin er öll illa útleikin eftir fellibylinn, flóðið, eldsvoða og gripdeildir er ljóst að það mun taka ár að koma lífinu í þessari „perlu Suðurríkanna“ í samt lag.

George W. Bush Bandaríkjaforseti, sem sætt hefur harðri gagnrýni vegna slægra viðbragða stjórnvalda við hamförnunum, var væntanlegur til New Orleans í gær til að flytja þaðan sjónvarpsávarp til þjóðarinnar, það fyrsta sem hann flytur frá því hamfarirnar dundu yfir. Búist var við að hann boðaði í ávarpinu gríðarvöldtækar ráðstafanir til að styðja við endurreisnartarfið.

audunn@frettabladid.is

Bílddælingur á Bíldudal:

## Greining um rekstur tilbúin

**ATVINNUMÁL** Greiningunni sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið að um rekstur Bílddælings, sem lagði niður starfsemi sína í sumar, er lokið að sögn Shirans Þórissonar, viðskipta- og markaðsráðgjafa félagsins. Skýrslan verður afhent Guðmundi Guðlaugssyni, bæjarstjóra í Vesturbyggð, og tekin til umræðu næsta miðvikudag.

Vesturbyggð fól Atvinnuþróunarfélaginu að vinna greininguna í framhaldi af fundi sem haldinn var á Bíldudal í sumar með þingmönnum kjördæmisins og bæjaryfirvöldum um atvinnumál bæjarins. - jse

Þýskur hjúkrunarfræðingur:

## Sakaður um 29 morð

**BERLÍN, AP** Þýskur hjúkrunarfræðingur hefur verið ákærður fyrir morð á 29 eldri sjúklingum á sjúkrahúsi í Bæjaralandi. Hjúkrunarfræðingurinn, sem er 26 ára, hefur verið ákærður fyrir 16 morð, 12 manndráp og eitt líknardráp og á yfir höfði sér lífstíðarfangelsisdóm ef hann verður fundinn sekur.

Sjúklingarnir sem létust voru á aldrinum 40 til 94 ára og voru 17 konur og 12 karlmenn. Flestir voru eldri en 75 ára en einnig var um að ræða tvær alvarlega veikar konur, 40 ára og 47 ára. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**LEITA BRENNUVARGS** Rannsókn lögreglu á nýlegum íkveikjum í Reykjavík stendur enn, að sögn Ómars Smára Ármannssonar aðstoðaryfirloögrelþjóns, þó að sinni sé lítið hægt að upplýsa um gang hennar. Fyrr í mánuðinum voru á einni helgi fimm mögulegar íkveikjur, þar af tvær á sama staðnum, með sólarhrings millibili.

## „Meistaraverk“

– Páll B. Baldvinsson um Hálfbróðurinn

Bókmenntahátíðin:

Lars Saabye Christensen les úr verkum sínum í IÐNÓ í kvöld klukkan 20 - Allir velkomnir



Höfundurinn hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandsráðs 2002 fyrir Hálfbróðurinn og nú er komin út bókin Hermann, bráðskemmtileg og ljúfsár saga; Mannleg, hlý og myndin.



Bókmenntahátíð 2005  
Tilboðsverð  
1.299 kr.

Mál og menning  
edda.is


## VEÐURSPÁ

um hádegi &gt;&gt;

&gt;&gt; á morgun



&gt;&gt; sunnudagur



Kaupmannahöfn	14°C heiðskirt	París	18°C heiðskirt	Alicante	32°C heiðskirt
Osló	12°C hálfskýjað	Berlín	12°C alskýjað-skúr	Milano	23°C hálfskýjað
Stokkhólmur	13°C heiðskirt	Frankfurt	21°C alskýjað-skúr	New York	27°C hálfskýjað
Helsinki	10°C skýjað-skúr	Madrid	33°C heiðskirt	San Francisco	18°C heiðskirt
London	15°C hálfskýjað	Barcelona	28°C heiðskirt	Orlando/Florida	33°C heiðskirt

\* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Amerískir dagar

## í Hagkaupum

**Nýtt**  
kortatímabil



### eldaður kjúklingur

8 tegundir:

- Southwest Chicken Breast Strips
- Buffalo Style Chicken Strips
- Chicken Breast Strips
- Crispy Chicken Strips
- Fajita Chicken Strips
- Mesquite Breast Fillets
- Chicken Nuggets
- Chicken Enchiladas

### Earthbound Farm

Lífrænt ræktað grænmeti og ávextir



**Nýtt**  
í Hagkaupum



**Nýtt**  
í Hagkaupum



**TILBOD**  
**499** kr/stk  
Verð áður 735,-

**Ben & Jerry's ís**  
- alvöru amerískur ís á góðu verði



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Nabisco kex**  
- 4 teg. af súkkulaðibita kexi



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Ritz kex**  
- 3 teg. nýjasta nýtt



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Starbucks kaffi**  
- 20 tegundir



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Lucky Charms með súkkulaði**  
- frábær nýjung



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Samlokur** að amerískum hætti  
- frábærar með roastbeef og kalkún

**Gott verð**  
**279** kr/stk

Gildir til 25. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

Gætir þú hugsað þér að nota heimasíma um netið?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	80,4%
Nei	19,6%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga Íslendingar að sækjast eftir sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Rannsókn lögreglu á sjóslysi á Viðeyjarsundi:

# Upplýsa um atburðarásina

**SJÓSLYS** Í dag ætlar lögregla að upplýsa um niðurstöður rannsóknar á slysi sem varð um síðustu helgi þegar skemmtibátur ók á Skarfasker á Viðeyjarsundi. Í slysinu fórst 51 árs gömul kona og 34 ára maður er talinn af, en lík hans hefur ekki enn fundist. Hjón björguðust nokkuð slösuð og tíu ára sonur þeirra lítið meiddur. Maðurinn sem bjargaðist er eigandi bátsins.

Hörður Jóhannesson, yfirlög- regluþjónn í Reykjavík, segir margt hafa orðið til þess að ekki hafi verið gefnar upplýsingar úr rannsókninni til þessa, bæði þurfi að ræða við aðstandendur fólks og

huga að rannsóknarhagsmunum. „Nú reikna ég með að við segjum eitthvað um hverju þetta hefur skilað og hver atburðarásin var,“ segir hann.

Hlé hefur verið gert á form- legri leit að manningum sem fórst í slysinu um helgina, en að sögn Jónasar Hallssonar aðstoðaryfir- lögregluþjóns stendur til á laugar- dag að framkvæma stórleit, líkt og gert var eftir slysið. - óká

**BÁTURINN HÍFÐUR UPP VIÐ EY** Skemmtibáturinn sem fórst á Viðeyjarsundi um síðustu helgi var rétt tæpra tíu metra langur, af Silksö-gerð, en myndin er af því þegar hann var hífður upp á laugardag.



Smábátafélagið Snarfari:

## Bænastund í stað hátíðar

**SJÓSLYS** Stjórn smábátafélagsins Snarfara hefur fallið frá afmælishátíð í tilefni af 30 ára afmæli félagsins sem halda átti næsta sunnudag.

Eigandi bátsins sem fórst á Viðeyjarsundi aðfaranótt síðasta laugardags var í félaginu og er félögum því frekar boðið til bænastundar í félagsheimili Snarfara klukkan tvö á sunnudaginn. „Mínst verður þeirra látun, Friðriks Ásgeirs Hermannssonar og Matthildar Harðardóttur, og beðið fyrir heilsu þeirra sem komust lífs af,“ segir á vef félagsins. Hafþór Lyngberg Sigurðsson, formaður Snarfara, segir að lagður verði blómsveigur á slystaðinn ef veður leyfir. - óká

## RÁÐSTEFNA

### CLINTON BÝÐUR ÓLAFI RAGNARI

Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hefur boðið Ólafi Ragnari Grímssyni forseta að taka þátt í viðamikilli alþjóðlegri ráðstefnu. Hún verður haldin í New York, stendur í tvo daga. Ýmsir þjóðleiðtogar og forystumenn í alþjóðamálum, vísindum og viðskiptum sækja ráðstefnuna.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VALT OG FÓR 50 METRA** Bíll með ökumanni og farþega fór út af veginum á Hólmahálsi skammt frá Eskifirði í fyrrakvöld. Bíllinn endastakkt og valt síðan fimmtíu metra niður hlíðina. Ökumaður slapp með minniháttar meisl og farþegi með skrámur. Lögreglan á Eskifirði segir að báðir hafi verið í bílbelti.

**Tónleikurinn BÍTL**

Lau 10/9 UPPSELT  
Fim 22/9 NOKKUR SÆTI  
Fös 30/9 LAUS SÆTI

Landsbankinn  
KASTALINN  
552 3000

„Bíttalexar urðu uppsprettan að yndislegum og bráðfýndum útsrúningi!“

Allra síðasta sýning laugardagskvöld!

**RANBÓ?**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafræna myndavéla og meðferð stafræna mynda í tölvu.

- Stillingar stafræna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimarentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnslu- forrit á Netinu tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).

Næsta námskeið hefst mánudagskvöldið 19. september



**TÖLVUSKÓLINN PECKING**

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • [www.tsk.is](http://www.tsk.is) • [skoli@tsk.is](mailto:skoli@tsk.is)



**BJÖRGUNARVEITARFÓLK Í SLÁTURTÍÐ** Þrátt fyrir að fjöldi fólks sé án atvinnu á Akureyri þurfti Norðlenska að grípa til þess ráðs að fá félagi úr björgunarsveitinni Súlum á Akureyri til aðstoðar í sláturtíðinni sem nú stendur yfir.

# Fátt annað til bjargar en stór vinnustaður

Að jafnaði hafa um 300 manns verið án atvinnu á Akureyri undanfarin ár.

Megnið af því fólki er ungt ófaglært starfsfólk og konur eru í miklum meirihluta.

**ATVINNULEYSI** Undanfarin fjögur ár hafa að jafnaði um 300 manns verið án atvinnu á Akureyri en á sama tíma hefur atvinnuástandið verið með ágætum í flestum nágrennasveitarfélögum.

Ófaglært starfsfólk er á milli 70 og 80 prósent þeirra sem eru án atvinnu á Akureyri og hátt í þriðjungur er í aldurshópnum 16 til 24 ára. Aldurshópurinn 60 til 70 ára er einnig fjölmennur og konur eru í miklum meirihluta atvinnulausra á Akureyri.

Mikill fjöldi atvinnulausra á Akureyri hefur leitt til þess að frá áramótum hefur hvergi mælst meira atvinnuleysi en á Norðurlandi eystra og er það nú 2,5 prósent en einungis 1,4 pró-

sent í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, segir að rekja megi atvinnuleysið á Akureyri til samdráttar í iðnaði og úrvinnslu landbúnaðarafurða. „Margir stórir vinnustaðir hafa á undanförunum árum lagt upp laupana og aðrir hafa dregið úr starfsemi. Á sama tíma hefur mjög lítið af nýjum störfum skapast á Akureyri fyrir ófaglært fólk. Það sem okkur vantar er stór vinnustaður í Eyjafirði til að taka við þessu fólki en þó ýmsar hugmyndir hafi komið fram er ekki sjáanlegt að úr rætist í náinni framtíð,“ segir Björn.

Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra, tekur í sama streng og segir fátt til bjargar annað en stór vinnustaður þar sem ungt ófaglært starfsfólk getur fundið sér starfsvettvang. „Því er heldur ekki að neita að lítil munur er á lægstu launum ófaglærðs starfsfólks og atvinnuleysisbótum og það hvetur fólk kannski ekki til að grípa fyrstu störfina sem bjóðast. Sem betur fer er fólk sjaldnast mjög lengi án atvinnu og flestir fá ný störf innan þriggja mánaða. Vandinn er fyrst og fremst skortur á stórum vinnustað og lítil fjölbreytni í starfsframboði á Akureyri,“ segir Helena. [kk@frettabladid.is](mailto:kk@frettabladid.is)

Kristín Halvorsen undir smásjá vinstrianna:

# Vilja ekki slá mikið af kröfum

**STJÓRN MÁL** Kristín Halvorsen, formaður Sósíalíska vinstri-flokksins í Noregi, verður að bera hvert fótímal í stjórnarmyndunarviðræðum við Verkamannaflokkinn og Miðflokkinn undir flokksnefnd sem skipuð hefur verið henni til leiðsagnar.

Félögum á vinstrivængnum er í mun að Halvorsen slái ekki of mikið af kröfum flokksins við gerð stjórnarsáttmála. Þeim er einkum ann t um að flokkurinn semji ekki af sér varðandi andstöðu við utanríkisstefnu Bandaríkjanna, oliuborun í Barentshafi og ýmis önnur umhverfismál.



**NORSKIR FLOKKSFORMENN Í STJÓRNARMYNDUN** Halvorsen, Stoltenberg og Haga hafa mismunandi umboð flokka sinna.

Jens Stoltenberg, formaður Verkamannaflokksins, hefur aftur á móti fengið ótakmarkað umboð flokksins til stjórnarmyndunarviðræðna. Honum er jafnframt treyst til að leggja mat á það hvort niðurstaða viðræðnanna teljist fullnægjandi fyrir flokkinn.

Verkamannaflokkurinn hefur 61 þingsæti, Sósíalíska vinstri-flokkurinn 15 og Miðflokkurinn 11 þingsæti á bak við sig í stjórnarviðræðunum sem fram fara á Soria Moria-ráðstefnu-miðstöðinni í Osló.



Landsbankinn  
Banki allra námsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

#### Í Einkabankanum geta Námufélagar ...


- skoðað stöðu reikninga og greiðslukorta
- millifært og greitt reikninga
- fyllt á fyrirframgreidd símkort
- sótt um námslán hjá LÍN
- skoðað lánsáætlun og fylgst með stöðu umsókna
- haldið netbókhald yfir mánaðarleg útgjöld

„Það þarf einhver að spyrja  
heimskulegu spurninganna.“

Nemi á fyrsta ári  
í sjávarútvegsfræði.

SÝNUM  
NÁMSMÖNNUM  
TILLITISSEMI

# Sláandi góður réttur



Nýja sveiflan hennar Ragnhildar golfmeistarar þarf góða næringu og þessi uppskrift uppfyllir svo sannarlega öll skilyrði keppnisfólks um stóra sigra og gott bragð.



## Lambakjötessalat

500 g innanlærsvöðvi | salt  
4 msk ólífuolíu | eikarlaufssalat, lambhagasalat  
nýmalaður pipar | eða annað áþekkt salat  
1/2 dl tómatsafi | 2-3 vorlaukar (eða 1 knippi graslaukur)  
safi úr 1/2 sítrónu | nokkur fersk mintulauf (má sleppa)

Kjötið skorið í þunnar sneiðar, helst ekki þykkari en 6-8 mm. Plastfilma breidd á bretti, sneiðunum raðað á hana, önnur filma lögð yfir og sneiðarnar barðar létt eða pressaðar með kökukefli til að gera þær þynnri. Síðan eru þær penslaðar á báðum hliðum með 2 msk af olíunni, kryddaðar með nýmöluðum pipar og látar standa í 10-15 mínútur. Grillpanna eða venjuleg, þykkbotna panna hituð vel og kjötið snöggssteikt við háan hita, 1-1½ mínútu á hvorri hlið. Tekið af þönnunni og látið standa í nokkrar mínútur. Afgangurinn af olíunni (2 msk) settur í skál og tómatsafa, sítrónusafa, pipar og salti þeytt saman við. Kjötið skorið í ræmur og sett út í sósu. Salatblöðin rifin niður eða skorin í ræmur, vorlaukurinn saxaður og mintulaufin rifin niður. Blandað saman við kjötið og sósunu og sett í salatskál.



*lambakjöt - léttur réttur*

Upphald íslensku þjóðarinnar  
Fjöldi uppskrifta á [www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is)

Ný hryðjuverkalög undirbúin í Bretlandi:

## Varðhald án ákæru í þrjá mánuði

**LONDON, AP** Breska ríkisstjórnin tilkynnti í gær að hún myndi styðja tillögur lögreglu um að grunuðum hryðjuverkamönnum verði haldið í gæsluvarðhaldi í þrjá mánuði án ákæru í staðinn fyrir tvær vikur eins og nú er leyfilegt.

Mannréttindasamtök hafa gagnrýnt breytingarnar og segja þær hrópanði óréttlæti.

Innanríkisráðuneytið hefur lagt fram drög að frumvarpi um hryðjuverkalög og vonast til að þingið samþykki þau fyrir árslok. Stjórnarandstöðuflokkunum hefur verið boðið að bregðast við drögum.

Lögreglan segir að tvær vikur



séu ekki nægilega langur tími til að undirbúa mál gegn grunuðum hryðjuverkamönnum. Máli sínu til stuðnings bendir lögreglan á að oft sé þörf á að finkemba mikið magn tölvugagna.

Ef nýju hryðjuverkalögin verða samþykkt verður lagt bann við óbeinni hvatningu til hryðjuverka og er ætluð að ná til ófgasinnaðra múslimapræsta sem lofa hryðjuverk og tæla til sín áhrifgjörn múslímsk ungmennti.

- sda

**EFTIR HRYÐJUVERKIN 7. JÚLÍ** Breska yfirvöld vilja leyfa að grunuðum hryðjuverkamönnum sé haldið í þrjá mánuði án ákæru í stað tveggja vikna eins og nú.



**HAGSTOFA ÍSLANDS** Aðeins einn forstöðumaður. Ekki kona.

**UMHVERFISRÁÐUNEYTI** Tíu gegn engri konu eru í forsvari þar.

**UTANRÍKISRÁÐUNEYTI** Fjórir karlmenn en engin kona.

## Fimm ráðuneyti án kvenstjórnenda

Af 222 forstöðumönnum ríkisins eru fimmtíu konur, jafnmargar og í febrúar 2004. Engar konur eru forstöðumenn á vegum Hagstofu Íslands, utanríkis-, landbúnaðar-, viðskipta- og umhverfisráðuneytisins. Körlum hefur fækkað um þrjá.

**RÁÐUNEYTI** Forstöðumenn ríkisins á vegum ráðuneyta eru nú 222, að því er fram kemur í vefriti fjármálaráðuneytisins. Frá því í febrúar á síðasta ári hefur þeim fækkað um þrjá forstöðumenn.

77 prósent forstöðumanna eru karlar, eða 172, og 23 prósent eru konur, eða 50. Hlutfall kvenna í stöðu forstöðumanns hefur aukist um eitt prósentustig frá því í febrúar 2004, sem útskýrist af því að forstöðumennirnir þrír sem hafa hætt voru allir karlmenn.

Í utanríkisráðuneyti, landbún-

aðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og umhverfisráðuneyti eru engar konur starfandi forstöðumenn, né heldur hjá Hagstofunni, en þar starfar einn forstöðumaður. Hæst er hlutfall kvenna í stöðu forstöðumanns hjá forsætisráðuneytinu, en þar eru þrjár af fimm forstöðumönnum konur. Næsthæst er hlutfall kvenna í stöðu forstöðumanns hjá félagsmálaráðuneytinu, tæp 43 prósent.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra segir að engin forstöðumaður hafi verið ráðinn í

hennar tíð. „Það er ein ráðning sem ég hef staðið að, sem var endurráðning.“ Hún segir að mjög vel sé staðið að jafnréttismálum í ráðuneytinu. Tveir skrifstofustjórar af fjórum séu konur og þegar litið sé til nefndarstarfs séu um þrjátíu prósent nefndarmanna á vegum ráðuneytisins konur. „Ég held að megi segja að þegar málin eru skoðuð, hefur þetta ráðuneyti staðið framarlega. Þetta er hins vegar mál sem þurfa alltaf að vera til skoðunar, við vitum það.“

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra segir að af fjórum forstöðumannsstöðum ráðuneytisins komi hún ekki að ráðningu þriggja, heldur sé það mál stjórnar stofnana. Hún segir að bæði orkugeirinn og fjármálagæirinn séu ansi mikil karlavelði. „Þetta atvinnulífstengda starf og stofnanir eru mjög karllægar. Ég er ekki sérstaklega stolt yfir þessari útkomu í mínum stöfunum, en við ráðningu hef ég lagt mikla áherslu á að fara faglega í hlutina og skoða allar umsóknir með jákvæðu hugarfari.“

Hvorki náðist í Davíð Oddsson utanríkisráðherra né Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra.

[svanborg@frettabladid.is](mailto:svanborg@frettabladid.is)

### KYNJASKIPTING Í FORSTÖÐUMANNAHÓP RÍKISINS

Ráðuneyti	Karlar	Konur	Samtals
Forsætisráðuneytið	2	3	5
Menntamálaráðuneytið	35	19	54
Utanríkisráðuneytið	4	-	4
Landbúnaðarráðuneytið	10	-	10
Sjávarútvegarráðuneytið	5	1	6
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	33	10	43
Félagsmálaráðuneytið	8	6	14
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	25	8	33
Fjármálaráðuneytið	20	1	21
Samgönguráðuneytið	8	1	9
Iðnaðarráðuneytið	7	1	8
Viðskiptaráðuneytið	4	-	4
Hagstofa Íslands	1	-	1
Umhverfisráðuneytið	10	-	10
Samtals	172	50	222
<b>Kynjaskipting</b>	<b>77%</b>	<b>23%</b>	<b>100%</b>

Hæstiréttur Ísraels um múrinn á Vesturbakkanum:

## Vill láta færa hluta múrsins

**JERÚSALEM, AP** Hæstiréttur Ísraels felldi í gær dóm um múrinn á Vesturbakkanum í andstöðu við dóm Alþjóðadómstólsins í Haag, sem komst að þeirri niðurstöðu að múrinn væri brot á réttindum Palestínunanna og ætti að rífa.

Hæstiréttur Ísraels komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að færa ætti þá hluta múrsins sem valda Palestínunönnum ónaðsynlegum þjáningum. Rétturinn skipaði varnarmálaráðuneytinu að færa þá hluta múrsins sem einangra palestínska íbúa í fimm þorpum nálægt landnemabyggðunum Alfei Menashe, þar sem um fimm þúsund manns búa.

Ísraelar halda því fram að hinum 680 kílómetra langa múr, sem stendur meðfram Vesturbakkanum, sé ætlað að koma í veg fyrir árásir Palestínunanna. Palestínunmenn segja hins vegar að múrinn, sem reyndar er sambland af gaddavír, steypu og girðingum, sé ólöglegt landtaka og komi í veg fyrir að þúsundir Palestínunanna geti komist að beitarsvæðum, skólum, til vinnu og leitað læknaaðstoðar.

- sda

**HLUTI MÚRSINS Á VESTURBAKKANUM** Hæstiréttur Ísraels komst að þeirri niðurstöðu að færa þyrfti þá hluta múrsins sem valdi Palestínunönnum ónaðsynlegum þjáningum.





# GRILLPARTÝ

ÍSLENSKA AUGLEIÐINGASTÍÐAFRÍÐIÐ 10.12.2011 09:18:00

## GRILLPARTÝ. Glansandi nýir bílar í boði hjá Toyota um helgina.

Þau verða glansandi, Toyota grillin, í skemmtilegu grillpartýi hjá Toyota á Nýbýlaveginum um helgina. Á staðnum verður allur Toyota flotinn: Avensis, Corolla, Yaris, RAV4 og Land Cruiser. Eðalvagnar frá Lexus verða líka á svæðinu og flottustu hjólin frá Yamaha kveikja í mönnum.

### Grilluð dagskrá: Tilboð og veitingar.

- Öllum seldum bílum þessa helgi fylgir handfrjáls búnaður
- Þeir sem reynsluaka um helgina eiga möguleika á að vinna **Playstation Portable**
- Í boði er 90% lán í nýjum bílum og 50% afsláttur af lántökugjaldi hjá Glitni
- Sérlegir grillmeistarar Toyota grilla fyrir gesti

**Komdu, sjáðu, reynsluaktu og njóttu!**



Opið laugardag frá 12-16 og sunnudag frá 13-16

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota  
Nýbýlavegi 4  
KÓPAVOGUR  
Sími 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
AKUREYRI  
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn  
Njarðarbraut 19  
REYKJANESBÆR  
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn  
Fosnesi 14  
SELFOSS  
Sími: 480-8000



# Haust- markaðurinn hefst á morgun kl. 10

Allt að

# 80%

## afsláttur

**Rýmingarsala á eldri vörum  
Haustútsölumarkaður Húsasmiðjunnar  
hefst á morgun kl. 10 í Skútuvogi 8  
(fyrrum aðsetri Landflutninga).**

Valdar vörur á ótrúlegu verði. Útlitsgallaðar vörur  
seldar með miklum afslætti!



Opnunartími

OPIÐ VIRKA DAGA

# 13-18

LAUGARDAGA

SUNNUDAGA

10-17

11-17



**HÚSASMÍÐJAN**

...ekkert mál

## Septembertilboð e-kortsins



Pú kemur í klippingu og færð hárlitun á hálfvörð

50%  
AFSLÁTTUR  
VIÐ KASSA

### HÁRSAGA

Radisson SAS, Hótel Sögu, sími 552 1690

30% afsláttur af  
**Ben&Jerrys ís**



30%  
AFSLÁTTUR  
VIÐ KASSA

### HAGKAUP

2 fyrir 1

1. **Tveir** mánuðir á verði **eins**.

2. Kort fyrir **tvo** einstaklinga í þrjá mánuði, aðeins er **greitt fyrir annan**.



Íþróttahöllin Akureyri, sími 462 5266



**DeLonghi CG400**  
Vandað heilsugrill.  
Fullt verð **8.995 kr.**  
Tilboðsverð **4.995 kr.**

33%  
AFSLÁTTUR  
VIÐ KASSA

**Indesit IDL62**

Uppþvottavél með fyrstu einkunn í öllu.

Fullt verð **59.995 kr.**  
Tilboðsverð **39.995 kr.**



45%  
AFSLÁTTUR  
VIÐ KASSA

**Heimilistæki**  
Sætúni 8 – Sími 569 1500



**Vetrarskoðun á 3.900 kr.**

Einnig **frí þurrkublaðaskipti**  
(greitt er fyrir þurrkublöðin)



Smíðjuvegi 60 (Rauð gata), sími 557 2540

**e kort**  
www.ekort.is

Ósakhæfir öryggisgæslusjúklingar á Sogni:

## Hafa þurft að bíða vikum saman

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þess eru dæmi að ósakhæfir öryggisgæslusjúklingar hafa þurft að bíða, jafnvel vikum saman, eftir að komast inn því deildin hefur verið yfirfull,“ segir Magnús Skúlason, yfirlæknir á réttargeðeildinni að Sogni.

Að undanfögnu hefur einn sjúklingur verið vistaður í herbergi sem alla jafna er notað fyrir heimsóknir, viðtöl og kennslu, þar sem deildin er yfirfull. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir að deildin fái ekki aukafjármagn, enda um tímabundið ástand að ræða. Forsvarsmenn réttargeðeildarinnar hafa lengi



barist fyrir stækkun hennar en ekki fengið jákvæð svör enn sem komið er.

„Við römbum á brúninni núna, því einn sjúklingur fór frá okkur í dag,“ sagði Magnús við Fréttablaðið í gær. „Hinur ber að halda til haga, að þegar einstaklingur er dæmdur ósakhæfur þá skyldar dómurinn okkur að taka viðkomandi inn. Dómurinn er ekkert að velta fyrir sér hvort við höfum pláss eða ekki. Fyrir en síðar hlýtur að koma að því að deildin verður of lítil.“

-jss

**RÉTTARGEÐEILDIN** Magnús Skúlason yfirlæknir segir að fyrir en síðar hljóti að koma að því að deildin verði of lítil.

## Sjávarhiti í Eyjafirði olli tugmilljóna tjóni

Lúðueldisstöð Fiskeyjar í Þorlákshöfn verður lögð niður innan skamms. Hlýnun sjávar við Dalvík kostaði fyrirtækið 75 milljónir króna. Fyrirtækið einblínir nú á seiðaútflutning til Noregs og Kína.

**FISKELDI** „Við sjáum ekki fram á að geta starfrækt eldisstöðina í Þorlákshöfn öllu lengur þannig að við munum leggja hana niður innan tíðar,“ segir Arnar Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri Fiskeyjar ehf., sem einnig er með eldisstöðvar á Dalvík og Hjalteyri. Fimm manns vinna við stöðina og vonast Arnar Freyr til að sem flestir þeirra geti unnið þar áfram en hún verður væntanlega leigð undir lax- eða bleikjueldi.

Fiskey varð fyrir verulegu áfalli í fyrra en þá fóru 300 þúsund seiði forgörðum vegna hlýunar sjávar við Dalvík en þaðan er sjórinn tekinn í eldiskerin. Þessi hlýnun kostaði fyrirtækið um 75 milljónir króna að sögn Arnars Freys. Til að bregðast við þessu verður áframeldið í Þorlákshöfn lagt niður en þeim mun meira lagt upp úr seiðaútflutningi.

„Við framleiðum meira en helming allra lúðaseiða í heiminum,“ segir Arnar Freyr, „og engin breyting verður þar á þó stöðin loki í Þorlákshöfn. Við höfum klakfiskastöð okkar á Dalvík, þar sem hrygningin fer fram, en svo fer seiðaframleiðslan fram í stöð okkar á Hjalteyri. Í Þorlákshöfn er svo áframeldið þar sem lúðan var alin upp í slátursstærð, þá er hún um fimm kíló og það tekur um 3-4 ár að ná henni í þá stærð.“

Arnar segir mörg tækifæri blasa við í seiðaútflutningi því markaðurinn fari vaxandi í Noregi sem síðustu ár hefur verið



**HROGNATAKA** Starfsmenn Fiskeyjar kreista hrogn úr lúðu í Klakfisksstöðinni á Dalvík.

helsti útflutningsmarkaður Fiskeyjar. Á síðasta ári voru einnig seld 25 þúsund seiði til Kína og nú eru viðræður í gangi um að seld verði allt að 200 þúsund seiði þangað síðar í haust.

Ekki er þó allt lúðueldi úr sög-

unni hér á landi því Silfurstjarnan er með lúðueldi við Axarfjörð. Benedikt Kristjánsson framkvæmdastjóri segir að þeir hafi byrjað á lúðueldinu fyrir tæpu ári og eru nú með 50 þúsund lúður í kerjum.

jse@frettabladid.is

Úrskurðarnefnd almannatrygginga og Tryggingastofnun:

## Afgreiðsla flestra kærnumála staðfest

**HEILBRIGÐISMÁL** Úrskurðarnefnd almannatrygginga staðfesti afgreiðslu Tryggingastofnunar í 72 prósentum þeirra kærnumála sem nefndin úrskurðaði í á síðasta ári. Hún kvað upp úrskurð í 287 kærnumálum á árinu og staðfesti afgreiðslu TR í 206 málum.

Þetta kemur fram í nýju yfirliti frá úrskurðarnefndinni fyrir árið 2004.

Flestir úrskurðir sem kveðnir voru upp á árinu 2004 voru vegna almennrar örorku. Þeir voru 54 talsins. 44 mál voru vegna bifreiðakostnaðar. Mál vegna slysatrygginga voru 39, vegna tannlæknakostnaðar 36 og sjúklingatrygginga 27.

Skráðar kærur á árinu 2004 voru 374 og fjölgaði um 50 mál frá fyrra ári. Alls voru 55 kærur dregnar til baka, í langflestum tilvikum vegna þess að afgreiðsla Tryggingastofnunar var endurskoðuð og henni breytt eftir að



**TRYGGINGASTOFNUN** Flestir úrskurðirnir vegna almennrar örorku.

kæra barst. Á árinu afgreiddi úrskurðarnefndin tíu beiðnir um endurupptöku kærnumála, synjaði

beiðni í sjö tilvikum en samþykkti endurupptöku í þremur tilvikum. ■



EKKI LÁTA ÚTLITÐ BLEKKJA ÞIG

bonus.is BONUS bonus.is BONUS bonus.is BONUS bonus.is BONUS bonus.is BONUS bonus.is BONUS bonus.is BONUS

KRYDDSMJÖRSBRAUÐ  
HVÍTLAUKSBRAUÐ



2 BRAUÐ Í PAKKA

199 KR.



I. FLOKKS RÆKJA - KÍLÓ  
599 KR.

1000g

Þú gerir góðu

Sjófryst  
roðflett ýsa

15%  
afsláttur  
við kassann

SJÓFRYST ROÐFLETT ÝSA  
595 KR.

15% afsláttur við kassann  
Merkt verð 699kr.



MELÓNUBITAR 300/400g

189 KR.

40%  
afsláttur  
við kassann



BEZT SAMLOKUSKINKA 250g

209 KR.

40% afsláttur við kassann  
Merkt verð 349kr. 250g



SPAGETTÍ KÍLÓ  
59 KR.

EKKERT  
BRUÐL

Ferskir og góðir  
melónubitar



Holtaálegg 35% afsláttur



999  
DÖMUKANSKAR KR.

1299  
HERRAHANSKAR KR.

Leðurhanskar

ZARA  
pasta

BÓNUS SVÍNASNITSEL  
769 KR.

30% afsláttur við kassann  
Merkt verð 1098kr.

BÓNUS SVÍNAGULLAS  
769 KR.

30% afsláttur við kassann  
Merkt verð 1098kr.

BÓNUS SVÍNAKÓTELETTUR  
769 KR.

30% afsláttur við kassann  
Merkt verð 1098kr.

30%  
afsláttur  
við kassann

Bónus svínakjöt á góðu verði



Barna og fullorðins

399  
PARIÐ KR.

Ariel þvottaefni 50 skammta



1299  
50 SKAMMTAR KR.



STÁLBRAUÐRIST FRÁ AFK

2999  
NÝJA AFK LÍNAN KR.

STÁL  
BRAUÐRIST

AFK rafmagnstæki

Quik silver húfur

299  
HÚFAN KR.



Góðar húfur og vettlingar í kuldunum



79  
500 ml KR.

Uppþvottalögur

Clean Fresh 500 ml

# kaupin í Bónus!

FROSINN LAMBABÓGUR

# 599

EKKERT BRUÐ!



## Ferskt af nýslátrunni!

FERSKUR OG NÝR LAMBHRYGGUR

# 909

30% afsláttur við kassann  
Merkt verð 1299kr.

NÝTT OG FERSKT LAMBALÆRI

# 769

30% afsláttur við kassann  
Merkt verð 1099kr.

# 30%

afsláttur við kassann

## Fersk lambalæri og lambahryggur lambabógur

### Frosinn

BEZT BAJONSKINKA

# 779

40% afsláttur við kassann  
Merkt verð 1298kr.



# 40%

afsláttur við kassann



## Nýtt kortatímabil! 159

# 199

450g KR.



### STÁL BLANDARI

STÁLBLANDARI FRÁ AFK

# 2999

NÝJA AFK LÍNAN KR.



## Ómissandi í blandaranum!



### FRÁBÆR BER Í BÚSTIÐ!

EKKERT BRUÐ!

bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS

## Septembertilboð e-kortsins



Hótel Keflavík býður e-korthöfum **mikinn afslátt** af **Deluxe** herbergjum í vetur, frá 10. september til 30. apríl.

Verð með afslátti er **8.800 kr.** fyrir **double deluxe** herbergi og **6.800 kr.** fyrir **single deluxe** herbergi. Innifalið í verðinu er morgunverður, akstur á flugvöllinn og bilageymsla ef þarf.

**HÓTEL KEFLAVÍK** Vatnanesveg 12-14, 230 Reykjanesbæ, sími 420 7000

25% afsláttur af Sóma heilsubita og Toppi með trönuberja- og greipbragði



25% AFSLÁTTUR VIÐ KASSA

3ja mánaða kort með 25% afslátti **13.425 kr.** (Fullt verð 17.900 kr.)

Iceland Spa & fitness  
Baðhúsið, Sporthúsið,  
Prekhúsið og Betrunarhúsið  
Sími 561 5100



## Kabarett

Í september býðst e-korthöfum að kaupa tvo miða á hinn frábæra söngleik Kabarett með 20% afslátti – gegn afhendingu þessa miða. Miðaverð á Kabarett er þrenns konar: 2.000 kr., 3.900 kr. og 5.900 kr. og með bestu sætum fylgir freyðivín, fyrir syningu og í hléi.

Kabarett hefur fengið geysigóðar viðtökur bæði hjá leikhúsgestum og gagnrýnendum enda einvala lið listafólks sem að syningunni stendur. Í aðalhlutverkum eru Þórunn Lárusdóttir, Felix Bergsson, Magnús Jónsson og Edda Þórarinsdóttir.

Miðasala er í síma 511 4200 og á [midi.is/opera](http://midi.is/opera).

**e kort**  
[www.ekort.is](http://www.ekort.is)

Erling Ólafsson, dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun:

## Mikil fækkun flökkufiðrilda

**SKORDÝR** Lítið sem ekkert hefur borist af flökkufiðrildum hingað til lands seinni part sumars og í haust, að sögn Erlings Ólafssonar, dýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

„Mjög lítið sem ekkert hefur borist hingað í ár og það sama á við um Færeyjar,“ segir Erling. Hann bætir við að orsök in sé ekki kunn, en undanfarin ár hafi allmargar tegundir borist hingað frá og með miðjum ágúst. „En nú hafa ekki komið neinar gusur eins og venjan hefur verið á þessum tíma árs. Oft hefur verið um athyglisverðar fiðrildaheimsóknir að ræða frá hinum ýmsu Evrópulöndum.“ ■



**LITFIGURD** Flækjarnir sem borist hafa hingað til lands hafa sumir hverjir verið æði litkrúðugir.

## Sveitarstjórnir Dana gætu breyst verulega

Útlit er fyrir að stóru flokkarnir, Venstre og Sósíaldemókratar, missi tókin í mörgum sveitarfélögum í næstu kosningum. Nú sitja fulltrúar þessara tveggja flokka í 219 af 271 borgar- og bæjarstjóraseti. Kosid verður eftir tvo mánuði.

**DANMÖRK** Samkvæmt skoðanakönnun sem Jyllands-Posten birti í vikunni bæta jafnaðarmenn við fylgi sitt í höfuðborginni, fengju nú rúm 30 prósent atkvæða sem er aukning um 4 prósentustig. Venstre flokkurinn heldur sínum 19 prósentum atkvæða. Hins vegar bætir Radikale Venstre töluvert við fylgi sitt og fengi nú tæp 15 prósent atkvæða en fékk í síðustu kosningum 8,5 prósent.

Jafnaðarflokkurinn ásamt Sósíalíska þjóðarflokkurinn og Einingarlistanum stendur að núverandi meirihluta í höfuðborginni. En þeir tveir fyrrnefndu hafa lengi starfað saman í Kaupmannahöfn og er fylgisaukning jafnaðarmanna nú rakin til fylgistaps Sósíalíska þjóðarflokksins.

Ritt Bjerregaard, borgarstjóraefni jafnaðarmanna, er sá frambjóandi sem flestir Kaupmannahafnarbúar vilja að setjist í sæti borgarstjóra eftir kosningar eða 26 prósent samkvæmt þessari sömu könnun. Þetta gerist á sama tíma og fylgi flokks hennar mælist með minnsta fylgi í 5 ár. Athygli vekur að fjórði hver kjósandi í Kaupmannahöfn kærir sig ekki um að Søren Pind, borgarstjóraefni íhaldsmanna, verði borgarstjóri. Er þessi slæma niðurstaða rakin til tillögu hans um að innflytjendum sem gerast brotlegir við lögin í þriðja skipti skuli vísað úr landi.

Útlit er fyrir að kosningin í Árósum verði einna mest spennandi. Við síðustu kosningar lauk 70 ára valdatíð jafnaðarmanna í borginni þegar íhaldsmenn unnu sigur. Nú er útlit fyrir að mjótt verði á munum og gæti svo farið að Radikale Venstre verði í oddastöðu við myndun meirihluta. Talið er að



**KAUPMANNAHÖFN** Ritt Bjerregaard, borgarstjóraefni jafnaðarmanna er sá frambjóandi sem flestir Kaupmannahafnarbúar vilja að setjist í sæti borgarstjóra eftir kosningar eða 26 prósent samkvæmt þessari sömu könnun.

jafnaðarmenn myndu gefa eftir borgarstjórastólinn til að komast í meirihluta á nýjan leik.

Í Álaborg er ekki reiknað með að dragi til tíðinda. Jafnaðarflokkurinn hefur haft tögl og hagdir í borginni síðan 1925 og mun vafalítið gera áfram næstu fjögur ár. Líklegt er að flokkurinn sigri einnig í

Óðinsvéum en þó gætu íhaldsmenn sett strik í reikninginn.

En þar sem enn eru tveir mánuðir í kosningar eru flokkarnir ekki byrjaðir á að auglýsa stefnumál sín og frambjóðendur. Margt á því eftir að gerast áður en Danir ganga að kjörborðinu.

[kristjans@frettabladid.is](mailto:kristjans@frettabladid.is)

Forsætisráðherrar meirihluta sambandslanda í Þýskalandi:

## Heita Merkel stuðningi

**ÞÝSKALAND, AP** Forsætisráðherrar ellefu af sextán sambandslöndum Þýskalands, sem allir eru í flokki með Angelu Merkel, hétu því í gær að leggjast á eitt með henni, verði hún kanslari, við að koma nauðsynlegum efnahagsumbótaráðstöfunum í gegnum þingið. Tilgangurinn með þessari afdráttarlausu samstöðuýfirlýsingu var að telja kjósendur á að kjósa stjórnarskipti nú um helgina.

Meðal þess sem gerði ríkisstjórn jafnaðarmanna og græningja erfitt fyrir að koma sínum umbótaáætunum í framkvæmd var að þær þurftu að fást samþykktar í efri deild þingsins, Sambandsráðinu, en í því eiga sæti fulltrúar stjórna sambandsland-



**MERKEL OG STOIBER** Angela Merkel, kanslaraefni kristilegu flokkanna, og Edmund Stoiber, sem sjálfur er einn af héraðshöfðingjunum völdugu; hann er forsætisráðherra Bæjaralands.

anna. Allt síðasta kjörtímabil voru flokksbræður Merkel þar í meirihluta. Í þýska sambandslýðveldinu hefur oft sýnt sig að héraðshöfðingjarnir láti sérhagsmunum eigin héraðs ganga fyrir heildarhagsmunum ríkisins, jafnvel þótt sami flokkur sé við völd bæði í héraði og í höfuðborginni. Af þessari ástæðu þykir yfirlýsing þeirra nú hafa vægi í baráttunni um atkvæðin.

„Þýskaland þarf á skýrri stefnu að halda, sem byggir á skýrum meirihluta. Stjórnarskipti í Berlín eru nauðsynleg fyrir Þýskaland til að binda enda á hörnulega stefnu „rauð-grænu“ stjórnarinnar,“ segir í yfirlýsingu héraðsleiðtoga.





LAMBA BLANDAÐ SÚPUKJÖT

398 kr.kg



LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU

848 kr.kg



LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU

978 kr.kg



GULRÓFUR ÍSL. NÝ UPPSKERA

98 kr.kg

KÍNAKÁL ÍSL. NÝ UPPSKERA

189 kr.kg

GULRÆTUR ÍSL. NÝ UPPSKERA

169 kr.kg

HVÍTKÁL ÍSL. NÝ UPPSKERA

98 kr.kg



LAMBAHJÖRTU AF NÝSLÁTRUÐU

178 kr.kg



LAMBANÝRU AF NÝSLÁTRUÐU

78 kr.kg



LAMBALIFUR AF NÝSLÁTRUÐU

148 kr.kg

FR. BODUR SIGURDÓTTIR 105 12 28 - LAU 13.08.2005

**VELKOMIN Í FJARÐARKAUP**

## „ORÐRÉTT“

Út af með dómaramann!

XL

„Því miður er alltof neikvætt viðhorf til handboltadómara á Íslandi. Það fælar kannski frá.“

HÁKON B. SIGURJÓNSSON, FORMAÐUR DÓMARANEFNDAR HSÍ, UM DÓMARASKORT Í HANDBOLTANUM. FRÉTTABLAÐIÐ.

„Ef stofna þarf pólitískan flokk til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri og gæta hagsmuna listamanna í samfélaginu verður það gert.“

KJARTAN ÓLAFSSON, PRÓFESSOR VIÐ LISTAHÁSKÓLANN, UM AÐSTÆÐUR ISLENSKRA LISTAMANNA. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær  
tilveran

## SJÓNARHÓLL

FRAMBOÐ TIL ÖRYGGISRÁÐSINS



JÓHANN GEIRDAL

## Eigum ekki að sækja um

„Menn þurfa að fara gera það upp við sig hvort sækja eigi um aðild að ráðinu eða ekki,“ segir Jóhann Geirdal, skólastjóri og bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ um hvort Ísland eigi að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða ekki.

„Svo þurfa menn líka að horfa í kostnaðinn og spyrja hvað þetta kostar og hvað við fáum til baka,“ segir hann.

En þó svo að Jóhann leggi til að þar til bær stjórnvöld taki á sig rögg í málinu og ákveði sig liggur hann ekki á eigin skoðun. „Ég sé ekki nokkra ástæðu til að við séum að sækja um aðild að öryggisráðinu. Utanríkisstefna Íslands er lítið frábrugðin utanríkisstefnu Bandaríkjanna og það er engin ástæða til að Bandaríkjamenn séu að fá aukatkvæði á silfurfati.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? BÁRA MAGNÚSDÓTTIR Í JAZZBALLETTSKÓLA BÁRU

## Hætt að kenna og komin í brúna

„Á haustin er alltaf rosalega mikið að gera hér á vinnustaðnum,“ segir Bára Magnúsdóttir eigandi Jazzballettskóla Báru. Á áttunda hundruð nemendur stunda nám í listdansi við skólann en Bára rekur einnig líkamsræktarstöð. „Það nýjasta hjá okkur eru lokaðir hópar fyrir yngra fólkið sem er að laga holdafarið,“ segir Bára en tilraun með slíka hópa var gerð í vor og gafst mjög vel að hennar sögn. Umfang skólans er orðið slíkt að Bára er að mestu hætt að kenna sjálf. „Nú kenni ég bara kennurum og er meira í brúnni að stýra þessu,“ segir Bára sem hefur eytt síðustu sumrum í að skoða landið. „Ég er hætt að fara á Spánar-



ströndina en maður gerir það aftur seinna,“ segir hún en í sumar ferðaðist hún um Austfirði og fannst það stórbrotið landslag. „Ég hélt ég væri búin að búa á Íslandi svo lengi og þekkti það svo vel en það er ótrúlegt að það er alltaf hægt að finna leiðir sem maður hefur ekki séð. Ég er bara farin að hafa áhyggjur af því að mér endist ekki aldur til að skoða allt landið,“ segir Bára í léttum tón en hún og maður hennar eiga palljeppa með svokölluðu camperhúsi á pallinum. „Það er rosalega íslenskt sport að vera á svona bíl og geta verið hvor sem er,“ segir Bára hrifin af þessum ferðamáta en hún fór í fyrstu slíku ferðina í sumar.

## Kvenfélag nefnt eftir Maggnúsi

Maggnús Víkingur Grímsson skrifar Maggnúsarnafnið sitt með tveimur G-um. Hann hóf starfsævina í vélsmiðju í Þorlákshöfn en áformar nú að reisa millahverfi á Flúðum.

„Ég á mér nafna, kvenfélag á Selfossi, og er heiðursfélagi í því,“ segir Maggnús Víkingur Grímsson athafnamaður, sem sagði frá áhuga sínum á Kádiljábifreiðum í Fréttablaðinu á laugardag. Marga lesendur rak í rogastans þegar þeir sáu Maggnúsarnafnið á prenti því hinn viðtekni ritháttur nafnsins er jú með einu géi.

Upphaf þess að Maggnús fór að skrifa nafnið sitt með tveimur géum má rekja 38 ár aftur í tímann, þegar hann var sextán ára og hét bara Magnús eins og þúsundir annarra Íslendinga. „Ég vann þá í vélsmiðju í Þorlákshöfn og merkti hlutina sem ég smíðaði með stöfunum MAGG,“ segir Maggnús. Skömmu síðar hitti hann latínufróðan mann sem sagði honum að orðið magnus væti latneskt og þýddi „mikið“. Upp frá því velti hann vöngum yfir hvers vegna orðið væri borið fram á annan veg en rithátturinn gaf tilefni til og af-

réd í framhaldinu að skrifa nafnið sitt með tveimur géum. Það varð ekki til að draga úr ákvörðuninni að útlendingar eru líklegri til að fara rétt með framburð Maggnúsarnafnsins þegar géin eru tvö. Maggnús hefur lengi átt í samskiptum við útlendinga, ekki síst starfs síns vegna, en hann stóð lengi í innflutningi og framleiðslu á efni til garðskálagerðar.

Maggnús er enn með einu géi í þjóðskrá en báða rithætti nafnsins er að finna í símaskránni. Er það öðrum til hægðarauka.

Flestir sem skrifa nafn Maggnúsar gera það rétt, enda þekkja þeir kauða, en rithátturinn hefur alið af sér annað vandamál. „Ég skrifa oft nöfn annarra með tveimur géum af því að mér er það tamt,“ segir Maggnús og bætir við að sonur hans tíu ára sé farinn að skrifa föðurnafn sitt með tveimur géum og það án nokkurs þrýstings fá pabbanum.

En Maggnús er ekki eini Maggnúsinn á landinu. „Þannig er að fyrir nokkrum árum frétti ég af góðum konum á Selfossi sem komu saman á veitingahúsi til að stofna kvenfélag. Ég ákvað að hringja í þjóninn og það hann um að færa þeim hvítvínsglas með kveðju frá aðdáanda. Svo hringdi ég hálf tíma síðar og lét færa þeim stjörnuljósakokteil með kveðju frá Maggnúsi. Um það leyti voru konurnar að ákveða nafn á félagsskapinn og



MAGGNÚS VÍKINGUR GRÍMSSON Auðveldar útlendingum að bera fram nafn sitt með því að skrifa tvö gé í nafninu.

sögðu allar í kór að félagið skyldi heita Maggnús og slógu í borð.“

Maggnús var svo gerður að heiðursfélagi í kvenfélaginu og er á leið til Kúbu með konunum í haust.

Annars er að miklu að huga hjá

Maggnúsi þessa dagana „Ég ætla að reisa millahverfi á Flúðum en ég bjó í fjórtán ár í hreppnum og er eiginlega kominn heim. Sveitungar mínir segja að nú sé Björgólfur kominn heim,“ segir Maggnús og hlær.

bjorn@frettabladid.is

Hljómleikaferð Skriðjöklanna heldur áfram:

## Lofa stemningu eins og hún gerist best

Það heyrir til tíðinda þegar þekktar hljómsveitir koma saman á ný eftir hlé og því má það teljast stórfrétt að Skriðjöklar frá Akureyri ætli að leika á Players í Kópavogi annað kvöld.

Dansleikurinn er liður í hljómléikaferðinni Hugvit og fegurð sem staðið hefur með hléum frá 1999 og er sjálfsagt ekki ofmælt að þar fari lengsta hljómléikaferð tónlistarsögunnar.

„Ég lofa stemningu eins og hún gerist best enda er maður fullur orku þegar maður gerir þetta svona sjaldan,“ segir Ragn-

ar söt Gunnarsson, söngvari Skriðjökla. Hann hlakkar vita-skuld til að troða upp í Kópvoginum og segir alla gömlu smellina á efnisskránni. „Svo tókum við önnur í bland. Skriðjöklar hafa jú verið kallaðir hljómsveitin sem syngur á tíu tungumálum, þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Ragnari telst til að um fimmtán manns hafi starfað í Skriðjöklum í rúmlega tuttugu ára sögu sveitarinnar en ásamt honum hafa staðið í stafni frá upphafi þeir Jakob Jónsson gítarleikari og Jón Haukur Brynjólfsson bassaleikari. Ekki er að sjá á þeim að hartnær aldarfjórðungur sé liðinn síðan sveitinni var hleypt af stokkunum og sjálfur segir Ragnar þá félagana alltaf jafn hressa og glæsilega.

Hann bætir við að gestir Players eigi von á góðu því hljómsveitin hafi æft í heilar fjórar klukkustundir fyrir ballið en það þykir óvenju-löng æfing á þeim bæn-

- bps



## Börnin í Hólmavíkurreppi: Ekið í skólann á Nissan Patrol

Ekki ætti að væsa um börnin á Langadalströnd í Hólmavíkurreppi þótt leið þeirra í skólann sé löng og stundum torfær yfir háveturinn. Hreppurinn hefur fest kaup á bifreið af gerðinni Nissan Patrol til að aka þeim til og frá skóla en slíkir bílar eru með þeim flottustu og öflugustu á jeppamarkaðnum. Má því ætla að þar fari einn glæsilegasti skólabíll landsins og jafnvel þótt víðar væri leitað.

Netmiðillinn Strandir greinir frá bílkaupunum og einnig því að jeppinn góði er árgerð 2001 og kostaði 3,1 milljón króna. Er hann annar tveggja skólabíla í Hólmavíkurreppi og mun Þórói Halldórssyni hafa verið falið að aka honum.

- bps

DV

Miðaldra maður trylltist við Smáralind

Braut hnéskel á 11 ára dreng *Hætti sér of nálægt lúxusjeppa*



Þeirir þegar aðrir þegja!

New York Times fjallar um íslenskt eldhús:

# Íslenskur matur þykir sælkerum samboðinn

Íslenskir matvælaframleiðendur ættu fyrst og fremst að höfða til sækera ætli þeir að gera sig gildandi á Bandaríkjamarkaði að mati bandaríska blaðsins New York Times.

Blaðið fjallaði um íslenskt eldhús á síðum sínum á miðvikudag og gefur þeim matvælaframleiðendum sem hyggja á útrás nokkur hollráð, til dæmis hvað beri að forðast. Að mati blaðamanns mun kæstur hákarl, hvalkjöt, og „lambakjöt þurrkað yfir taðreyktu sparði“ falla í grýttan jarðveg ytra. Þá telur hann óráð að bjóða upp á reyktan lunda þar

sem flestir Bandaríkjamenn tengi hann við sæt tuskudýr.

Eftirspurnin eftir lífrænt ræktuðum og vistvænum matvælum hefur aldrei verið meiri, segir í greininni, og lykullinn er að höfða til þeirra sem gera miklar kröfur til matar síns. Í þeim efnum bera lambakjöt, fiskur og mjólkuraf-

urðir af í íslenska búrinu. „Hafrar hafa aldrei inn fyrir munn lambsins komið, hvað þá sýklalyf, og gyllt og fituríkt smjör er framleitt úr mjólk kúa af stofni frá landnámsöld,“ segir blaðamaður. Þá þykir skyrið eiga góða möguleika á að slá í gegn ef rétt er haldið á spilunum.

Nokkur ljón eru hins vegar í vegi, til dæmis þykja hvalveiðar Íslendinga rýra hið umhverfsvæna orð sem af landinu fer og ekki hugnast greinarhöfundur sú tiktúra að hafa mjólkurafurðirnar í íslenskum umbúðum, enda þekki fæstir smjör fyrir smjör á annarri tungu en sinni eigin.



MANHATTAN-EYJA New York Times telur að íslenska lambakjötið geti selst eins og heitar lummur meðal sækera.



REYKA VODKA Vodkað er framleitt í Borgarnesi og markaðssett sem íslenskt gæðavodka í Evrópu og Ameríku.

Reyka vodka rýkur út:

## Heklu, lunda og Geysi þakkað

Hundrað flöskur af íslenska Reyka vodkanu voru ekki fyrr komnar í hillur Fríhafnarinnar í Leifstöð í síðustu viku en þær höfðu verið keyptar að sögn Hlyns Sigurðssonar, innkaupastjóra Fríhafnarinnar. Vodkað mun hafa vakið áhuga jafnt Íslendinga og útlendinga á leið um Leifstöð.

Reyka vodkað er framleitt af William Grants & Sons í Borgarnesi og er markaðssett sem íslenskt eðalvodka í Bandaríkjunum og Evrópu. Flaskan er ræki-lega merkt Íslandi og skreytt í bak og fyrir, meðal annars með gömlum teikningum af Heklu, Geysi og lunda. Talið er að það eigi ekki síst þátt í vinsældum drykkjarins í Leifstöð.

Þeir sem ekki eru á leið utan í bráð en vilja festa kaup á eðalvodkanu, eða bara lunda- og hveraskreyttri vodkaflösku, verða að láta sér lynda að biða þar til í nóvember en þá kemur Reyka vodka í verslanir ÁTVR.

- bs



MIKKABLÖÐRUR TIL SÖLU Fyrsti Disneyland-skemmtigarðurinn í Kína var opnaður á dögunum í Hong Kong. Í baksýn má sjá kastala Þyrnirósar.

www.tolvulistinn.is

# EMNI MEIRI HRADI

**VL15**  
Samtals kr. 155.169  
**9.993**

**INTEL DOTHAN 2MB**  
Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel er með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni.

**8xDVD± SKRIFARI**  
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**TENGINGAR**  
Inspiron fartölvan kemur með 4x USB2.0, VGA, Firewire, netkort og módem

**DDR2 & PCI EXPRESS**  
Dell Inspiron hefur allt það nýjasta bæði DDR2 minni og PCI-Express brautir fyrir meiri hraða

**128MB ATI X300**  
Allmikil skjákerfi frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**ÞYNGD OG RAFHLAÐA**  
Inspiron 6000 fartölvan er aðeins 3.0kg og með Centrino tækninni endist rafhláðan í allt að 4 tíma.

**Örgjörvi** 1.73GHz Pentium M Dothan740  
Innvið 915MHz Express 533FSB-2MB cache

**Vinnsluminni** 512MB 400MHz DDR2

**Harðdiskur** Stækkanlegi 12GB  
80GB 5400RPM diskur  
5400RPM hraður og hljóðlátur

**Skrifari** 8xDVD±RW Dual Layer skrifari  
Skrifar DVD diska og CD-RW

**Skjár** 15,4" WXGA WideScreen skjár  
Breittáskráð skjár með 1280x800dpi

**Skjákerfi** 128MB ATI Radeon X300 mobility  
Sjálst. minni, PCI-Express 16x, TV-út

**Hátalarar** Hljóðkerfi með 2 hátalarum  
Hljóðkort og stereo hljóðarar

**Þráðlaust** 54Mbps þráðlaust netkort  
Innbyggj. 802.11g með lafmeti í skjá

**Netkort** 10/100 base netkort  
Einnig innbyggj. 56k mótlað

**Stýrikerfi** Windows XP Home + SP2  
Á íslenska eða ensku

# VERÐ 149.900

Á SÉRTILBOÐI AÐEINS Í TÖLVULISTANUM

Vaxtaloustilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bættist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169 og dreiftist jafnt yfir samningstímann.

## TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730


**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400

## SVONA ERUM VIÐ

LANDSFRAMLEIÐSLAN Á MANN Á JAFNVIRÐISGILDI Í BANDARÍKJADÖLUM 2000 TIL 2004

Heimild: Hagstofa Íslands.



## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL GREINING: LÚÐUELDI

## Jafn mikið til af villtri og eldislúðu

Fiskey ehf. mun á næstu mánuðum loka lúðueidisstöð sinni í Þorlákshöfn. Þá verður ein slík stöð eftir en Silfurstjarnan er með áframeldisstöð í Axarfirði. Lúðueldi hefur farið stigvaxandi hér á landi og nú er svo komið að jafnmikið er til af villtri lúðu og eldislúðu.

## Hvernig fer lúðueldi fram?

Á sérstakri klakfiskastöð eru hrognin kreist úr lúðunni og því næst eru þau frjögvað á seiðastöð en eftir fjórtán daga eru hrognin orðin að svokallaðri kvíðpokalirfu. Einum og hálfum mánuði eftir hrygningu er svo farið að fæða lúðuseiðin.

Í Noregi, Færeyjum, Skotlandi og Hjaltlandseyjum fer lúðueldi fram í eldiskvíum en aðstæður til þess hér á landi eru fremur óhagstæðar þar sem firðir eru óvarðir fyrir úthafi og óstöðugleiki auðveldlega sett strík í

reikninginn. Því er frekar notast við eldisker hér á landi.

## Lúðueldi á Íslandi

Rannsóknir með lúðueldi hófust hér á landi árið 1987 en þá var stofnað fyrirtækið Fiskey, sem lengst af hefur verið eina fyrirtæki sem tileinkað er þessari starfsemi. Tíu árum síðar varð svo Fiskey framleiðslufyrirtæki. Það var bæði með seiðaldi og einnig með áframeldi þar sem lúðan var alin í slátrunarstærð en þá vegur hún um fimm kíló. Nú er svo komið að lúðustofninn í Norður-Atlantshafi er talinn vera um tvö þúsund tonn en það er svipað magn og framleitt er með eldisaðferðinni. Mesta lúðueldi fer fram í Noregi en Norðmenn vinna mest með seiði frá Íslandi.



## Hvar eru helstu markaðirnir?

Helstu markaðir fyrir lúðu eru á Bretlandi og Bandaríkjunum en lúðuseiði eru aðallega flutt út til Noregs. Nú síðustu ár hefur markaður fyrir þau einnig verið að opnast í Kína. Einnig eru seiði seld til Færeyja og Skotlands.

## SPURT &amp; SVARAÐ

RAGNAR STEFÁNSSON

## Aukin skjálftavirkni í Kverkfjöllum

Aukin skjálftavirkni í norðanverðum Vatnajökli upp á síðkastið hefur vakið athygli. Það er einkum svæðið í kringum Kverkfjöll sem hefur verið að bæra á sér. Ragnar Stefánsson er jarðskjálftafræðingur á Veðurstofu Íslands.



RAGNAR STEFÁNSSON JARÐSKJÁLFTAFRÆÐINGUR

boða slíkt. Svæðið er þó allt mjög virkt eldsvæði og því er full ástæða til þess að fylgjast vel með."

## Hverjar eru hugsanlegar afleiðingar goss á þessu svæði?

„Það eru hvað mestar líkur á því að vatnsflaumurinn muni finna sér leið norður í land. Fyrst og fremst er það Jökulsá á Fjöllum sem hlýpi. Ólíklegt er að þetta vatn finni sér leið austur úr, það er að segja inn að Kárahnjúkum.“

## Er eldgos fyrirsjáanlegt á svæðinu?

„Það er ekkert sem bendir til þess að gos sé í uppsiglingu á þessum slóðum. Þetta eru hreinlega of litlar hreyfingar til þess að hægt sé að



BUSH OG ANNAN Forseti Bandaríkjanna og framkvæmdastjóri SP gera sér mjög ólíkar hugmyndir um það hvert hlutverk SP skuli vera.

## Umbætur andvana fæddar

Vonir stóðu til að á sextugasta afmælisári Sameinuðu þjóðanna yrðu samþykktar víðtækar umbætur á stofnuninni sem myndu búa hana í stakk til að standast kröfur tímans. Ágreiningur um þær reyndist of mikill til að það tækist.

Frá því að Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar fyrir 60 árum hafa þær vaxið bæði í stærð og álit. Meginhlutverk þeirra er enn að stuðla að friði í heiminum. En margt hefur líka grafið undan álitu fólks á stofnuninni. Öryggisráðið er oft margklofið innbyrðis og lengi hefur verið deilt um hvernig það skuli skipað. Í þeim tilvikum sem þó hefur tekizt að taka ákvörðun um tiltekna aðgerðir í nafni SP hafa þessar aðgerðir oft strandað á því að of seint var gripið til þeirra, of fáir friðargæzlulíðar sendir á vettvang og þannig mætti lengi telja. Árangurinn af starfsemi SP hefur verið áþreifanlegri á öðrum sviðum, svo sem að stuðla að betri vernd mannréttinda og bættum lífskjörum, en þessum verkefnum sinna sérhæfðar undirstofnanir samtakanna, svo sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO.

## Umbótatillögur spanna vítt svið

Á undanförunum árum hafa margtírekað komið fram áskoranir um umbætur á Sameinuðu þjóðunum. Skiptist þar mjög í tvö horn hvaða skilning menn vilja leggja í þá kröfu. Bæði þeir sem vilja að SP hafi auknu hlutverki að gegna í alþjóðamálum og hinir sem vilja takmarka starfssvið þess, svo sem eingöngu við mannúðarstörf, nota hugtakið „umbætur“ um þær breytingar sem þeir vildu sjá gerðar á stofnuninni. Hugmyndir sem komið hafa fram um þetta efni spanna allt frá því að leggja ber SP alfarið niður, til hugmynda um að þær verði fullburða alheimsstjórn.

Af hálfu stjórnsýslu SP sjálfra var fyrstu hugmyndavinnunni um umbætur á stofnuninni hrint af stað fljótleiga eftir að núverandi framkvæmdastjóri, Kofi Annan, tók við embætti árið 1997. Meðal þess sem helzt hefur verið nefnt í þessu sambandi er að breyta samsetningu Öryggisráðsins; að

gera stjórnsýslu SP gegnsærri, ábyrgari og skilvirkari og gera samtökin almennt lýðræðislegri. Af öðrum vinsælum umbótatillögum má nefna að setja beri alþjóðlegan toll á alla vopnaframleiðslu.

## OFT NEFNDUR UMBÓTAHUGMYNDIR:

- ... að breyta samsetningu Öryggisráðsins svo að það endurspeglir betur alþjóðakerfi nútímans
- ... að gera stjórnsýslu SP gegnsærri, ábyrgari og skilvirkari
- ... að gera samtökin almennt lýðræðislegri

Í framhaldi af svonefndri Þúsaldaryfirlýsingu SP árið 2000 var á leiðtogafundi samtakanna fyrir tveimur árum samþykkt að stefna að því að samþykka víðtækar umbætur nú á 60 ára afmælisárinu. Í marz 2005 kynnti Annan ítarlegar umbótatillögur sem unnar voru á þessum grundvelli. Í þeim segir meðal annars: „Laga þarf Sameinuðu þjóðirnar að breyttum tímum með aðferðum sem áður þóttu óhugsandi og hingað til óþekktu hugrekki og hraða.“

En vonir um að þær næðu fram að ganga tóku þó fljótt að blikna. Á tillögurnar skygðu djúpstædur ágreiningur milli hinna ýmsu ríkjahópa, milli ríku iðnríkanna og fátæku þróunarlandanna, og innbyrðis milli ríkjanna sem mest fé leggja fram til starfsemi SP. Til að bæta gráu ofan á svart hafa ásakanir um misferli og spillingu í stjórnkerfi SP í tengslum við hina svonefndu „olíu fyrir mat“-áætlun SP í Írak komið mjög upp á yfirborðið einmitt nú í aðdraganda leiðtogafundarinnar, þar sem til stóð að teknar yrðu tímamótákvæðanir um aukið og breytt hlutverk SP á 21. öld. Í dag verður afgreidd lokaályktun 60 ára afmælisleiðtogafundar samtakanna. Vegna áður nefnds ágreinings segir fátt í henni um hvernig þau

verði bezt í stakk búin til að standast kröfur tímans.

## Óþol Bandaríkjamanna

Þann 17. júní í sumar samþykkti Bandaríkjaþing lög um að skera framlög Bandaríkjanna til SP niður um helming fram til ársins 2008 ef ekki yrði tilteknum skilyrðum fullnægt um breytingar á starfsháttum stofnunarinnar. John Bolton, nýr sendiherra Bandaríkjanna hjá SP, lagði fram breytingartillögur í hátt í 500 liðum við þær umbótatillögur sem Annan lagði fram í vor. Þessi harkalega stefna Bandaríkjamanna gagnvart SP er reyndar ekki ný, en hún náði nýju hámarki með þessu. Bandaríkin hafa árum saman stundað að neita að standa við greiðslur til SP af pólitískum ástæðum – og vegna fyrirvara um tryggingar fyrir því að féð hverfi ekki í óskilvirkni- og spillingarhítt. Bandarískir ráðamenn hafa lengi átt bág með að umbætur þess þeir álíta vera óskilvirkt skrifinnskubákn, sem þar að auki framleiði ályktanir sem gangi gegn hagsmunum Bandaríkjanna (og skjólstaðings þeirra Ísraels).

Ríkisstjórn George W. Bush hefur beitt sér gegn stofnun Alþjóðastríðsglæpadómstólsins, ekki vilja undirrita alþjóðasáttmála um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, gegn pyndingum, gegn jarðsprengjum og fleira. Og ákvörðun Bush-stjórnarinnar um að gera innrás í Írak án þess að hafa til þess umboð SP hefur bæði grafið undan trúverðugleika SP og ýtt undir sannfæringu margra minni þjóða um mikilvægi þess að styrkja SP til þess einmitt að þær geti veitt meintum yfirgangi bandaríska heimsveldisins mótstöðu.

FRÉTTASKÝRING  
AUÐUNN ARNÓRSSON  
auðunn@frettabladid.is

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur ekki fengið Fréttablaðið, biðdu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

# Superbilligt í Nettó

*höfum gaman saman*



**40%**  
afsláttur við kassa  
Matfugl kjúklingabollar í raspi



**40%**  
afsláttur við kassa  
Helgarlamb kryddað að hætti miðjarðarhafsbúa



**299**  
kr/pk  
Matfugl kjúklingaborgari



**40%**  
afsláttur við kassa  
Helgargrís m/sólpuurkuðum tómötum + basil



**99**  
kr/stk  
Ananas



**29**  
kr/stk  
Kókoshnetur



**59**  
kr/box  
Cherry tómatar



**199**  
kr/pk  
Baby carrot



**59**  
kr/flaskan  
Netto cola og appelsín



Ný veiddur humar!

**599**  
kr/pokinn  
Humar 500g.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími frá 15. sept til 18. sept eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó





Starfsfólk Bílabúðar Benna.

Lokað 16. - 20. september í tilefni afmælishátíðar  
Bílabúðar Benna. Öllu starfsfólki er boðið til  
hátíðar hjá Porsche í Þýskalandi.

Fylgstu með afmælistilboðum næstu daga.  
Þér verður boðið!



Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23  
Sími 590 2000 • [www.benni.is](http://www.benni.is)





# ESTÉE LAUDER GJÖF

## GJÖFIN ÞÍN

Fáðu þessa snyrtitösku að gjöf\* fulla af snyrtivörum. ELECTRIC Intense varalit sem gerir varirnar fyllri og mýkri, DayWear Plus raka- og varnarkrem sem mýkir húðina og gerir hana ferska og endurnærða, Magnascope maskara sem margfaldar þykkt augnháranna og ilmvatn sem fullkomnar daginn. Kinnarnar fá fallegan og eðlilegan roða með nýja tender Blush kinnalitnum. Allt þetta fyrir þig ef þú verslar Estée Lauder vörur fyrir 4.200 krónur eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaupa dagana 15. – 21. september. (verðgildi gjafarinnar er um kr. 8.700)

\*Meðan birgðir endast



NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ PRÓFA

Nýtt. Perfectionist [CP+]

Handa öllum konum sem ekki vilja Botox®

Sérfræðingar á rannsóknarstofum Estée Lauder sækja æ lengra fram í baráttunni gegn hvers konar línum og hrukkum - og nú einnig gegn litbreytingum sem verða á húðinni með aldrinum - og bjóða víðtækustu meðferð sem enn hefur verið fundin upp.

EFTIR FYRSTA DAGINN: Það er eins og lengd, dýpt og fjöldi af línum og hrukkum hafi minnkað um 36%. Húðin er bjartari, ferskari og áferðin fallegri.

EFTIR VIKU: Dýpri hrukkur hafa jafnast út. Eðlileg kollagenframleiðsla hefur aukist. Litbreytingablettir virðast vera að dofna og hverfa.

EFTIR MÁNUÐ: Niðurstöður klínískra rannsókna segja það sem segja þarf: Það dregur úr línum og hrukkum um allt að 55%. Hreinleiki húðarinnar eykst um allt að 54%. Húðliturinn batnar um allt að 53%.

Njóttu þess að eiga framtíð án aldurs.

Gildir til 21. september eða á meðan birgðir endast.

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
 REYKJAVÍK 6.53 13.22 19.50  
 AKUREYRI 6.36 13.07 19.37  
 Heimild: Almanak Háskólans

# allt

matur o.fl.

## VÍN OG SKEL

Nýr veitingastaður í Reykjavík

BLS 2



tilboð o.fl.

## HRÆRIVÉLAR

Kenwood kostar minna

BLS 5



### FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL.

### Góðan dag!

Í dag er föstudagur 16. 09,  
259. dagur ársins 2005.

### KRÍLIN

Ódýr eru  
uppáhaldsdýrin  
hjá konum!



### SMÁUGLÝSINGAR

#### Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁUGLÝSINGAR  
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ  
SMÁUGLÝSINGAR  
Á vísir.is



Jóhanna V. Þórhallsdóttir elskar að vera í eldhúsinu að laga mat.

## Falleg hugsun skiptir máli

Jóhanna V. Þórhallsdóttir söngkona er mikil ástríðumanneskja þegar kemur að eldamennsku og matargerð.

„Galdurinn við góða matargerð er að maður sé að elda fyrir einhvern, og hugsa fallega til þeirra sem eiga að fá matinn,“ segir Jóhanna V. Þórhallsdóttir söngkona. „Skemmtilegast þykir mér að elda fyrir stór matarboð, sem ég reyni að halda reglulega,“ bætir hún við.

Hún segist ekkert stressa sig yfir eldamennskunni og mikilvægt sé að njóta hennar, taka uppskriftir ekki of hátiðlega og láta það eftir sér að fylgja hugmyndum sínum. „Eitt af því sem mér finnst mjög gaman að elda er saltfiskur, en ég reyni dálítið að elda fisk,“ segir Jóhanna sem telur að dálæti hennar á saltfisknum tengist því að hún sé saltfisksöngkona. „Ég fer alltaf reglulega til Ísafjarðar að syngja á saltfiskhátíðum, þannig að ég tel mig ekki bara vera söngkonu heldur saltfisksöngkonu. Þar eru haldin saltfiskböll á sumrin og við komum nokkur frá Reykjavík og

spilum jafnvel með Villa Valla á Ísafirði og erum með suðræna sveiflu,“ segir Jóhanna.

Best er að sjóða saltfiskinn og stappa með hvítlauk, kartöflum og olíu. „Það er alveg sjúklega gott,“ segir hún.

Blaðamaður spyr hana hvort henni líki best að elda einfaldan mat og svarar hún því með jái og dýpt í röddinni. „Mér finnst þetta einfalda alltaf svo gott, en það upp-götvaði ég á Ítalíu þar sem ég bjó lengi,“ segir Jóhanna. Hún nefnir líka að brauðbakstur sé eitthvað sem hún elski að gera, en verst sé hvað brauðið sé fitandi. „Maður getur ekki leyft sér að vera alltaf að baka brauð,“ segir hún.

Að lokum fær blaðamaður lýsingu á eldhúsinu hennar Jóhönnu sem hún segir vera það besta í bænum. „Ég er með flotta eyju og gaseldavél og allt,“ segir Jóhanna hlæjandi. „Annars er maturinn svo sem ekkert betri núna en hann var áður en ég fékk þetta eldhús,“ segir hún og hlær enn frekar.

kristineva@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

[ MATUR – TILBOÐ ]

**Undirbúningur** er hafinn fyrir sýninguna Matur 2006 sem haldin verður í Fifunni í Kópavogi um mánaðamótin mars-apríl. Að þessu sinni verður lögð sérstök áhersla á erlenda gesti og sýnendur og er það markmið IceXpo að auka hlutdeild þeirra til muna. Sýningin verður vel kynnt erlendis og samið hefur verið við erlend kynningarfirmir. Þá mun IceXpo einnig kynna sýninguna á sambærilegum sýningum í nágrennalöndunum. Það má því búast við miklum fjölda erlendra gesta.

**Kartöflur** eru bæði holl og góð fæða. Þessa dagana er nóg til af nýjum og ferskum kartöflum og tilvalið að nota þær í alls konar matargerð. Kartöflur bjóða upp á marga möguleika

og það er ekkert sem segir að þær þurfi bara að vera með-læti. Hægt er að búa til ýmsa góða rétti úr kartöflum og upplagt að setjast niður með matreiðslubók og finna skemmtilegar kartöfluuppskriftir.

**Sony Center** býður upp á mikið úrval af stafrænum tökuvélum. Nú er boðið upp á sérstakt tilboð í versluninni og allir þeir sem kaupa sér upptökuvél fá þrjár spólur, tösku og klippihugbúnað í kaupbæti.

Meðal þeirra véla sem í boði eru er Sony DCR-PC53. Um er að ræða góða minniDV-myndbandstökuvél með Carl Zeiss linsu. Vélin kostar 74.950 krónur en hægt er að dreifa greiðslunni yfir 12 mánuði og borga 7.354 krónur á mánuði.



Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal Mörkinni 1, 108 Reykjavík. Upplifið það nýjasta í innréttingum.

Opnunartími.  
Virka daga 9-18  
Laugardaga 11-15



Sími 515 0700

Óteljandi möguleikar

allt

# matur o.fl.

**Litir** gera matinn girnilegan og girnilegan til átu. Þegar hægt er að koma því við má endilega setja aðeins lit á diskinn, meðal annars með grænu káli eða eldrauðum tómötum.



## HOLLANDIA:

### Ein bestu kaupin í dag

**HOLLANDIA** er hollenskur lagerbjór, 4,8% að styrkleika og ein bestu kaupin sem í boði eru í vínúðunum þessa dagana, sé litið til verðs og alkóhólmagns. Hollandia hefur ekki fengist hér á landi fyrr en nýlega, en hann má finna í flestum vínúðum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Hollandia er einstaklega ljúfur og góður lagerbjór og er gullinn, mildur með sætum kornkeim í bragði og með lítilli beiskju.

Verð í vínúðum 155 kr. í 50 cl dós-um.



Skelfiskur er bæði fallegur og bragðgóður.

## Írskur skelfiskur og vín í glösum

Vín og skel er nýjasta viðbótin við veitingahúsaflórana í Reykjavík

Vín og skel er glænýtt veitingahús sem stendur við Laugaveg 55, þar sem Bakhúsið var áður. Nafnið er sannarlega óvenjulegt en ekki svo mjög þegar hugmyndin bak við staðinn er útskýrð. „Grunnurinn á matseðlinum er skelfiskur og hér er hægt að fá allt vínið í glasaformi en ekki þarf að kaupa heilar flöskur,“ segir Kristinn Guðmundsson, kokkur á Vini og skel, sem ásamt Kristjáni Nóa Sæmundssyni sér um rekstur staðarins sem þeir eiga í félagi við tvo aðra. Staðurinn er í samstarfi við Fjöruborðið á Stokkseyri og maturinn er framreiddur á sama hátt. „Skelfiskurinn er borinn fram í fötum og bökkum og fólkíð fær svo að tina matinn sjálft á diskinn.“ Þessi skelfiskur kemur þó lengra að en frá Stokkseyri. „Við fáum krækling og tígrisrækjur frá Írlandi þar sem hvort tveggja er ræktað og það er uppstáðan í matseðlinum,“ segir Kristinn. „Við erum með opið frá hádegi og til miðnættis og hægt er að detta inn og fá sér súpu og

krækling hvenær sem er. Svo erum við líka með hrefnukjöt en það hefur vakið mikla hrifningu hjá ferðamönnum.“

Meðalverðið á aðalrétti er 2.300 krónur og hægt er að fá köku og kaffi á 590 krónur en Ás-



Kristinn Guðmundsson kokkur er mikill áhugamaður um skelfisk.



geir Sandholt sér um að baka kökurnar fyrir Vín og skel. Kristinn er ánægður með viðtökurnar sem staðurinn hefur fengið. „Viðtökurnar hafa verið framar vonum þrátt fyrir að við erum rétt nýbyrjaðir að auglýsa.“ Það er ekki að efa það að Vín og skel er vel þegin viðbót í veitingahúsaflöru borgarinnar en þeir sem vilja prófa að elda krækling heima geta spreytt sig á uppskrift frá Kristni að kræklingi í tómatsósu.

### KRÆKLINGUR Í TÓMATSÓSU



400 g forsoðinn kræklingur í skel  
1/2 laukur  
1 maukaður hvítlauksgeiri  
2 msk. smjör  
1/2 dl hvítvín  
1/2 dl tómatsafi  
smá salt

Bræðið smjör á pönnu og steikið lauk og hvítlauk í smástund. Bætið kræklingi út í og því næst hvítvini og tómatsafa. Smakkið til með saltinu. Með þessu skal drekka gott hvítvín.

**Allt til vingerðar**

**áman** Skeifunni 11d  
Sími 533 1020

**Grim's Fiskibollur & Fiskibuff**

- Matur er mannsins megin

## Kaffi mánaðarins

September - 2005

### Costa Rica - Tarrazu San Rafael

Costa Rica Tarrazu er af mörgum talið vera eitt besta og eftirsóttasta kaffi heims. Það er þekkt fyrir létt og frísklegt berjabragð og unaðslega angan.

Tarrazu San Rafael hefur öðlast ákveðinn virðingarsess meðal kaffiunnenda og er oft nefnt Burgundi Suður Ameríska kaffisins.

Nú á frábæru kynningarverði í öllum verslunum Te og Kaffi Njót!

Kaffihús:  
Laugavegi 24  
Smáralind

Verslanir:  
Kringlunni  
Smáralind  
Laugavegi 27  
Suðurverí



TE & KAFFI

**Jói Fel**

**Pistasiukrans að hætti Jóa Fel**

- risastór og gómsætur fyrir alla fjölskylduna

Kleppsvegi 152 | Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.  
Smáralind | Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.



Jóhanna eldar ýsu.

### Ýsubitar

UPPSKRIFT FRÁ JÓHÖNNU ÞÓR-HALLSDÓTTUR.

#### ÝSUBITAR

Ný ýsa og skorin í um 2 cm bita. Hægt er að skipta ýsunninni út fyrir hvaða hvíta fisk sem er. Bitunum er velt upp úr hveiti sem blandað hefur verið saman við aromat krydd. Bitarnir eru steiktir á pönnu og hellt yfir þá rjóma og capers.

„Þetta er mjög einfalt og fljótlegt, en alveg geðveikislega gott,“ segir Jóhanna.

# Hollustusnarl

Berjabrjóstsykur er frábær til að snarla á milli mála.

Hvort sem þú kaupir eða tínrir ber skaltu birgja þig upp af þeim, stinga þeim í frystinn og bíða eftir að þau verði að ljúffengum „brjóstsykri“. Hægt er að nota vínber, jarðarber, krækiber, bláber, kirsu-ber, sólber, rifsber eða hvað sem ykkur dettur í hug. Þegar berin eru orðin fryst þá getur þú laumast í þau í frystinum og soggð og smjattað á þeim í staðinn fyrir sælgætismolana eða snakkið. Þetta er líka gott til að stinga í litla munna og aldrei að vita nema þá þagni suð um súkkulaði.




Fryst ber eru ekki bara ljúffeng heldur falleg líka.

# PEARLY BAY: Frískleg vín frá Suður-Afríku

Rauðvín frá Suður-Afríku hafa verið mjög vinsæl á Íslandi síðustu ár en þaðan koma einnig frísk ávaxtarík hvítvín, oft blönd-

uð vín úr dæmigerðum þrúgum heimamanna. Þau eru jafnan þurr og grösug og svona í léttari kantinum.

með mörgu t.d. pottréttum sem og öðrum kjötréttum, og einnig gott með pitsum, eða bara eitt og sér. Verð í vínbúðum 3.090 kr.



**Pearly Bay Dry White** er frískandi vín með ilmi af sumarblómum og nýslegnu grasi. Ávaxtaríkt með vott af sítrónum í eftirbragði. Afbragðs gott eitt og sér eða með léttum réttum, s.s. brauði, osti og salati. Tilvalið samkvæmisvín sem er með ódýrustu kassavínum. Verð í vínbúðum 2.990 kr.



**Pearly Bay Red** er dæmigerður fulltrúi hinna stöðugu og hagstæðu suður-afrísku rauðvína. Djúpraður litur. Ljúfur ilmur af berjum og myntu. Auðdrekklegt vín, líflegt og gott. Pearly Bay Red hentar einstaklega vel

# Brokkolí og blómkálsréttir

Góðir fyrir hjarta og sál, skapið og kvefið.

Nú er tíminn til að njóta ljúffengra náttúrulegra rétta. Fyrir helgina mælum við með brokkolí- og blómkálsréttum. Hvort tveggja er ríkt af vítamínum, blómkálið er sérstaklega C-vítamínríkt, innheldur fáar kaloríur, ríkt af trefjum og brokkolí inniheldur mikið kalsíum.

Þegar brokkolí er valið skal hafa í huga að forðast að stilkarnir séu gulleitir, harðir eða þurrir. Hausinn á að vera þéttur og með jafnan dökkan lit. Blómkálið á að vera hvítt eða kremhvítt. Forðist blómkálsausa sem hafa bletti eða eru lausir í sér. Sumir hausar hafa á sér lauf, þau eru ekki merki um léleg gæði en takið lafin af áður en blómkálið er meðhöndlað.

Við fengum Sólveigu Eiríksdóttur heilsukokk til að setja saman fyrir okkur tvær uppskriftir byggðar á blómkáli og brokkolí. Njótið vel.



SÓLVEIG ERÍKSDÓTTIR HEILSUKOKKUR heldur áfram að gleðja landann með heilsugæmlegum uppskriftum.

### BLÓMKÁLSHRÍSGRJÓN

- 1 blómkálshöfuð, meðalstórt
- 1/2 rauðlaukur, smátt saxaður
- 1 msk. cuminfrae
- 1 msk. karríduft
- 1 msk. kóríanderduft
- 1 dl fint saxað ferskt kóríander
- 1 dl ljósar rúsinur, lagðar í bleyti í 2 klst & smátt saxaðar
- 2 dl pecanhnetur, lagðar í bleyti í 2 klst & smátt saxaðar
- 1-2 tsk. sjávarsalt

Skerið blómkálsblómin af stönglinum & saxið mjög smátt eða rífið á grófu rífráminu í matvinnsluvélinni. Blandið allri uppskriftinni saman í stóra skál. Notið með allskonar réttum, kjöti, fiski, grænmetisréttum. Geymist í 2-3 daga í ísskápnum.

### BROKKOLÍKÆFA

- 2 dl brokkolíblóm, skorin í litla bita safinn úr 2 sítrónum eða lime
- 1/2 dl lífræn ólífuolía t.d. frá LaSelva
- 3 hvítlauksríf, pressuð eða fint söxuð
- 4 dl kasjúhnetur, lagðar í bleyti í 1-2 klst
- 1/2 búnt ferskt basil
- 1 tsk. sjávarsalt
- 1/4 tsk. svartur pipar
- vatn eða appelsínusafi til að þynna með

Byrjið á að skera brokkolíð í litla bita & setja í skál með sítrónusafa, ólífuolíu og hvítlauk & látið marinerast í 1-2 klst. Leggið kasjúhneturnar í bleyti – setjið þær í skál & látið vatn rétt fljóta yfir þær.

Setjið síðan allt í matvinnsluvél & blandið vel saman. Ef ykkur finnst kæfan of þykk er gott að þynna hana með vatni eða nýkrestum appelsínusafa. Notið sem kæfa á brauð eða kex, þynnið & notið sem idýfu, á reyktan lax eða parmaskinku sem forrétt.

### skipulag }



### Léttur bakstur

SKIPULAG BORGAR SIG Í ELDHÚSINU, EKKI SÍST VIÐ BAKSTURINN. Skipulag er lyklatríði í bakstri. Hér eru nokkur atriði sem gott að hafa á hreinu.

Setjið ristina á réttan stað í ofninum. Yfirleitt er best að hafa hana í miðjum ofninum.

Notið form af þeirri stærð sem er beðið um í uppskriftinni. Ef þú átt ekki nákvæmlega þá stærð er betra að nota aðeins stærra form frekar en minna og stytta þá bökunartímann aðeins.

Smyrðu formið áður en þú ferð að búa til deigið. Stundum er ráðlegt að nota bökunarpappír og þá þarf að sníða hann til eftir forminu. Látið egg, smjör og vökva ná stofuhita áður en hafist er handa við deiggerðina. Stofuheit egg verða loftkenndari og léttari í sér og smjórið mýkra og meðfærilegra.



# SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING\*

\*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.



Nánari upplýsingar á somi.is

### Veldu PB8 Sterkasti asidófilusinn!

PB8	14 milljarðar*
Solaray Multidolphius 12	10 milljarðar*
Now 8 Billion	8 milljarðar*
Solgar Multi Billion Dophilus	5 milljarðar*
Kyo-Dophilus Acidophilus 9	3 milljarðar*

\*Gerlar miðað við 1 hylki

Útsöluastaðir PB8: Árbæjarapótek • Yggdrasill • Maður Lifandi Laugarnesapótek • Ríma Apótek • Apótek Ólafsvíkur • Heilsuhúsið Heilsubúðin Njálsgötu

# GÓÐAR MED GRILLINU

**NÝTT FRÁ E.FINNSSON**

**VOGABÆR**

www.vogabaer.is sími 424 6525

# allt tilboð o.fl.

Lambanýru af nýslátruðu eru á góðu tilboði í Fjarðarkaupum þessa dagana. Kílóíð kostar aðeins 78 krónur en kostaði áður 198 krónur. Nýrun eru því á 60 prósentu afslætti. Tilboðið í Fjarðarkaupum gildir til 17. september.

# 60%

## SÖNGKENNSLA

Frábært 5 vikna söngnám. Fáðu útrás fyrir söng- og tjáningarpörf þína. Áhersla á raddbeltingu, öndun, framkomu, lagaval o.fl. Kenni í alvöru söngkerfi. Verð 14.900 kr.

### MIDSTÖÐ SÍMENNTUNAR

Sí: 585-5860 namstfokkar.hafnarfjordur.is

## GÍTARINN

Opö. Mán-Fös: 10-18 Lau: 11-18

**Þjóðlagagítar** Kr. 12.900,-  
**Rafmagnsgítar** Kr. 22.900,-  
**MAPEX Trommusett** Frá kr. 43.900,-  
**Klassískur Gítar** Kr. 10.900,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is



Jói Fel

**Hafrfitness að hætti Jóa Fel**

- fullar af trefjum og rúsinum

Kleppsvegi 152 | Opö mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00  
Smáralind | laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litra-verð	lækkun í %
K.S frosinn lambabógur	599	nýtt	599	
Sjófryst ýsa, roðlaus	599	699	599	15
Rækja, 1 flokkur	599	799	599	25
Bónus ís, 2 lítar	159	279	159	45
M.H. hvítlauksbrauð, 2 stk.	189	Nýtt	95	
Dirafrost frosin ber, 450 g	199	298	199	35
Finish uppþvottadúft, 1 kg	129	259	129	50
C&F uppþvottalögur, 500 ml	79	Nýtt	158	
Kofareykt folaldakjöt	479	599	479	20
Bónus eplasafti, 1 l	59	79	59	25
K.F. hrásalat, 350 g	98	159	280	40

Tilboðin gilda til 18. september

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litra-verð	lækkun í %
Lambalæri af nýslátruðu	848	1.098	848	20
Lambahryggur af nýslátruðu	978	1.198	978	20
Lamba súpkjöt, blandað	398	698	40	40
Lambalifur af nýslátruðu	148	265	148	45
Lambanýru af nýslátruðu	78	198	78	60
Lambahjörtu af nýslátruðu	178	365	178	50
Íslenskar gulrófur, ný uppskera	98	185	98	50
Íslenskt kínakál, ný uppskera	189	289	189	35
Íslenskar gulrætur, ný uppskera	169	398	169	60
Íslenskt hvítkál	98	169	98	40

Tilboðin gilda til 17. september

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litra-verð	lækkun í %
Lambahakk	499	899	499	45
Lambalærisneiðar úr miðlæri	1.298	1.598	1.298	20
Móa kjúklingur heill	399	598	399	35
Goða lifrarpýlsa soðin, 1 kg	489	698	489	30
Dalhoff, 7 tegundir, 340 g	149	199	373	25
Myllu samlokubrauð, 2 fyrir 1, 1.540 g	259	518	168	50
Jónagold epli	49	99	49	50
Sveppir frá Náttúru, 250 g	129	215	516	40
Grand italian spaghetti 500 g	69	89	138	20
Start músli 4 tegundir, 750 g	299	449	399	35

Tilboðin gilda til 21. september

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litra-verð	lækkun í %
Grísa hamborgarhryggur	798	1.498	798	45
Nautalundir, New Zealand	2.698	3.698	2.698	30
Samlokubrauð fin, 500 g	98	176	196	45
Samlokubrauð gróf, 500 g	98	176	196	45
Dreitill D-vítamínþætt mjólk, 1 l	48	79	48	40
Stoðmjólk, 500 ml	28	75	56	60
Fjörmjólk 1 l	68	98	68	30
Nýmjólk, 1 l	48	78	48	40
Léttmjólk 1 l	48	78	48	40
Undanrenna 1 l	48	83	48	40

Tilboðin gilda til 21. september

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litra-verð	lækkun í %
Fyrirtaks pizza 350 g	299	489	854	40
Móa kjúklingavængir, piri piri	454	699	454	35
Goða baconbúðingur	668	478	668	40
Gourmet villikryddað lambalæri	998	1.769	998	45
Bautabúrs nauta-lamba hakk	698	997	698	30
NN eldhúsrúllur hvítar, 2. stk.	99	Nýtt	50	
Krónu súkkulaðikex, 500 g	150	299	300	50
Mammoeft kex, 175 g	79	99	451	20
Happy choccos/white/kókos 200 g	99	159	495	40
Íslensk agúrka	48	69	48	30

Tilboðin gilda til 20. september

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litra-verð	lækkun í %
Kalkúnn frosinn	599	899	599	35
Ísfugls kalkúnastrimlar	699	998	699	30
New Orleans, BBQ svínaríf	1.084	1.549	1.084	30
Chicago town pizza m. pepperoní	349	499	349	30
Chicago town réttur f. örbylgjuofn, alfredo	299	NÝTT	299	
Myllan, brownie kaka	379	499	379	25
Myllu amerísk súkkul. & karmellubítakaka	99	128	99	20
Eldfugls kjúklinga nuggets	1.042	1.390	1.042	25
Coca cola light, 2 l	149	177	75	15
Ben & Jerry ís, allar teg.	499	749	499	35

Tilboðin gilda til 25. september

**GAMAN SAMAN.is**

## Útsala frá 40% afsláttur

**IL TUCANO**

Lífstílsverslun í miðbænum Tryggvagata 11, 101 Reykjavík

Sérverslun með húsgögn og gjafavöru

Sími: 534 6100

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



Ódýrir túlípanar í Blómavali.

## Kenwood kostar minna

Fáðu þér nýja hrærivél með gamla sniðinu.

Nú eru Heimilistæki með tilboðsdaga á hræri- og matvinnsluvélum. Góðu fréttirnar eru þær að nú er hægt að fá gömlu góðu Patissier-hrærivélarnar sem eru hágæða vélar í anda sígildrar breskrar hönnunar. Þessar vélar eru með fjögurra lítra skál úr ryðfríu stáli með handfangi, það koma með þrjár spaðar, hrærari, hnoðari og pískari. Hrærivélin fæst í rauðu og hvítu og er með tólf hraða 400 watta mótur. Hjá Heimilistækjum má finna fleiri tegundir af matvinnsluvélum, meðal annars hrærivélur með hakkavél og blandara. Tilboðin hjá Heimilistækjum gilda út þennan mánuð

svo nú er um að gera að hlaupa til og hefja svo baksturinn.

Patissier hrærivélur eru á tilboði



## Haustlaukar á hátíð

Útsölulok í Blómavali um helgina.

Tími haustlaukana er að renna sitt skeið og hver að verða síðastur að kaupa þá á tilboði. Blómaval býður upp á allskonar lauka á góðu verði. Til dæmis er hægt að fá 15 perluliljur á 99 krónur en þær kostuðu áður 399. Tíu blandaða krókusa má sömuleiðis fá á 99 krónur og mismunandi tegundir af túlípönum, tíu í pakka, kosta frá 129 krónum til 199.

Einnig eru öll pottablóm með fimmtíu prósentu afslætti þangað til útsölnni lýkur á sunnudaginn.

## Canon á góðu verði

Tölvulistinn býður upp á tilboð á Canon-vörum.

Þessa dagana eru sannkallaðir Canon-dagar í verslunum Tölvulistans. Ýmsar vörur frá Canon eru á góðu verði og hægt er að gera virkilega góð kaup. Í tölvulistanum er gott úrval af Canon-prenturum. Canon-iP4000 sem er vinsælasti ljósmyndaprentarinn er nú á sérstöku tilboði og kostar aðeins 12.900 krónur. Um er að ræða mjög góðan og hraðvirkan prentara sem prentar báðum megin á pappírinn og getur meira að segja prentað á geisladiska líka. Canon-iP5000 er einnig á góðu verði.

Tilboðunum í Tölvulistanum lýkur á morgun og því fer hver að verða síðastur. Verslanir Tölvulistans eru til húsa í Nóatúni 17 í Reykjavík, Glerárgötu 36 á Akureyri og Hafnar götu 90 í Keflavík.



Canon iP5000 kostar nú 16.900 krónur.



Sundföt sem passa

Gjafabréf

Gallery Freydis

ÍSLENSK HÖNNUN & FRAMLEIÐSLA  
Laugavegi 59 • 3. hæð Kjörgarði • 561 5588

# Eitt líf – njótum þess



Queen

152x203 cm.

Gafl

Botn

Lappir


Dýna

AÐEINS KR

134.900,-



THE NeverTurn MATTRESS



Viking Base



3 litir af botnum og SquareAlu færur



Signature Brown



Lady white



Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með íviherta stálgormakerfinu „Torsion II“. 806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm). Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%. 100% náttúruleg gæðaeefni. Laserskorin ConformaFoam yfirdýna. Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig á tilboði með gaflí og öllu tilheyrandi!

## Signature rúm með Spring Air heilsudýnu

Þrjár gerðir af göllum í boði (Signature, Lady og Viking), þrjár litir og þrjár stíflleikar á dýnu.

Ath! aukahlutir á myndum ekki innifaldir í verði.

### Tilboðsverð

#### Signature gafl, botn og Spring Air Natures Comfort heilsudýna

Heiti	Stærð	Verð kr
SIGNATURE NATURES COMF. Queen	153 x 203	134.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. Cal. King	183 x 213	164.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. King	193 x 203	164.900 kr



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16















## Hjúkrunarfræðingur

óskast til afleysinga á Heilsugæslustöðina í Búðardal nú þegar eða eftir samkomulagi. Ráðningarámi er til 1. september 2006.

Nánari upplýsingar veitir Ásgerður Jónsdóttir á Heilsugæslustöðinni í Búðardal eða í sínum 434-1113 og 434-1502.

## FASTEIGNIR

### HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400  
Hvaðhúðar Þesskt, Veggjarar Sættisgrónd

#### HB FASTEIGNIR KYNNA HEITAR EIGNIR

##### 2ja herbergja

Bergstaðastræti 53	verð 10,9
Krummahólar 8	verð 11,9
Rauðilækur 22	verð 10,9
Vífilsgrata 14	verð 21,5

##### 3ja herb

Hringbraut 52	verð 14,9
Hringbraut 52	verð 16,5
Öldugrandi 15	verð 19,9

##### Parhús

Klukkanirimi 2	verð 38,2
Klukkanirimi 4	verð 37,4

##### Landið

Greniteigur Keflavík	verð 20,0
Breiðamörk Hveragerði	verð 15,0
Breiðamörk do	verð 18,5

##### Stamphólsv Grindavík

Nýtt fjölb 22 íbúðir  
Miðtún 7 Self einbýli m/ aukaíbúð í útleigu verð 31,4



Vantar allar teg eigna. • nánari uppl. gefur Kári Kort • sími 892 2506

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2005, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2005 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2005, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. ökmælum, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ógreiddar barnabætur og ógreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdraginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2005.

Tollstjórinn í Reykjavík

Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Sýslumaðurinn á Patreksfirði  
Sýslumaðurinn á Hólmavík  
Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Sýslumaðurinn á Blönduósi  
Sýslumaðurinn á Akureyri  
Sýslumaðurinn á Húsavík  
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði

Sýslumaðurinn á Höfn  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Sýslumaðurinn í Vík  
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli  
Gjaldheimta Vestfjarða  
Gjaldheimta Austurlands  
Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum

## AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga  
á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði  
Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.

60%

Fréttablaðið

37%

Mbl.

Lestur sunnudaga\*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna



\*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

## Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:



550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

# Gengið um slóðir Einars Ben í Heiðmörk

Einar Benediktsson, skáld og athafnamaður, fæddist á bænum Elliðavatni í Heiðmörk árið 1864. Klukkan 11 árdegis á laugardag stendur Skógrækt Reykjavíkur fyrir áhugaverðri fræðslugöngu út úr bænum en fyrir göngunni fer Guðjón Friðriksson sagnfræðingur sem hefur skrifað ævisögu Einars í þremur bindum. Hann segir frá foreldrum Einars, þeim Benedikt Sveinssyni alþingismanni og konu hans Katrínu Einarsdóttur. „Það



GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON

voru mikil átök í þessari fjölskyldu,“ segir Guðjón, en móðir Einars hljóp frá manni sínum en Einar varð eftir hjá föður sínum. Benedikt átti jörðina Elliðavatn og bjó þar á árunum 1861 til 1874. Gamla steinhúsið sem hann lét

reisa stendur enn. Vera fjölskyldunnar á Elliðavatni varð söguleg en Benedikt stóð í mörgum stórræðum á þessum árum, meðal annars áveituframkvæmdum og stofnun prentsmiðju þar. Hann seldi jörðina 1876 en keypti hana aftur 1893 en eftir dauða hans komst hluti hennar í eigu Einars. Guðjón hefur komist að skemmtilegri staðreynd með þennan eignarhluta skáldsins í jörðinni. „Sá hluti gekk upp í félag



BÆRINN ELLIÐAVATN Fæðingarstaður Einars Benediktssonar.



EINAR BENEDIKTSSON

sem hann stofnaði í London. Þessi landspilda er ennþá skráð á þetta félag en það var leyst upp árið 1930 og samkvæmt breskum lögum renna eigur þess til krúnunnar. Þannig að Breta-

drottning á þarna hluta í landi,“ segir Guðjón kíminn en telur þó að drottningin hafi ekki hugmynd um þessar eigur sínar.

Guðjón lumar á mörgum slíkum sögumolom og því má gera ráð fyrir fræðandi og skemmtilegri upplifun fyrir gesti göngunnar en allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.



FRETTLABÍÐ/JOHANNES LONG

## BRÚÐHJÓN

Þann 2. ágúst síðastiðinn voru gefin saman í kirkjunni í Árbæjarsafni af séra Kristni Á. Friðfinnssyni, brúðhjónin **Heidrun Elise Boettcher** og **Guðmundur Rúnar Sigfússon**.

## ANGLÁT

**Halldór Hjálmar Halldórsson**, Bogahlíð 24, Reykjavík, lést á heimili sínu fimmtudaginn 8. september.

**Bjarki A. Unnsteinnsson**, frá Reykjum í Ölfusi, Bárugötu 19, lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 12. september.

**Ósk Snorradóttir**, frá Hlíðarenda í Vestmannaeyjum, lést þriðjudaginn 13. september.

**Sigurlaug Barðadóttir**, Vogatungu 55, Kópavogi, andaðist á líknardeild Landakotspítala þriðjudaginn 13. september.

**Sæmundur Jónsson**, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést þriðjudaginn 13. september.

## JARÐARFARIR

- 11.00 **Geir Þorsteinsson**, verkfræðingur, verður jarðsungið frá Langholtskirkju.
- 11.00 Minningarathöfn **Guðrúnar Sigríðar Hafliðadóttur**, Álfamýri 41, Reykjavík, verður í Háteigskirkju. Útför fer fram frá Oddakirkju á Rangárvöllum kl. 14.00.
- 13.00 **Gunnar Jónsson**, Aratúni 26, Garðabæ, verður jarðsungið frá Fossvogskirkju.
- 13.30 **Einar Þór Arason**, Grænási 1b, Ytri-Njarðvík, verður jarðsungið frá Keflavíkurkirkju.
- 13.30 **Elisabet Jónsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, verður jarðsungið frá Akureyrarkirkju.
- 13.30 **Fríðmey Guðmundsdóttir**, frá Bildsfelli, Grafningi, verður jarðsungið frá Sel-fosskirkju.
- 15.00 **Ríkey Kristín Magnúsdóttir**, áður til heimilis á Mánagötu 18, Reykjavík, verður jarðsungið frá Áskirkju.
- 15.00 **Sigurður Ármann Höskuldsson**, múrarameistari, Blikahólum 8, Reykjavík, verður jarðsungið frá Bústaðakirkju.
- 15.00 **Þórunn Guðmundsdóttir**, Nóatúni 15, Reykjavík, verður jarðsungið frá Laugarneskirkju.

## AFMÆLI




**Ómar Ragnarsson** fréttamaður er 65 ára.



**Jón Ársæll Þórðarson** sjónvarpsmaður er 55 ára.



**Lára Stefánsdóttir** danshöfundur er 43 ára.



**Hrannar Björn Arnarsson** sölu-stjóri er 38 ára.



**Atli Rafn Sigurðarson** leikari er 33 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletur-dákkinn hér að ofan má senda á netfangið [timamot@frettbladid.is](mailto:timamot@frettbladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettbladid.is](mailto:auglysingar@frettbladid.is) eða hringja í síma 550 5000.

FUJITSU COMPUTERS  
SIEMENS



### SKJÁR Fujitsu Siemens 17" Silverline

Upplausn: 1280 x 1024  
Birtustig: 500:1  
Viðbragðstími: 8ms  
Innbyggðir hátalarar  
Hæðarstillanlegur  
VGA/DVI

Verð: 34.700 kr.

### TÖLVA Fujitsu Siemens Scaleo T

AMD Athlon™ 64 3700+  
1GB DDR minni  
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA  
ATI RADEON X700SE 256MB VIVO og DVI  
DVD ± R/RW Dual Layer  
DVD-ROM, tvö aðskilin drif  
MediaBay kortalesari  
10/100 netkort, þráðlaust netkort 54Mbps  
1x PCI-Xpress, 3x PCI,  
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire  
6 rása hljóðstýring, nettir hátalarar  
Þráðlaust íslenskt lykilorð og mús  
Windows XP Home SP2  
Microsoft Works 8.0  
Norton Internet Security  
Nero Express 6  
WinDVD  
2 ára ábyrgð

Verð: 119.700 kr.

ÓSIGRANDI PAR

Besta lausnin er alltaf fólgin í sterkri heild

Tæknival er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Fujitsu Siemens á Íslandi

Tæknival  
– sterk heild

SAMSTARFSADILAR:  
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - [www.penninn.is](http://www.penninn.is)  
Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - [tvest@simnet.is](mailto:tvest@simnet.is)  
Netheimar - Ísafjörður - [www.netheimar.com](http://www.netheimar.com)  
Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - [www.eyjatolvur.com](http://www.eyjatolvur.com)  
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - [tv@mi.is](mailto:tv@mi.is) / Tækja- og tölvubúðin - Ólafsvík  
Martólvan - Höfn í Hornafirði - [www.martolva.is](http://www.martolva.is)

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 [www.taeknival.is](http://www.taeknival.is)







# EKKI

# GERA

# ÞAÐ Í DAG

SEM ER MIKLU ÓDÝRARA Á MORGUN!

## INGVAR HELGASON BÝÐUR NOTAÐA BÍLA MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI

Kíktu til okkar um helgina og við finnum örugglega bílinn handa þér, á verði sem nær ekki nokkurri átt! Í dag erum við að lækka verðið á öllum notuðum bílum - oft um heil 40% - og á morgun og hinn ætlum við að selja þá eins og heitar lummur.







**HVER FER NIÐUR?** Völsungar eða Haukar eiga á hættu að falla úr 1. deildinni í kvöld.

Lokaumferð 1. deildar í kvöld:

## Víkingur nánast öruggur

**FÓTBOLTI** Lokaumferð 1. deildar karla fer fram í kvöld. Fallbaráttan er æsispennandi, fimm lið geta fylgt KS niður í 2. deild en úrslitin á toppnum eru næstum ráðin, Breiðablik er búið að vinna deildina og að öllum líkindum fylgja Víkingar þeim upp í efstu deild en þeir eru í afar góðri stöðu í öðru sæti deildarinnar, þremur stigum á undan KA og eiga 11 mörk á þá í markatölu.

Aðalspennan er eins og áður segir í fallbaráttunni. Völsungur, Haukar, Víkingur Ólafsvík, Fjölnir og HK geta öll fallið en þó eru Völsungar og Haukar í áberandi verstu stöðunni. Völsungar eru næstneðstir með 16 stig, stigi á eftir Haukum. Völsungar mæta Víkingum í Fossvoginum og Haukamenn halda norður og mæta KA. Takist Völsungi að ná jafntefli gegn Víkingum og tapi Haukar gegn KA eru Völsungar uppi á hagstæðara markahlutfalli.

Leikir kvöldsins eru eftirfarandi; Víkingur R. – Völsungur, KA-Haukar, HK-Breiðablik, Víkingur Ó – Þór og KS – Fjölnir.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

13 14 15 16 17 18 19

#### Föstudagur

##### LEIKIR

- 17.30 Víkingur og Völsungur mætast í Víkinni í 1. deild karla.
- 17.30 KA tekur á móti Haukum á Akureyrarvelli í 1. deild karla.
- 17.30 KS og Fjölnir mætast á Siglufjarðarvelli í 1. deild karla.
- 17.30 HK og Breiðablik eigast við á Kópavogsvelli í 1. deild karla.
- 17.30 Víkingur Ólafsvík tekur á móti Þór í 1. deild karla.
- 20.15 Stjarnan og Grindavík mætast í Ásgarði í Garðabæ í Reykjanesmótinu í körfuknattleik karla.

##### SJÓNVARP

- 07.00 Olissport á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 9.00 og svo aftur klukkan 17.30.
- 17.40 Gillette-sportpakinn á Sýn.
- 18.00 Upphitun á Skjá einum.
- 18.05 Ensku mörkin á Sýn.
- 18.35 Enski boltinn á Sýn. Leikur Preston og Stoke City sýndur beint.
- 20.35 Meistaradeild Evrópu á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- 21.00 Motorworld á Sýn.
- 21.30 World Supercross á Sýn.
- 22.25 Enski boltinn á Sýn. Leikur Preston og Stoke City.
- 00.05 Hnefaleikar á Sýn. Erik Morales og M.A. Barrera mætast í hringnum.

Valsstúlkur unnu serbnesku meistarana í Nis 3-0 í gær í öðrum Evrópuleik sínum út í Svíþjóð:

## Eru einum leik frá átta liða úrslitum Evrópukeppninnar

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur unnu serbnesku meistarana í Nis 3-0 í öðrum leik sínum í 2. umferð Evrópukeppni kvenna í knattspyrnu sem fram fór í Stokkhólmi í gær. Raket Logadóttir skoraði fyrsta markið en Margrét Lára Viðarsdóttir bætti síðan við tveimur fallegum mörkum. Öll mörk Valsliðsins komu í seinni hálfleik.

„Ég er mjög ánægð með seinni hálfleikinn en fyrri hálfleikurinn var alveg hrikalegur. Það þurfti bara svolítið spennufall hjá liðinu eftir svekkelsið í fyrsta leiknum. Við vorum líka að spila svo ólíka taktík frá því í leiknum gegn Svíunum, frá því að verjast á öllu liðinu í það að sækja á öllu liðinu,“ sagði þjálfarinn Elísabet Gunn-

arsdóttir eftir leik en hún hefur haft í nógu að snúast að svara fjölmörgum fyrirspurnum sænskra fjölmiðlamanna um hvernig Íslendingar geti búið til svo gott kvennalið.

„Sviarnir elta mann á röndum og eru alveg gáttaðir á þessu liði frá Íslandi. Eg var líka í viðtali við sænska sjónvarpið hérna áðan og þar hvíslaði umsjónarmaðurinn að mér að ef við kæmumst áfram myndum við spila við Evrópu-meistara Potsdam og það væri geðveikt gaman að fá þetta stórlíð til Íslands. Það er annars skemmtileg reynsla að spila þessa leiki og allt öðruvísi en stelpurnar eru vanar. Þetta verður erfitt á laugardaginn en við ætlum okkur



**SEX MÖRK Í FJÓRUM LEIKJUM** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorad sex mörk í fjórum Evrópuleikjum sínum með Val í ár og alls 30 mörk í 20 leikjum í deild, bikar og Evrópukeppni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

að klára þetta,“ sagði Elísabet. Valsliðið spilar úrslitaleik við Alma frá Kasakstan á laugardag-

inn og í boði í þeim leik er sæti í átta liða úrslitum Evrópukeppni kvenna í fótbolta. -ooj

# LÁTTU PÉR BREGÐA

## HRIKALEGT SPENNUTILBOÐ

# NIGHT WATCH

FYRSTI HLUTINN Í EPÍSKUM FANTASÍU PRÍLEIK

# НОЧНОГО ДОЗОРА

**MISSIÐ EKKI AF ÞESSARI!**  
**“NIGHT WATCH IS F\*\*\*ING COOL!”**  
 -TARANTINO

**MED HVERJU SELDU EINTAKI AF GOTHIKA, BRAM STOKER'S DRACULA EÐA ALIEN VS. PREDATOR FYLGIR BÍOMIDI Á NIGHT WATCH!**

1.299

1.299

1.299

BT



ÚR SPORTINU

William Gallas, varnarmaður Chelsea, segir að hann muni ekki skrifa undir nýjan samning við félagið nema hann fái stóra kauphækkun. Gallas, sem á tvö ár eftir af núverandi samningi sínum við félagið, er sem stendur með um 35 þúsund pund á viku í laun, sem er mun minna en aðrir fastamenn í liðinu fá borgað. Chelsea vill halda Gallas til ársins 2009 hið minnsta en leikmaðurinn sjálfur vill vera settur í sama flokk og þeir John Terry og Frank Lampard sem fá um 90 þúsund pund á viku. Ekki er talið líklegt að sá franskí fái þau markmið í gegn en vitað er að Liverpool, Arsenal og Barcelona hafa öll áhuga á að fá hann í sínar raðir.

Norskið miðjumaðurinn Eirik Bakke, sem nýverið var lánaður til Aston Villa frá Leeds út tímabilið, kveðst ódum vera að nálgast það form sem hann þarf til að spila fyrir aðallið félagsins. Bakke hefur verið mikið meiddur undanfarnin ár en spilaði sinn fyrsta leik í treyju Villa með varaliðinu gegn Manchester City í fyrradag. „Ég spilaði í 55 mínútur og fann ekki fyrir neinu svo að það er góðs viti. En ég þarf fleiri leiki með varaliðinu áður en ég fer að gera tilkall til sætis í aðalliðinu,“ segir Bakke.

Real Madrid hefur mikinn áhuga á að kaupa franska miðjumanninn Claude Makelele af Chelsea þegar leikmannagugginn opnast að nýju í janúar, að sögn Carlos Queiroz, fyrrverandi stjóra Real og núverandi aðstoðarþjálfara Manchester United. Makelele var einmitt seldur frá Real til Chelsea fyrir nokkrum árum og hefur reynt lykilmáður í hinni miklu uppsveiflu sem Chelsea hefur verið í undanfarnin ár. „Í fyrsta lagi þarf Real á manni eins og honum að halda, í öðru lagi er Real eitt af fáum liðum sem fengju hann í burtu frá Chelsea, og í þriðja lagi yrði lífið fyrir okkur hjá Man. Utd. auðveldara þegar Makelele væri ekki í liði Chelsea,“ segir Queiroz, sem hefur enn sambönd í innsta hring hjá Real þrátt fyrir að hafa verið rekinn frá félaginu eftir eitt ár í starfi árið 2003.

Birgir Leifur Hafþórsson, kyllingur úr GKG, lauk keppni á einu höggi undir pari á fyrsta keppnisdegi Áskorendamóts sem fram fer í Rotterdam í Hollandi. Birgir Leifur lék á 71 höggi, fékk fjóra fugla, þrjá skolla og ellefu pör.

John Terry, fyrirlíði Chelsea, lofar því að leikur liðsins muni batna í næstu leikjum og viðurkennir að frammistaðan hafi ekki verið upp á það besta í upphafi tímabilsins, þrátt fyrir að liðið sé með fullt hús stiga í úrvalsdeildinni það sem af er. „Við erum ekki búnir að finna taktinn ennþá þó að úrslitin hafi verið að detta fyrir okkur. Sem einstaklingar finnst mér við hafa verið að standa okkur vel en það vantar nokkuð upp á liðsheildina. En ég er sannfærður um að leikur okkar verði betri í næstu leikjum og þá munum við skora fleiri mörk.“

Þá segir Terry að Chelsea ætli sér það ná fram hefndum gegn Liverpool í viðureign liðanna í Meistaradeildinni í lok mánaðarins. Þá mætast liðin á Anfield, en það var einmitt Liverpool sem sló Chelsea út í undanúrslitum keppinnar á síðasta ári. „Það var hræðilegt kvöld fyrir alla sem koma að félaginu. Leikurinn í næstu umferð er okkar tækifæri til að sýna almenningi hvort liðið er betra og ná að hefna okkar,“ segir Terry.

# Evrópska mótaröðin í Þorlákshöfn?

Svo gæti farið að bestu kyllingar heims fari að keppa í Þorlákshöfn á næstu árum. Golf ehf. undirbýr byggingu á nýjum alþjóðlegum golfvelli í bænum sem verður tilbúinn eftir 3-4 ár.

**GOLF** Stórhuga golfáhugamenn með Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur, í broddi fylkingar, hafa stofnað nýtt félag, Golf ehf., sem undirbýr byggingu golfvallar á heimsmælikvarða í Þorlákshöfn. Þegar er búið að skrifa undir viljayfirlýsingu við sveitarfélagið Ölfus um leigu á 300 hektara svæði við Þorlákshöfn undir völlum.

Margeir segist hafa gengið með þessa hugmynd í maganum í mörg ár. Hann vinnur að því að fá fjárfesta í lið með sér auk þess sem hann hefur ráðið heimspæktan golfvallarhönnuð til þess að teikna völlum. Hann vill þó ekki gefa upp nafn hans að svo komnu máli.

„Þetta er allt í vinnslu og er gríðarlega spennandi dæmi, vægast sagt. Það hefur lengi verið talað um það að byggja alvöru golfvöll á Íslandi. Nú eru menn tilbúnir í þetta og undirbúningur í fullum gangi,“ segir Margeir.

Í Þorlákshöfn eru kjöraðstæður fyrir strandvöll í hæsta gæðaflokki sem gæti hýst golfmó-

atvinnumanna. Margeir neitar því ekki að þar er horft til evrópsku mótaráðarinnar. Stefnt er að því að golfvöllurinn verði tilbúinn 2008 eða ári síðar og þá er spurning hvort fremstu kyllingar heims, á borð við Colin Montgomerie, Ernie Els, Retief Goosen og fleiri snillingar mæti á strandvöllinn í Þorlákshöfn til þess að spila í evrópsku mótaröðinni. Samhliða völlum verður byggt æfinga- aðstaða, golfskáli og gístaðstaða, einnig á vegum Golf ehf.

Í Þorlákshöfn er nú þegar fyrir golfvöllur sem nýlega var stækkaður í 18 holur og er lengst golfvöllur landsins. Golf ehf. hyggst einnig taka að sér rekstur hans og hafa því tvo 18 holu velli í hæsta gæðaflokki. Ljóst er að mörg ný störf verða til með byggingu golfvallarins í Þorlákshöfn.

„Þar sem sól skín á svartan sand myndast auðvitað hiti og þess vegna er þetta stórkostlegt land undir golfvöll. Það stýttist í að við getum upplýst meira um fyrirætlanir okkar,“ sagði Margeir.

thorsteinn@frettabladid.is



GLÆSILEGT SVÆÐI Á þessari mynd sést hluti svæðisins þar sem völlumun mun verða en nálægðin við sjóinn ætti að heilla alla sem þar spila.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI



**HYUNDAI**  
hefur gæðin

## Hyundai Terracan

náttúrulega góður

„Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn verður að vera sterkbyggður og kraftmikill, með góða torfæruháefni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur. Ekki vill maður verða strandaglópur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.“

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til.  
Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga.”

Ásmundur Guðnason, fjallagarpur  
Kristín Ásmundsdóttir, fjallahnáta



Terracan GLXA 2900 CRDi diesel, beinskiptur.  
Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða miðstöð.  
Verð kr. 3.650.000  
Bilasamningur kr. 37.998 á mánuði m.v. 30% útborgun.  
Við staðgreiðum þann gamla.\*

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bilasala Akureyrar sími 461 2533 • Bilás Akranesi sími 431 2622 • SG Bilar Reykjanesbæ sími 421 4444  
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalagan Hvammstanga sími 451 2230

# SMS ÁSKRIFT Á TÓNLIST.IS



## SMS áskrift á Tónlist.is

Ný áskriftarleið fyrir þá sem ekki nota kreditkort. Sendu eitt SMS og þú ert kominn í áskrift.

Fáðu þér aðgang að stærsta tónlistarvef landsins fyrir aðeins **398 krónur** á viku!

Kynntu þér málið á [www.tonlist.is](http://www.tonlist.is)



TÓNLIST.IS

# Leikið á nýjum Laugardalssvelli næsta sumar

Miklar breytingar verða gerðar á þjóðarleikvangi Íslendinga í vetur en völluminn mun taka tíu þúsund manns í sæti næsta sumar. Framkvæmdirnar kosta rúman milljarð króna.

**FÓTBOLTI** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Eggert Magnússon, formaður KSÍ, skrifuðu í gær undir samning um uppbyggingu og endurbætur á þjóðarleikvangi Íslendinga, Laugardalssvelli. Samkvæmt samningnum mun Reykjavíkurborg leggja til 398 milljónir króna í verkið. Ríkið leggur til 200 milljónir króna en KSÍ kemur með 440 milljónir króna sem að mestu eru fengnar í styrkjum frá UEFA og FIFA. KSÍ hefur því úr rúnum milljarði að spila í framkvæmdirnar.

„Verkið verður boðið út á sunnudaginn,“ sagði kampakátur formaður KSÍ, Eggert Magnússon, við Fréttablaðið í gær en framkvæmdir hefjast væntanlega daginn eftir úrslitaleikinn í VISA-bikarkeppni karla. Nýr Laugardalsvöllur verður svo tilbúinn þegar knattspyrnuvertíðin hefst næsta sumar. Laugardalsvöllur rúmar í dag 7.000 áhorfendur en eftir að framkvæmdunum lýkur mun hann taka tíu þúsund manns í sæti.

### Gamla stúkan stækkuð

Gamla stúkan verður stækkuð til norðurs og suðurs og enn fremur verða sett ný sæti fyrir framan stúkuna og mun hún því ná niður að hlaupabraut. Þessi breyting mun skila 2600 nýjum sætum.

**MIKIL BREYTING** Svona mun gamla stúkan líta út eftir breytingarnar.



**ALLIR SÁTTIR AÐ LOKUM** Eggert Magnússon, formaður KSÍ, hefur sótt það grimmt um árabíl að fá peninga í verkefnið og hann var sáttur ásamt borgarstjóranum eftir undirskriftina í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Þær breytingar verða einnig á gömlu stúkuni að nýbygging

verður byggð við hana þar sem starfsemi KSÍ flyst. Einnig verða gerðar endurbætur á snyrti- aðstöðu og umbætur verða gerðar á aðgengi fatlaðra að vellinum.

„Þetta er stór dagur fyrir knattspyrnufólk almennt. Það verður að vera til einn leikvangur sem stenst samanburð við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Laugardalsvöllur er því miður langt frá því að standast samanburð við þessi velli í dag,“ sagði Eggert sem er búinn að berjast fyrir þessum breytingum á vellinum síðan árið 2002.

henry@frettabladid.is

## Fjölögum liðum og lengjum Íslandsmótið



**UTAN VALLAR**  
ÍSLENSKI BOLTINN OG  
FRAMTÍÐ HANS.

**ÞORSTEINN GUNNARSSON**  
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Á morgun, 17. september, fer lokaumferðin fram í Landsbankadeild karla í knattspyrnu, nákvæmlega fjórum mánuðum eftir að mótið hófst en þar verður fallbaráttan í hávegum. Þetta er líklega stýsta knattspyrnuvertíð Evrópu, að baki henni liggur 7 til 8 mánaða undirbúningsvinna og finnst flestum nóg um. Í efstu deild karla hefur verið 10 liða deild síðan 1977 eða í 28 ár. Þær raddir verða sífellt háværari að nú þurfi bæði að fjölga liðum í efstu deildum knattspyrnunnar úr 10 í 12 og hefja Íslandsmótið fyrir.

Á síðasta ársþingi KSÍ var samþykkt að setja á fót nefnd sem skyldi skoða hvað þyrfti að gera til þess að bæta ástand grasvalla svo hægt væri að lengja Ís-

landsmótið og þá helst að hefja það fyrir, eða mánaðamótin apríl/máí. Nefndin hefur aðallega skoðað þrjá þætti að sögn formanns hennar.

Í fyrsta lagi að setja hitalagnir undir grasvellina, í öðru lagi að setja gervigras á alla aðalvelli og í þriðja lagi að hafa náttúrulegt gras með ísamuðu gervigrasi á slitflötum.

Þessar tillögur þarf að vege og meta og eflaust misjafnt hvað hentar hverju liði og reyndar eru víða náttúrulegir grasvelli tilbúnir til notkunar í lok apríl og

þar þyrfti lítið að gera. Kostnaður við endurbætur er misjafn og fellur vitanlega á bæjarfélögin en sum þeirra hafa lagt í töluverðan kostnað til þess að bæta áhorfendaaðstöðu, samkvæmt kröfu KSÍ, auk þess að byggja glæsilegar knattspyrnuhallir víða um land.

Þetta verður væntanlega helsta hitamálið á næsta ársþingi í febrúar 2006. Þar eiga aðildarfélögin í landinu síðasta orðið og ef þeim er virkilega alvara með því að fjölga í efstu deildum og lengja Íslandsmótið að þá ættu þau að láta slag standa og samþykkja slíkt á ársþinginu. Aðlögunartími gæti verið tvö ár og því gæti 12 liða deild hafist í lok apríl 2008.

Framkvæmdum við uppbyggingu Laugardalsvallar á að ljúka haustið 2006. Auk þess að stækka stúkuna ætla KSÍ að byggja yfir sig kennslu- og fræðslumiðstöð ásamt skrifstofuhúsnæði sem var löngu sprungið. Það ætti því að fara vel um Eggert og félagi næsta haust. Þar sem þessi stóri áfangi er í höfn ætti að gefast góður tími til þess að skoða innri málefni knattspyrnuhreyfingarinnar í kjölfarið. Lenging Íslandsmótsins og fjölgun liða er nauðsynlegt skref fyrir framþróun fótboldans á Íslandi.



ÚR SPORTINU

Ross Brown, yfirmaður tæknimála hjá liði Ferrari í Formúlu 1, segir að hönnun Ferrari 2005 bílsins hafi mistekist hrapallega og að Bridgestone-dekkin hafi ekki náð þeim árangri sem ætlast var til af þeim. „2005-bíllinn okkar er verri en 2004-bíllinn en á sama tíma smíðuðu keppinautar okkar bíla sem eru mun betri en þeir notuðu í fyrra. Í því liggur munurinn á árangri Ferrari í ár og í fyrra,” segir Brown en Ferrari hefur aðeins unnið eitt mót það sem af er tímabilsins.



Frakkinn ungi hjá Liverpool, Florent Sinama Pongolle, segist vera rétti maðurinn til að leysa vandamál liðsins á hægri vængnum, en þá stöðu leysti Pongolle með miklum sóma gegn Real Betis í Meistaradeildinni fyrr í vikunni. „Ég var beðinn um að spila þessa stöðu, þótt hún sé ekki mín kjörstaða, og það gerði ég með glöðu geði. Mig langar að læra að spila þessa stöðu því að stjórnin er augljóslega að leita af einhverjum sem getur spilað þarna. Mér leið vel og staðan hentar mér ágætlega þar sem ég er góður maður gegn manni og get sent ágæta bolta fyrir markið,” segir Pongolle eða „Flo“ eins og hann er nefndur í Liverpool.



„Ég var beðinn um að spila þessa stöðu, þótt hún sé ekki mín kjörstaða, og það gerði ég með glöðu geði. Mig langar að læra að spila þessa stöðu því að stjórnin er augljóslega að leita af einhverjum sem getur spilað þarna. Mér leið vel og staðan hentar mér ágætlega þar sem ég er góður maður gegn manni og get sent ágæta bolta fyrir markið,” segir Pongolle eða „Flo“ eins og hann er nefndur í Liverpool.

Dave Whelan, stjórnarformaður Wigan, segir að enska knattspyrnusambandið skorti kjarkinn sem þurfi til að reka Sven-Göran Eriksson úr starfi landsliðsþjálfara. Whelan er ekki hræddur við að láta skoðanir sínar ljós og kveðst sjálfur mundu hafa fyrir löngu verið búinn að reka Svíann knáa. „Það er augljóst að sambandið þorir einfaldlega ekki að reka hann. Hann hefur fengið sín tækifæri og ekki staðið sig sem skyldi. Það ætti að vera búið að skipta honum út,” segir Whelan.



Nýsjálenski kylfingurinn Michael Campbell, sem bar sigur úr býtum á Opna bandaríska meistaramótinu fyrr á þessu ári, er hneykslaður yfir því að enginn bandarískur kylfingur skuli vera á meðal keppenda á heimsmeistaramótinu í holukeppni sem hófst í gær. Sigurvegari mótsins fær eina milljón punda í verðlaunafé, sem er hæsta fjárhæð sem veitt er fyrir stakt mót á árinu. „Það er mikil synd að kylfingar á borð við Tiger Woods og Phil Michelson skuli ekki hafa áhuga á að spila á mótinu og sorglegt fyrir styrktaraðila þess,” segir Campbell. „Það er verið að keppa um miklar upphæðir og það að stærstu nöfnin skuli ekki hafa áhuga er illskiljanlegt. Þessi framkoma er golfinu ekki til framdráttar,” segir Campbell.

Úrvalsdeildarlið ÍR í körfuboltanum hefur samið við slóvenska miðherjann Ales Zivanovic um að spila með liðinu í vetur en hann lék með liði KFÍ veturinn 2000-2001 og skoraði þá 15,9 stig og tók 7,9 fráköst að meðaltali í leik. Zivanovic er sem tröll að burðum; 210 sentimetrar á hæð og 119 kíló. Áður höfðu Breiðhlytningar samið við Theo Dixon frá Bandaríkjunum og tefla því fram tveimur erlendum leikmönnum á komandi leiktíð. Zivanovic lék með Alytaus Alita í litháensku deildinni og var þar með 12,5 stig og 5,4 fráköst í leik en hann hefur leikið bæði í Slóveníu og Portúgal eftir að hann útskrifaðist frá háskólanum á Hawaii. Ég vona að hann verði happafengur fyrir okkur því við þurfum að styrkja okkur inni í teig,” sagði Þorgeir Einarsson, formaður ÍR, um nýja leikmanninn sem spilar væntanlega sína fyrstu leiki fyrir ÍR á Greifamótinu um helgina.

Úrvalsdeildarlið ÍR í körfuboltanum hefur samið við slóvenska miðherjann Ales Zivanovic um að spila með liðinu í vetur en hann lék með liði KFÍ veturinn 2000-2001 og skoraði þá 15,9 stig og tók 7,9 fráköst að meðaltali í leik. Zivanovic er sem tröll að burðum; 210 sentimetrar á hæð og 119 kíló. Áður höfðu Breiðhlytningar samið við Theo Dixon frá Bandaríkjunum og tefla því fram tveimur erlendum leikmönnum á komandi leiktíð. Zivanovic lék með Alytaus Alita í litháensku deildinni og var þar með 12,5 stig og 5,4 fráköst í leik en hann hefur leikið bæði í Slóveníu og Portúgal eftir að hann útskrifaðist frá háskólanum á Hawaii. Ég vona að hann verði happafengur fyrir okkur því við þurfum að styrkja okkur inni í teig,” sagði Þorgeir Einarsson, formaður ÍR, um nýja leikmanninn sem spilar væntanlega sína fyrstu leiki fyrir ÍR á Greifamótinu um helgina.



CARLOS QUEIROZ Lá undir mikilli gagnrýni á sínum tíma hjá Real og hrökklaðist burt á endanum.

Carlos Queiroz, aðstoðarþjálfari Man. Utd.:

Ég stóð mig vel hjá Real

FÓTBÓLTI Carlos Queiroz, fyrrverandi knattspyrnustjóri Real Madrid en núverandi aðstoðarmaður Alex Ferguson hjá Manchester United, segir að hann hafi staðið sig vel með lið Real á sínum tíma. Queiroz þjálfaði spænska stórveldið á árunum 2003-2004 þegar liðið endaði í fjórða sæti deildarinnar, sem var verst árangur liðsins í áratuðir.

Queiroz, sem var vikið frá störfum eftir tímabilið, sneri aftur í stöðu aðstoðarþjálfara hjá Manchester United.

„Síðan ég var rekinn hefur félagið heldur ekki unnið neitt. Og miðað við hvað leikmannahópurinn hefur styrkst frá því að ég fór má segja að ég hafi unnið krafta-

verk með liðið. Ég hafði afar lítinn leikmannahóp og engin fjárráð svo að fjórða sætið var mjög viðunandi,” segir Queiroz og bendir á að þeir fjórir þjálfarar sem hafi verið með liðið á eftir honum hafi heldur ekki náð neinum árangri.

„Ég er sjálfstæður þjálfari og tók ákvarðanir sem ég einn taldi að liðinu væru fyrir bestu. Þess vegna var ég rekinn – því að yfirmenn félagsins fengu ekki að skipta sér af mínum aðferðum,” segir Queiroz, sem er í miklum metum á Old Trafford en Sir Alex Ferguson er talinn vilja sjá Portúgalann taka við er hann lætur af störfum sem knattspyrnustjóri.

- vig

AÐEINS 3 DAGAR EFTIR

ÚTSÖLULOK

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

ÚTSÖLULOK UM HELGINA ENN MEIRI AFSLÁTTUR

LÍTTU Á ÞESSI TILBOÐ!

- Rafmagnskerrur - 50% afsláttur - verð frá 14.950
- Fatnaður - allt að 80% afsláttur
- Fara golfskór - allt að 50% afsláttur - verð frá 2.950.-

OG SVO ENN FLEIRI ÓTRÚLEG TILBOÐ

OPNUNARTÍMI YFIR HELGINA

FÖSTUDAGINN: 10:00 - 19:00  
 LAUGARDAGINN: 10:00 - 16:00  
 SUNNUDAGINN: 12:00 - 16:00

Opnunartími:  
 Mán - fös.....10 - 18  
 Laugardaga.....10 - 16  
 Sunnudaga.....LOKAÐ

Hole in One  
 GOLFVERSLUN

Hole in One • Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • Sími: 577 4040 • www.holeinone.is

kaldafljús 2005



## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**VELKOMIN Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

– Leikárið kynnt með leik, söng og dansi. Fös 16/9, lau. 17/9.

*Allir velkomnir!*

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**

Sun. 18/9 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 25/9 kl. 14:00, sun. 2/10 kl. 14:00, sun. 9/10 kl. 14:00

**EDITH PIAF**

Sun. 18/9 örfá sæti laus, fim. 22/9, fös. 23/9 nokkur sæti laus, lau. 24/9 nokkur sæti laus, fim. 29/9, fös. 30/9. *Sýningum lýkur í október.*

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**RAMBÓ 7**

Fös. 16/9, lau. 17/9, fim. 22/9.

*Fáar sýningar eftir.*

**LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**KODDAMAÐURINN**

fös. 16/9 uppselt, lau. 17/9 uppselt, fös. 23/9, lau. 24/9 nokkur sæti laus.


*Takmarkaður sýningafjöldi.*

Sala á netinu allan sólarhringinn. Afgreiðsla í húsinu frá kl. 12.30 Sími 55 11 200 - opinn frá 10:00

[www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

### STUÐ MILLI STRÍÐA :: Reykjavík, ó, Reykjavík

SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR BIÐUR UM BETRI BORG



Næsta vor verða kosningar eins og örugglega hefur ekki farið fram hjá neinum. Strax síðastliðið vor var farið að kalla saman andstæðinga í Reykjavík til að þrasa og þræta í sjónvarpsþáttum og þó megi hafa af því visst gaman þá finnst mér gamanið heldur farið að kárna nú þegar og þó er bara september, og enn margir mánuðir til kosninga.

Mikið væri þá óskandi að einhver niðurstaða yrði úr öllu þrasinu, í skipulagsmálum til dæmis. Alltaf er verið að tala um þéttingu byggðar og uppbyggingu í Vatnsmýri, hvort flugvöllurinn eigi að fara eða vera en samt er byggt um holt og hæðir og ómögulegt virðist að taka endanlega ákvörðun um blessaðan flugvöllinn.

Mér þykir gaman að búa í borg. Ég hef búið í þeim nokkrum og notið kosta þess að búa þar sem hlutirnir gerast, þar sem mannlífið blómstrar og menningin sómuleiðis. Ég hef líka gaman að því að spá í skipulag borga, gaman að velta því fyrir mér hvers vegna sumar borgir eru afar vel heppnaðar og aðrar ekki. Og þó að Reykjavík sé borgin mín þá viðurkenni ég að þar er að finna ansi mörg skipulagslys.

En þar er líka að finna vel heppnað hverfi, hverfið mitt til dæmis, Vesturbær norðan Hringbrautar er til dæmis ótrúlega vel heppnað, hér er þétt byggð en þó garður við hvert hús, verslun og þjónusta öll í næsta nágrenni. Það verður ekki betra. Hvernig væri til dæmis að skipulagsfræðingar hefðu það til hliðsjónar þegar Vatnsmýrin verður endanlega skipulögð? Eða gæti það verið að hverfið sé svo vel heppnað vegna þess að það var byggt áður en skipulagsfræðingar tóku völdin.

Ég veit það ekki – vona þó að hin mikla skipulagssumræða sem komandi kosningar hafa kallað fram verði að minnsta kosti til þess að eithvað af viti verði gert í Reykjavík. Ef sú verður ekki niðurstaðan þá hefur endanlega verið sannað að þras og þrætur stjórnmalamanna í sjónvarpi og glæsileg gylliboð sömu manna eru marklaus með öllu. ■



## VILTU MIÐA FYRIR TVO?

FRÍMSÝND 16.09

“NIGHT WATCH IS F\*\*\*ING COOL!” (Quentin Tarantino)

# NIGHT WATCH

НОЧНОЙ ДОЗОР

**SENDU SMS SKEYTIÐ BTC BGF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.**

9. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU: BÍOMÍÐAR FYRIR TVO • DVD MYNDIR • COCA COLA

**X 97-7**

**D3 MOBILE**

## myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Överli



Nú er pillutími, pillutími, pillu pillu pillutími. Opna muninn upp á gátt...trallala.

NEI! Þessar pillur bragðast eins og borðtuska!

Ekki vera með stæla Þorgeir. Leyfðu mér nú að sjá myndarlegu brúnu tennurnar þínar!

Nei! Ég neita!

Eins og þú vilt! Þá eru það bara pillur í rassinn á meðan þú sefur. Ég held alveg örugglega að það sé hann Pedró sem er með næturvaktina.

Góður strákur! Naaamm!

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Hæ Stanislaw. Ég sé að þú ert byrjaður að safna börtum.

Já og ég sé að þú ert að gera það sama.

Ég er að reyna það... Hvað ertu búinn að vera að safna þínum lengi?

Síðan á mánudag.

En þú?

Síðan í páskafríinu í sjötta bekk.

**PÚ OG PA** Eftir SÖB



Vannst þú einhver afrek í lífenda líf???

Jamm...ég var heimsmeistari í...húu...að gera ekki neitt!

**SUDOKU DAGSINS**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautir er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

7	9	1	5	6	2	8	3	4
4	5	6	3	8	9	7	1	2
3	2	8	7	4	1	5	9	6
6	8	2	9	7	5	1	4	3
9	4	5	1	3	6	2	8	7
1	3	7	8	2	4	6	5	9
8	7	4	2	5	3	9	6	1
2	1	3	6	9	8	4	7	5
5	6	9	4	1	7	3	2	8

1			6				9	2
4	9			3	2	8	1	
	5	3				7		
	2			5				1
	6		2		4		5	
9				8			7	
		9				6	4	
	8	4	5	9			2	3
7	3				1			9

su|do|ku  
© Puzzles by Pappocom

**KJÖLTURAKKAR** Eftir Patrick McDonnell

**DÝRABYRGJÖÐ: EINKAMÁLADÁLKUR**

Ég: Hjartahlýr, orkumikill, skemmtilegur, kelinn, að biða.

Þú: Góður, blíður, indæll, þolinmóður, komdu og náðu í mig.

Hringdu í 1234-233 og vertu vinur minn.



**BARNALÁN** Eftir Kirkman/Scott



Ég hef áhyggjur af því hvernig ég hef verið að öskra á krakkana að undanförmu.

Nú?

Já þetta er bara ekki nógu gott.

Heldurðu að þú þurfir að öskra minna?

Ég held ég þurfi að öskra hærra.



# Haustrískan

## Ótrúlegt verð

### Mokkavesti

beinhvít  
st. 9/10-13

**2.999**kr

### Bolur

margir litir  
st. 7/8-13

**1.299**kr

### Bolur

margir litir  
st. 7/8-13

**1.499**kr

### Hettuúlpa

margir litir  
st. 7/8-13

**3.999**kr

### Mokkajakki

margir litir  
st. 9/10-13

**3.999**kr

### Bolur

margir litir  
st. 7/8-13

**1.699**kr

### Peysa m/skinni

beinhvít  
st. 7/8-13

**3.499**kr

### Gallabuxur m/belti

bláar  
st. 7/8-13

**3.999**kr

### Pils m/belti

margir litir  
st. 9/10-13

**3.499**kr

### Pils

margir litir  
st. 7/8-13

**2.999**kr

### Gallabuxur m/belti

bláar  
st. 7/8-13

**3.999**kr

**Nýtt**  
kortatímabil

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## Gengið um slóðir Einars Ben



**Kl. 16.00**

Sýning Einars Arnasonar, „Hjáverk í amstri daga“, verður í Boganum í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Á sýningunni er að finna klippimyndir, uppfinningar og teikningar eftir Einar, sem er fæddur 30. nóvember 1924 í Neshjáleigu í Loðmundarfirði.

# menning

menning@frettabladid.is

Í fyrramálið klukkan ellefu stendur Skógræktarfélag Reykjavíkur fyrir afar áhugaverðri fræðslugöngu í Heiðmörk um slóðir Einars Benediktssonar, skálds og athafnamanns.

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur mun svipast um á bænum Elliðavatni og í nágrenni hans og segja frá Benedikt Sveinssyni alþingismanni, konu hans Katrínu Einarsdóttur og syni þeirra Einari Benediktssyni skáldi. Benedikt átti jörðina Elliðavatn og bjó þar á árunum 1861 til 1874. Hann reisti gamla steinhúsið sem enn stendur og í því var Einar Benediktsson fæddur 31. október



1864. Vera fjölskyldunnar á Elliðavatni varð söguleg og stormasöm en Benedikt stóð í mörgum stórræðum á þessum árum, meðal annars áveituframkvæmdum og stofnun prentsmiðju þar. Hann seldi jörðina 1876 en keypti hana aftur 1893 en eftir dauða hans komst hluti hennar í eigu Einars Benediktssonar sem notaði hana sem skiptimynt í stórvíðskiptum í London. Gangan hefst klukkan ellefu og ekkert kostar að slást í hópinn. Allir eru velkomnir.

> Ekki missa af ...

... hinum árlegu hausttónleikum **Harðar Torfasonar** í Borgarleikhúsinu í kvöld.

... **miðnæturtonleikum Baggalúts** á Grand Rokk í kvöld. **Sviðin jörð** lætur einnig í sér heyra.



... **opnu húsi** í Þjóðleikhúsinu í kvöld og annað kvöld, þar sem kynnt verður dagskrá vetrarins.

## Ráðstefna um Brynjólf biskup

Eftir verður til fjölþættra menningarviðburða í tilefni af að 400 ár eru liðin frá fæðingu Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups.

Út er komin bókin Guðs dýrd og sálnanna velferð, þar sem birtir eru prestastefnuádrög Brynjólfs í samantekt Más Jónssonar. Einnig hefur verið opnuð heimasíða Brynjólfs, sem hefur að geyma margvíslegan fróðleik um manninn og samtíð hans.

Nú um helgina verður síðan haldin ráðstefna í Þjóðarbókhöðunni og í Skálholti, þar sem fjallað verður um Brynjólf biskup og samtíma hans.

Ráðstefnan hefst í Þjóðarbókhöðunni í dag klukkan 17. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setur ráðstefnuna en að því búi fjallar Þóra Kristjánsdóttir um „Meistara Brynjólf og listirnar“. Síðan verður flutt tónlist frá 17. öld í flutningi Hørsholm fløjteensemble. Loks opnar Sig-



**BRYNJÓLFUR SVEINSSON** Viðamikil ráðstefna um Brynjólf biskup og samtíma hans verður haldin núna um helgina.

rún Klara Hannesdóttir landsbókavörður sýningu um „Brynjólf Sveinsson og 17. öldina í sögu Íslendinga“.

Ráðstefnan heldur síðan áfram í Þjóðarbókhöðunni á morgun og svo í Skálholti á sunnudaginn, með fyrirlestrum, tónlistarflutningi og messugjörð. ■



**HIMNARÍKI** Elma Lisa Gunnarsdóttir í hlutverki sínu í Himnaríki Árna Ibsen, sem frumsýnt verður öðru sinni í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld.

## Himnaríki aftur sett á fjalirnar

Himnaríki, hið rómaða tíma-mótaleikrit Árna Ibsen, verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld. Tíu ár eru liðin frá því verkið var fyrst sýnt á upphafsöldum Hafnarfjarðarleikhússins, sem hefur vaxið og dafnað á þessum áratug, er flutt í nýtt húsnæði og hefur fest sig í sessi sem eitt af merkustu leikhúsum þjóðarinnar.

„Vissulega hefur margt breyst á þessum tíu árum,“ segir Hilmar Jónsson, „en sumir hlutir eru bara einhvern veginn algildir sannleikur.“

Þegar sex ungmenni hendast upp í sumarbústað um helgi með fullan kassa af bjór er ekki margt sem er öðruvísi en það var fyrir tíu árum.

Þegar leikhópurinn tók til við að lesa verkið á nýtt hafði hann á bak við eyrað að skoða hvernig tímans tónn hefur unnið á þessu, en komst fljótt að þeirri niðurstöðu að leyfa verkinu að standa orðréttu nákvæmlega eins og það var.

„Við höfum ekki þurft að breyta stafkrók. Mér sýnist líka á viðbrögðum gesta á forsýningunum núna í vikunni að húmorinn hafi ekki mikið breyst heldur.“

Hilmar segir tilefnið hafa verið tvíþætt. Annars vegar að fagna tíu ára afmæli leikhússins, hins vegar vilji til þess að heiðra leikskáldið Árna Ibsen, sem varð fyrir alvarlegu áfalli þegar hann fékk heilablóðfall.

„Hann er einn af frumkvöðlum hér í leikhúsinu. Það var ómetanlegt fyrir okkur að hafa hann með okkur, stabiliserað leikskáld og reynslubolta.“

Hilmar er leikstjóri eins og í fyrra skiptið og leikmyndin er sú sama og notuð var fyrir tíu árum, gerð af Finni Arnari Arnarsyni, þannig að margt er líkt og fyrrum.

Að þessu sinni eru það þau Friðrik Friðriksson, Þrúður Vilhjálmssdóttir, Erling Jóhannesson, Guðlaug Elísabet, Jóhann G. Jóhannsson og Elma Lisa Gunnarsdóttir sem standa á sviðinu.

Hilmar segir það vissulega hafa áhrif á sýninguna að leikhópurinn er ekki við því að sýningarnar yrðu margar. Þær urðu hundrað talsins og hætt var að sýna verkið þótt allt fram á síðustu sýningu væri leikið fyrir fullu húsi.

Þegar verkið var frumsýnt fyrir tíu árum bjóst leikhópurinn ekki við því að sýningarnar yrðu margar. Þær urðu hundrað talsins og hætt var að sýna verkið þótt allt fram á síðustu sýningu væri leikið fyrir fullu húsi.

Hilmar segist samt ekkert endilega reikna með því að sýningarnar núna verði fleiri en fimmtán, jafnvel þótt hann hafi fundið fyrir miklum áhuga undanfarið.

„Allar okkar uppsetningar eru miðaðar við fimmtán sýningar. Hver einasta sýning eftir það fer fram úr okkar björtustu vonum.“ ■

**GERÐUBERG**



„Hjáverk í amstri daga“

Sýning á klippimyndum, uppfinningum og teikningum eftir Einar Arnason í Boganum

**Sjónþing 24. september**

Þórdís Zoëga hönnuður situr fyrir svörum. Opnun á yfirlitssýningu á verkum Þórdísar.

Sýningar eru opnar virka daga 11-17, helgar 13-16, miðvikud. 11-21

[www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)

Hljóðkerfa- og ljósaleiga Akureyrar kynnrir:  
Mestu poppstjörnu allra tíma!

# ELVIS

TRIBUTE TÓNLEIKAR Á BROADWAY 30. SEPTEMBER NK. KL. 22:00

Frábærir söngvarar og einvalalið hljóðfæraleikara flytja öll bestu Elvis lögin.  
Hér er á ferðinni tónlistarveisla sem enginn má missa af.

**Friðrik Ómar - Regína Ósk – Heiða Idol**

Jón Ólafsson pianó - Guðmundur Pétursson gítar - Jóhann Ásmundsson bassi -  
Birgir Baldursson trommur – Halli Gulli slagverk - Pétur Örn raddir og hljómborð -  
Kenya Emil raddir – Kjartan Hákonarson trompet – Snorri Sigurðsson trompet -  
Steinar Sigurðsson saxafónn - Samúel J Samúelsson básúna.

**Aðeins í þetta eina skipti!**

Forsala aðgöngumiða  
í síma 533-1100 á Broadway og í  
Pennanum Eymundsson, Akureyri - Miðaverð 2.500.-



**BROADWAY**



4627878 - 8965353  
[www.hljodkerfi.com](http://www.hljodkerfi.com)

LANCÔME  
PARIS

Haust-  
Vetur

2005-2006

frá Gucci Westman  
með Drew Barrymore  
í "Rose Mystère"

Lancôme dagar  
16.-21. september

Haustlitirnir eru komnir.  
Sjón er sögu ríkari. Líttu  
við og láttu förðunar- og  
snyrtifræðing Lancôme kenna  
þér nýjustu förðunartæknina.  
Glæsilegir kaupaukar.

Lancôme

DEBENHAMS

SMÁRALIND



## Dansveisla á Broadway

Teknó-plötusnúðurinn Adam Beyer mun þeyta skífum í mikilli dansveislu á skemmtistaðnum Broadway annað kvöld. Techno.is, Hiphop.is og Breakbeat.is standa fyrir uppákomunni, þar sem boðið verður upp á þrjár tónlistarstefnur á þremur sviðum.

Á stóra sviðinu koma fram auk Beyers, þeir Exos, Tómas THX, Jonfri og Ólafur Ofur.

Í norðursalnum verður drum n'bass stemning með þeim Gunna Ewok, Dj Lella og Dj Kalla. Í austursalnum verða þeir Bent & 7berg ásamt Dj Pranoya, Danni Deluxe og DJ Mezzo ásamt fleiri góðum gestum.

Adam Beyer þykir einn fremsti plötusnúður heims. Hnitmiðaður og frjáls stíll hans hefur



ADAM BEYER Plötusnúðurinn Adam Beyer heldur uppi stuðinu á Broadway annað kvöld.

komið honum í fremstu röð, þar sem hann heldur áfram að gefa út plötur og spila í klúbbum um allan heim við góðar undirtektir.

Miðaverð á dansveisluna á Broadway er 1000 krónur í for-sölu en 1500 við inn-ganginn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR


NASA.IS

PAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR YFIR 20 LEIKSÝNINGUM

# UPPLIFUN!

Ekki missa af spennandi leikári hjá Borgarleikhúsinu í vetur.



BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁSKRIFTARKORT FRÁBÆR KOSTUR

Áskriftarkort tryggir þér sæti á fimm sýningar. Ef þú kaupir kortið fyrir 20. september færðu að auki gjafakort á leiksýningu að eigin vali. Kannaðu málið á [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is).

Meðalverð á miða verður þá einungis 1.640 kr. á sýningu.

Benni Hemm Hemm



Paul McCartney

### Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINI

**Benni Hemm Hemm:** Benni Hemm Hemm, **Matti Óla:** Nakinn, **Sleepwork:** Hermigervill, **Kanye West:** Late Registration, **The Dandy Warhols:** Odditorium og **Paul McCartney:** Chaos and Creation in the Backyard.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## B.B. King áttæður í dag

Blúsóðsögnin B.B. King er áttæð í dag. Í tilefni af því kemur út platan *The King of the Blues* þar sem King syngur og spilar dúetta með mörgum af þekktustu listamönnum heimsins.

Ferill Kings á sér langa og merkilega sögu. Hann átti erfiða æsku í Mississippi en þegar hann flutti til Memphis tók blúsinn öll völd í lífi hans. Lög Kings fengu spilun á útvarpsstöðinni WDIA og varð hann þar þekktur undir nafninu Beale Street Blues Boy. Seinna var það stýtt í Blues Boy og loks í B.B., sem hann hefur kallað sig allar götur síðan. Á árunum 1951 til 1985



kom B.B. King 74 lögum inn á R&B-vinsældalista Billboard, sem þykir ótrúlegur árangur. Þar á meðal var lagið *The Thrill Is Gone* frá árinu 1970, sem er eitt af fyrstu popplögnum sem slógu í gegn í Bandaríkjunum eftir blústonlistarmann. B.B. King hefur verið duglegur að koma fram í gegnum árin ásamt gítarnum sínum Lucille. Lagið hann í tónleikaferð um Bandaríkin í sumar til að fylgja eftir nýju plötunni og stendur hún enn yfir.

**KING OG CLAPTON** Þeir B.B. King og Eric Clapton syngja lagið *The Thrill Is Gone* af nýju plötunni.

Á plötunni spilar King meðal annars með listamönnum á borð við Van Morrison, Mark Knopfler, Roger Daltrey, Elton John, Gloria Estefan og Eric Clapton, sem syngur einmitt með honum slagarann *The Thrill Is Gone*.

### Plata vikunnar ...

**SIGURRÓS:** Takk

„Takk hefur varla veikan blett og jafnast svo sannarlega á við Ágætis byrjun. Einlægnin og dugnaðurinn hefur skilað Sigur Rós upp í hæstu hæðir, þar sem sveitin verður væntanlega um ókomna tíð.“ **FB**

### Popptextinn ...

„Brosandi, hendumst í hringi, höldumst í hendur, allur heimurinn óskýr, nema þú stendur rennbautur, allur rennvotur, engin gúmmistígúvél...“

Jónsi syngur hið sakleysislega en magnaða lag Hoppípolla af nýjustu plötu Sigur Rósar, Takk.



### [ TOPP 20 ]

X-DÓMÍNÓSLISTINN TOPP TÍU LISTI X-FM

- 1 **COLDPLAY**  
Fix You
- 2 **MÍNUS**  
Svartur sauður
- 3 **SUPERGRASS**  
St. Petersburg
- 4 **LEAVES**  
Good Enough
- 5 **THE CORAL**  
Something Inside of Me
- 6 **DANDY WARHOLS**  
Smoke It
- 7 **AUDIOSLAVE**  
Doesn't Remind Me
- 8 **WHITE STRIPES**  
My Doorbell
- 9 **FRANZ FERDINAND**  
Do You Want to
- 10 **THE MAGIC NUMBERS**  
Love Me Like You

\* Listanum er raðað af umsjónarmönnum stöðvarinnar

### [ SMS ]

#### UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

**Death Cab for Cutie: Plans**  
„Fyrsta plata Death Cab for Cutie hjá risaútgáfu er vönduð og nokkuð vel heppnuð. Órlítið af einleit fyrir minn smekk sem heildaverk en engin gifurleg vonbrigði. Plata sem nær ómögulegt er að líka illa við, og jafn ómögulegt að elska.“ **BÓS**

**Stephen Malkmus: Face the Truth**  
„Þriðja breiðskífa Stephens Malkmus er líklegast hans besta frá því að slitnaði upp úr samstarfinu hjá Pavement. Hann virðist sáttur í eigin skinni og gefur sköpunargáfu sinni lausan tauminn.“ **BÓS**

**The Fiery Furnaces: EP „Ný E.P.“**  
plata tilvonandi Íslandsvinanna í The Fiery Furnaces er eins og villt partí þar sem mjög ólíkir hlutir eru að gerast í hverju herbergi.“ **BÓS**

**.MoR: MoR Duran**  
„MoR Duran er vönduð plata þar sem vinsæl lög Duran Duran fá nýtt líf í frábærri meðhöndlun Margrétar Eirar og Róberts.“ **FB**

**Supergrass: Road To Ruen**  
„Fimmta breiðskífa Supergrass bætir litlu göðu við orðspor sveitarinnar. Hljómar órlítið eins og plata sem þeir urðu að gera, í stað þess að hljóma eins og plata sem þá langaði til þess að gera.“ **BÓS**



PLÖTURNAR BÚTADAR NIÐUR Hermigervill bítar niður hluta af plötunum sínum á heldur óvenjulegan máta.

## Hundrað og fimmtíu vínýlplötur í einn hrærigraut

Önnur plata tónlistarmannsins Hermigervils, Sleepwork, kemur út í dag. Af því tilefni heldur hann tónleika í Stúdentakjallaranum klukkan 22.30 í kvöld og er ókeypis inn. Hermigervill, sem heitir réttu nafni Sveinbjörn Thorarensen, hefur búið til tónlist undanfarin fimm ár. Fyrsta plata hans, *Lausnin*, kom út fyrir jólin 2003 en í aðeins 110 eintökum. Sveinbjörn annaðist sjálfur útgáfuna á þeirri plötu, rétt eins og á Sleepwork. Þar sem fyrri platan er uppseld ákvað Sveinbjörn að gefa plötuna á heimasíðu sinni í MP3-formi. Þar geta hlustendur fengið að heyra hinn skemmtilega frumburð Hermigervils sem hafði að geyma fjöldann allan af bótum úr innlendum sem erlendum lögum og jafnvel sjónvarpsþáttum sem hann hrærði saman í einn stóran og bragðgóðan graut.

Að sögn Sveinbjörns var nýja platan tvö ár í vinnslu og er hún nokkurs konar rökrétt framhald af þeirri síðustu. Platan er samansett úr bótum af 150 vínýlplötum en alls á Sveinbjörn fjögur þúsund plötur í safni sínu. „Ég er að spila á alls konar hluti á þessari nýju plötu, meðal annars hljómborð, gítar, trommukjuða og á vekjararaklukkur. Síðan syng ég líka“, segir Sveinbjörn, sem sýnir einnig listir sínar sem skífubeytari á plötunni. Hrund Ósk Árnadóttir, sem hefur unnið Söngvakeppni framhaldsskólanna, kemur einnig við sögu. Sveinbjörn, sem hefur meðal annars leitað áhrifa til Chemical Brothers í tónlistarsköpun sinni, á sér þann draum heitastan að semja tónlist fyrir kvikmyndir. Hann fer heldur ekki í grafötur með það að hann ætli að gera það gott í útlöndum

um þrátt fyrir að heita mjög óþjálu nafni. „Útlendingar geta ekki sagt Hermigervill þannig að kannski á ég eftir að heita öðru nafni úti. En ég ætla að meika það og verða frægasti tónlistarmaður Íslendinga, frægari en Sigur Rós“, segir hann án þess að blikna og bætir við: „Mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé skemmtileg tónlist sem maður er að gera en ekki eitthvað grín.“ Sveinbjörn lofar lengri tónleikum en áður hafa þekkst hjá honum í kvöld. „Þegar ég spilaði á Menningarótt var ég bara í tíu mínútur og ég ætla að bæta fyrir það í kvöld. Það reynir á hjá mér að halda tónleika og ofast er ég ein taugahruga eftir þá. Tónleikarnir í kvöld verða þeir lengstu hjá mér hingað til, klukkutími þús, og það er engin afsökun fyrir fólk að mæta ekki.“

freyr@frettabladid.is

**SEPTEMBERFEST**  
Íþróttahúsinu Jaðarsbökkum  
17. september 2005  
**STÓRDANSLEIKUR**

Ball í forsölu 2000 kr.  
Ball við inngang 2500 kr.

Forsala hafin í Pennanum Akranesi

Ballið hefst kl. 12 á miðnætti og stendur til klukkan 3

„Stuðmenn“ og „Í Svörtum fötum“ spila á ballinu

18 ára aldurstakmark

**STUÐMENN**

**Í SVÖRTUM FÖTUM**

### Nafn komið á nýju plötuna

Rokksveitin The Strokes hefur gefið sinni þriðju plötu vinnuheit- ið *First Impressions of Earth*. Platan er næstum tilbúin og kemur hún í búið í byrjun næsta árs. Fyrsta smáskífulagið nefnist *Juice Box* og er það væntanlegt í nóvember. „Platan fjallar eiginlega um það hvað einhverjum úr geimnum myndi finnst um það sem gerist hér á jörðinni“, sagði Julian Casablancas söngvari. Eftir að platan verður klár mun The Strokes fara í sína fyrstu tónleikaferð í heilt ár. Mun hún væntanlega hefjast í Suður-Ameríku í næsta mánuði. ■



**THE STROKES** Hljómsveitin The Strokes gefur út sína þriðju plötu í byrjun næsta árs.

### Vitnuðu í Shakespeare

Orðrómur um að hljómsveitin Weezer sé að hætta kviknaði eftir að tilvitnun í síðasta leikrit Shakespeare, *The Tempest*, var að finna á nýjustu plötu sveitarinnar, *Make Believe*. „Þegar við kláruðum plötuna vissi ég ekki hvað myndi gerast á framtíðinni. Ég setti tilvitnunina þarna af því að mér fannst hún góð leið til að kveðja, ef ég væri þá að kveðja“, sagði söngvarinn Rivers Cuomo. ■



# Vinsælasta tónlistin á Íslandi



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**1.999** kr

SIGURRÓS - Takk...



**3.**  
s tíæ

**1.999** kr

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi

**LAGALISTI**

- |                  |                |
|------------------|----------------|
| 1. Takk...       | 7. Mílanó      |
| 2. Glósóli       | 8. Gong        |
| 3. Hoppípolla    | 9. Andvari     |
| 4. Með blóðnasir | 10. Svo hljótt |
| 5. Sé lest       | 11. Heysátan   |
| 6. Sæglópur      |                |

**LAGALISTI**

- |                             |                                     |
|-----------------------------|-------------------------------------|
| 1. Í finu formi             | 8. Heyr mitt ljúfasta lag           |
| 2. Undarlegt með unga menn  | 9. Ég fer í frí                     |
| 3. Ó blessuð vertu sumarsól | 10. Hver vill sigla                 |
| 4. Að byggja til þín brú    | 11. Eiki bleiki                     |
| 5. Til eru frá              | 12. Með hangandi hendi              |
| 6. Þarna fer ástin mín      | 13. Megi dagur hver fegurð þér færa |
| 7. Tequila                  |                                     |



**1.999** kr

**12.**  
s tíæ

Á MÓTI SÓL-Hin 12 topplögin



**1.999** kr

**10.**  
s tíæ

HILDUR VALA



**1.699** kr

**8.**  
s tíæ

COLDPLAY-X & Y



**1.999** kr

**6.**  
s tíæ


PÉTUR KRISTJÁNSSON-Gamlar myndir



**1.999** kr

**4.**  
s tíæ

ÝMSIR-Pottþétt 38



**1.699** kr

**1.**  
s tíæ

JAMES BLUNT-Back to Bedlam



**1.999** kr

**13.**  
s tíæ

KK OG MAGGI EIRÍKS-Fleiri ferðalög



**1.699** kr

**11.**  
s tíæ

GORILLAZ-Demon days



**1.999** kr

**9.**  
s tíæ

HJÁLMAR-Hljóðlega af stað



**1.999** kr

**7.**  
s tíæ

BAGGALÚTUR-Pabbi þarf að vinna



**1.999** kr

**5.**  
s tíæ

EMILIANA TORRINI-Fisherman's woman



**1.699** kr

**2.**  
s tíæ

ROLLING STONES-A bigger bang

\*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 22. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla







# Skólástyrkur

- fyrir alla!

Reiknaðu dæmið til enda...

ADSL tengi í 6 mánuði - 23.340 kr.  
Full nýting á biókorti - 19.200 kr.  
Full nýting á tonlist.is - 8.940 kr.  
Afgangur 4.800 kr.

Fáðu greitt fyrir að vera með ADSL hjá okkur!

## 4 Mb/s

extra light

### V16

## ADSL

Pú færð BTnet í næstu verslun BT!

V16 extra light  
Ótakmarkað niðurhal!  
**3.890 kr.**

á mánuði allt innfalið auk biókorts og áskrift af tonlist.is!

- líka fyrir þá sem eru í skóla lífsins.

## Skólástyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- Frítt niðurhal (endalaust eins og þig lystir).
- Frítt í bió (gildir í sex mánuði).
- Frí tónlist (gildir í sex mánuði á tonlist.is).

Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift!  
Nánar á [www.bt.net.is](http://www.bt.net.is)

Við hjálpum þér í gegnum námið á fullum hraða!



TÓNLIST.IS

SMÁRA BÍÓ

REGNBÖGINN

Barbarabíó

BTNET

[www.bt.net.is](http://www.bt.net.is)

HUGSADU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO

FRÁBÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

SAMUEL L. JACKSON EUGENE LEVY

Harðasta löggan í bænum er í þann mund að fá stórskrýttinn félag!

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ára  
Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8 og 10

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Til að hafa stjórn á hrottum og illmennum er sett á laggimar sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!

Fyrsti hluti í epískum fantasíu þrileik

Hið nýja andlit óttans

Aldrei annað eins hefur sést í bíó hérlandis áður!  
Mynd sem slegið hefur í gegn! Missið ekki af þessari!

Night Watch is F\*\*\*ING COOL!  
Quentin Tarantino

NIGHT WATCH

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ára

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ára

EVNTYRA FERDIN

Sýnd kl. 8 og 10.20

Sýnd kl. 3.50 ISLENSKT TAL

EVNTYRA FERDIN

Sýnd kl. 5.45 B.I. 10 ára

Sýnd kl. 4 og 6 í þrívídd

Dolby Digital

REGNBOGINN Sími 551 9000

THE NEW FACE OF TERROR IS "COOL AS HELL"

Til að hafa stjórn á hrottum og illmennum er sett á laggimar sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!

Fyrsti hluti í epískum fantasíu þrileik

Hið nýja andlit óttans

Aldrei annað eins hefur sést í bíó hérlandis áður!  
Mynd sem slegið hefur í gegn! Missið ekki af þessari!

Night Watch is F\*\*\*ING COOL!  
Quentin Tarantino

NIGHT WATCH

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ára

LAND OF THE DEAD

Sýnd kl. 8 og 10.20 B.I. 10 ára

BROKEN FLOWERS

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20

EVNTYRA FERDIN

Sýnd kl. 6 ISLENSKT TAL

Deuce Bigalow b.i. 14 ára kl. 6, 8 og 10  
Land of the Dead kl. 6 og 8 kl. 10

Borgarbíó

LAUGARAS BÍÓ Sími 553 2075 - bara lúxus

FRÁBÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

The MAN

Harðasta löggan í bænum er í þann mund að fá stórskrýttinn félag!

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

WEDDING CRASHERS

Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:15

EVNTYRA FERDIN

Sýnd kl. 4 í tví. tal

EVNTYRA FERDIN

Sýnd kl. 4 í þrívídd

Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 10 ára

Sýnd kl. 4 í þrívídd

www.laugarasbio.is

## Sveitatónlist í fyrirrúmi

Það verður sveitatónlistarveisla á Grand Rokki í kvöld þegar Köntrí-sveit Baggalúts heldur sína fyrstu tónleika. „Við ætlum að spila flest öll lögín af disknum og einhverja „best of“ kántríslagara,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson gítarleikari. Um upphitun sér hljóm-sveitin Sviðin Jörð en hún samanstendur af Magnúsi Einarssyni og Frey Eyjólfssyni sem ætla að spila lög af plötunni Lög til að skjóta sig við. „Við komum svo og hressum fólkið við með skemmtilegum kántrílögum,“ segir Kiddi eins og hann er kallaður og viðurkennir að það gæti orðið vesen að spila sum Baggalútslögín þar sem þeir fengu erlenda banjóleikara til að spila inn á þau. „Ég og Gummi Pé ætlum að reyna þetta, ef við tökum hvor aðra hverja



**BAGGALÚTUR** Hljómsveitin heldur sína fyrstu tónleika á Grand Rokki í kvöld en Baggalútsmenn eru aðallega þekktir fyrir gamanmál sín og ættu tónleikarnir að hafa upp á mikla skemmtun að bjóða.

nótu þá þurfum við að spila helmingi hægar og þá gæti þetta reddast.“

Í Köntrí-sveit Baggalúts eru fjórir meðlimir hljómsveitarinnar Hjalma og segir Kiddi allt gott að fréttu af þeim. Tónleikarnir hefjast upp úr miðnætti og kostar þúsund krónur inn. ■



**SÁLIN** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns spilar í útvarpssal Rásar 2 í dag.

## Sálin í útvarpssal

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns heldur tónleika í útvarpssal Rásar 2 í dag þar sem frumflutt verða lög af nýjustu plötu sveitarinnar, Undir þínum áhrifum, sem kemur út á næstunni.

Áhugasamir Sálaraðaðendur sem hafa tekið þátt í samkeppni á ruv.is fá að vera viðstaddir tónleikana, en aðeins 35 sæti eru í boði. Í dag verður einnig frumflutt í útvarpi titillag nýju plötunnar, sem var að mestu leyti tekin upp í Danmörku. ■

## Skemmtileg skruðganga

[ TÓNLIST ]

UMFIÖLLUN

Þetta er önnur plata hljómsveitarinnar Benni Hemm Hemm en sú fyrsta var tekin upp af forsprakknum Benedikt Hermanni Hermannssyni fyrir nokkrum árum og gefin út í aðeins þrjátíu eintökum.

Meira er aftur á móti lagt í þessa plötu og var hún meðal annars tekin upp í hljóðveri Sigur Rósar, Sundlauginni, þar sem Benni fékk að kynna mun betri hljómi en hann hafði yfir að ráða á frumburði sínum. Þrettán hljóðfæraleikarar koma við sögu á plötunni, þar af fimm blásturshljóðfæraleikarar.

Nýja platan er frekar óvenjuleg enda blandar Benni þar hugljúfu kassagítarpoppi saman við lúðrasveitarspil, á þann hátt sem fáir aðrir myndu láta detta sér í hug. Útkoman er vægast sagt bráðskemmtileg. Að hlusta á þessa plötu er eins og að skella sér í tívoli eða skruðgöngu. Trúðarnir leika listir sínar og hringekjan snýst á meðan lúðrasveitin spilar undir. Þú



**BENNI HEMM HEMM: BENNI HEMM HEMM**

**NIÐURSTAÐA:** Að hlusta á þessa plötu er eins og að skella sér í tívoli eða skruðgöngu. Þú gengur um, færð þér litríkan kúluis í formi og fylgist með öllu eins og litill krakki, dáleiddur af gleðinni og því hversu margt er í gangi í einu.

gengur um, færð þér litríkan kúluis í formi og fylgist með öllu eins og litill krakki, dáleiddur af gleðinni og því hversu margt er í gangi í einu.

Erfitt er að taka út eitt lag umfram annað en útgáfa Benna af Til eru fræ er engu að síður stórskemmtileg. Tvímælalaust ein besta plata ársins. Freyr Bjarnason

**DTV**

Árni Mathiesen

Veit ekki hvað hann á að gera við 50 millu Sparisjóðsgróða

Þeir þegar aðrir þegja!

PURINA

**PRO PLAN**

**LIFE PLAN**

NUTRITION PROGRAMME

Pro Plan fæðulínan sérsniðin fyrir hundinn þinn

GARÐHEIMAR

Söluaðili:  
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6  
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

## Crowe að kveðja Hollywood?

Russell Crowe segist vera tilbúinn til að kveðja Hollywood fyrir fullt og allt. Þetta segir hann í kjölfar símamálsins svokallaða. Réttarhöldum yfir Crowe var frestað fram í nóvember en ef hann verður fundinn sekur gæti hann þurft að sitja sjö ár í fangelsi og misst atvinnuleyfið í Bandaríkjunum. Leikarinn ástralski var handtekinn fyrir ekki margt löngu þegar hann lamdi hótélstarfsmanninn Nestor Estrada þegar hann náði ekki símasambandi við Ástralíu. „Það er kannski betra að ég komi ekkert til Bandaríkjanna. Betra að vinna í umhverfi þar sem eru ekki svona margar flugur sem sækja í mann,“ sagði leikarinn, en hann er að kynna mynd sína Cinderella Man

um þessar mundir. „Allir vilja að ég fari og hitti einhverja sálfræðing. Í mínu heimalandi er þetta ekki svona. Ef mér liggur eitthvað á hjarta þá fáid þið að heyra af því.“

**CROWE Í JÁRNUM**

Russell Crowe segist vera tilbúinn til að kveðja bandaríska kvikmyndagerð fyrir fullt og allt verði hann fundinn sekur um líkamsárás.



SAMUEL L. JACKSON EUGENE LEVY

**The MAN**

FRÁBÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

Harðasta löggan í bænum er í þann mund að fá stórskrýttinn félag!

LAUGARAS BÍÓ SMÁRA BÍÓ KOMIN Í BÍÓ Borgarbíó

**HÁDEGISBÍO** HÁDEGISBÍO - 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGUNA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGUNA Í HÁSKÓLABÍÓ

ÞAÐ ERU TIL STADIR SEM HÁDEGISBÍÓNA VÁR ALDREI JETLAÐ AD FARA Á

**THE CAVE**

**CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY**

**BETRA SEINT EN ALDREI**  
STEVE CARELL  
**THE 40 YEAR-OLD VIRGIN**  
FORSÝND Í KVÖLD!

**STRÁKARNIR OKKAR**

**RACING STRIPES**  
Með íslensku og ensku tali

HELGÍ BJÖRNSSON, BJÖRN BJÖRNSSON, SIGURDUR SKULASON

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
THE CAVE KL. 6.15-8.20-10.40 B.I. 16	SKY HIGH KL. 6-8-10	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 4-6.15-8.15-10.30
THE CAVE VIP KL. 8.20	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 5.45-8-10.15	SKY HIGH KL. 4-6.10-8.15-10.30 B.I. 14
SKY HIGH KL. 3.50-6-8.15-10.30 B.I. 14		STRÁKARNIR OKKAR KL. 8.30-10.30
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 10.30		RACING STRIPES isl. tal KL. 4-6.10
THE 40 YEAR OLD VIRGIN VIP KL. 10.30		
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.30-6-8.15-10.30		
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY VIP KL. 3.30-6		
STRÁKARNIR OKKAR KL. 6-8-10.10 B.I. 16	SKY HIGH KL. 6-8	
THE DUKES OF HAZZARD KL. 8.15	THE CAVE KL. 10	
RACING STRIPES enskt tal KL. 6 B.I. 16	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 6-8	
RACING STRIPES isl. tal KL. 4	STRÁKARNIR OKKAR KL. 10	
HERBIE FULLY LOADED KL. 3.50		
MADAGASCAR isl. tal KL. 4		

THE CAVE KL. 6-8-10 B.I. 16 ára  
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 5.40-8-10.20  
STRÁKARNIR OKKAR KL. 6-8-10 B.I. 14 ára  
THE DUKES OF HAZZARD KL. 5.50-8-10.10  
THE SKELETON KEY KL. 5.55-8 B.I. 16 ára  
THE ISLAND KL. 10 B.I. 16 ára

FRÁÐAR SKEMMTUN **SAMBÍÓIN**

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

Háskólabíó



## Eminem er ekki hættur

Rapparinn 50 Cent segir að það standist ekki að Eminem sé hættur í tónlistarbransanum. Hann segir að það muni ekki líða á löngu þar til hann verði kominn á fætur og farinn að túra aftur með öllum hinum. Eminem er eins og stendur í meðferð vegna svefnlyfjanotkunar. 50 Cent segir að þegar honum batni muni hann fara beint í hljóðverið. „Ég veit ekki hve lengi Eminem verður að jafna sig en ég mun breyta mínu tónleikahaldi þannig að þegar hann er tilbúinn til að snúa aftur komum við fram á sama tíma.“ Hann segir jafnframt: „Eminem mun halda áfram að búa til tónlist. Treystu mér. Ég er búinn að vera í sambandi við hann og honum líður betur.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ástralska söng- og leikkonan, **Natalie Imbruglia** er andlit snyrtivörufrirtækisins, L'Oreal. Þegar hún var yngri hafði hún ekki hugmynd um hvernig nota ætti snyrtivörur. Í dag hefur hún lært að leggja áherslu á ákveðna andlitsdrætti eins og varir, augu og kinnar. „Þegar ég var yngri vissi ég ekki að ég ætti að leggja áherslu á vissa

parta andlitsins þannig að ég mál-aði bara allt saman. Ég notaði mikið meik og svo lítaði ég á mér augabrúnnar svo þær urðu svartar. Ég leit út eins og meðlimur úr hljómsveitinni Cure.“

Poppsöngkonan **Dannii Minogue** er að íhuga ættleið-



ingu vegna þess hve upptekin hún er í tónlistinni. Ekki gengur vel hjá henni í ástarlífinu og því erfitt fyrir hana að stofna sína eigin fjölskyldu. „Ég elska börn og langar mikið í eitt.“ Góður vinur hennar segir, „Það eru mörg börn í heiminum sem enginn vill. Hún myndi verða frábær móðir og gæti gefið þeim margt.“

Giftingarhringar **Jordan** og **Peter Andre** innihéldu 55 demanta. Á

hring Jordan voru 35 prinsessuskornir demantar. „Hringurinn er svo stór að ég get varla beygt puttann,“ sagði hún. Á hring Peters voru 20 demantar. Hjónin giftu sig á sunnudaginn fyrir framan 300 gesti.



## Talstöðin FM 90,9

### ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

**viðir**  
VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

**X-ite**  
unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

Fæst í næsta apóteki

FORSÝND Í KVÖLD Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA  
KL. 10.30 Í SAL 1 OG LÚXUS VIP SAL

**BETRA SEINT EN ALDREI**  
STEVE CARELL  
**THE 40 YEAR-OLD VIRGIN**

www.the40yearoldvirgin.com

ATH! ALLIR ÞEIR SEM ERU FERTUGIR, HREINIR SVEINAR FÁ FRITT INN Á FORSÝNINGUNA.  
VINSAMLEGAST SÝND SKILDIRI Í MIÐASÖLL

united international pictures FM 957 ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning: „Somebody help me, I'm being spontaneous! „

Svar: Truman Burbank úr kvikmyndinni The Truman Show árið 1998



VIÐ TÆKIÐ Freyr Gígja Gunnarsson horfði á sjónvarpið í Danmörku

Kenningin um nammidaginn

Ég var í Danmörku nýverið og kynntist eilítið danskri sjónvarpsmenningu. Þrátt fyrir að bróðurpartinum af dvöl minni hafi verið eytt úti á grænum velli í þeim tilgangi að slá í hvíta kúlu neyddist ég einn laugardag til að horfa á sjónvarpið vegna ýmissa „meiðsla“ sem ég hlaut kvöldið áður. Hér heima keppast sjónvarpsstöðvarnar um að hafa dagskrána eins aðlaðandi og mögulegt er á laugardögum. Ég hélt til að mynda að nammidagar væru á laugardögum vegna þess að þá væri svo gott sjónvarpsefni. Hvað er jú betra en góð kvikmynd, bland í poka og appelsín í faðmi fjölskyldunnar þegar maður er lítill? Þegar ég lagðist á vindsængina í stof-



unni hjá félagi mínum tók ég gleði mína til að byrja með. Þar sem ég er íþróttafíkill er fátt sem gleður mig jafnmikið og útsendingar frá íþróttaviðburðum. Mér til mikillar hamingju hófst dagskráin með beinum útsendingum frá Þýska og enska boltanum. Bara alveg eins og heima. Ofan á alla þessa gleði bættist við útsending frá golfmóti. Þegar klukkan nálgast sjö fór ég hins vegar að ókyrrast. Íþróttirnar hurfu ekki af skjánum heldur héldu áfram og áfram og áfram. Þetta ágæta laugardagskvöld í Danmörku skartaði engum gamanþáttum, kvikmyndum eða einhverju í líkingu við það sem gerist heima. Við nánari eftirgrensulan kom í ljós að virkir dag-



**NAMMIDAGUR** Hingað til hefur það þótt gott ráð hjá foreldrum að hafa laugardaga sem nammidaga vegna þess að þá er gott sjónvarp.

ar eru bestu dagarnir í dönsku sjónvarpi. Flottar kvikmyndir og skemmtilegir þættir. Ef eitthvað er því að marka kenningu mína um að nammidagar haldist í hendur við sjónvarpsdagskrána ættu sælgætisfíklar landsins að flykkjast til Danmerkur því þar eru allir dagar nammidagar... nema laugardagar.

# dagskrá

 <p><b>23.50</b> BÍÓ</p> <p>24 Hour Party People</p>	 <p><b>23.45</b> BÍÓ</p> <p>Minority Report</p>	 <p><b>21.00</b> BÍÓ</p> <p>Capturing the Friedmans</p>	 <p><b>21.15</b> NÝTT</p> <p>The Jamie Kennedy Experiment</p>	 <p><b>21.00</b> ÍÞRÓTTIR</p> <p>Motorworld</p>	
<p><b>SJÓNVARPIÐ</b></p>		<p><b>SIRKUS</b></p>		<p><b>SKJÁREINN</b></p>	
<p>6.58 Ísland í bitíð <b>9.00</b> Bold and the Beautiful <b>9.20</b> Í finu formi <b>9.35</b> Oprah Winfrey <b>10.20</b> Ísland í bitíð</p>		<p>17.30 Cheers – 6. þáttaröð <b>18.00</b> Upphitun</p>		<p><b>7.00</b> Olíssport <b>7.30</b> Olíssport <b>8.00</b> Olíssport <b>8.30</b> Olíssport</p>	
<p><b>17.05</b> Stíklur – Í Fjórðum <b>17.50</b> Táknmálsfréttir <b>18.00</b> Tobbi tvisvar (3:26)</p>		<p><b>12.20</b> Neighbours <b>12.45</b> Í finu formi <b>13.00</b> Perfect Strangers (128:150) <b>13.25</b> 60 Minutes II 2004 <b>14.20</b> LAX (7:13) <b>15.05</b> Jag (20:24) (e) <b>16.00</b> Barnatími Stöðvar 2 <b>17.53</b> Neighbours <b>18.18</b> Ísland í dag <b>18.30</b> Fréttir Stöðvar 2 <b>19.00</b> Ísland í dag</p>		<p><b>17.10</b> Olíssport <b>17.40</b> Gillette-sportpakkinn <b>18.05</b> Ensku mörkin</p>	
<p><b>18.30</b> Ungar ofurhetjur (17:26) (Teen Titans) <b>19.00</b> Fréttir, íþróttir og veður <b>19.35</b> Kastljósið <b>20.10</b> Latibær <b>20.40</b> Áhættunnar virði (Acceptable Risk) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001. Ungur vísindamaður gerir uppgötvun sem hann heldur að geti valdið byltingu í meðferð hrömunarsjúkdóma en ýmislegt getur út af borið. <b>22.15</b> Sagan af okkur (The Story of Us) Rómantísk gamanmynd frá 1999 um hjón sem ganga í gegnum súrt og sætt í fimmtán ára sambúð. Leikstjóri er Rob Reiner og aðalhlutverk leika Bruce Willis og Michelle Pfeiffer.</p>		<p><b>18.30</b> Fréttir Stöðvar 2 <b>19.00</b> Seinfeld (12:24) <b>19.30</b> Íslenski listinn Hinn eini sanni Jónsi í svörtum fötum fer með okkur yfir vinsælustu lög vikunnar. <b>20.00</b> Seinfeld (15:24) <b>20.30</b> Friends 3 (8:25) (Vinir) <b>21.00</b> Capturing the Friedmans Sláandi heimildarmynd um fjölskyldu sem virðist á yfirborðinu vera ofurvenjuleg og hamingjusöm en liðast í sundur þegar faðirinn er kærður ásamt yngsta syni sínum fyrir að hafa kerfisbundið misnotað börn sem komu á heimili þeirra til að læra á tölvur. <b>22.50</b> Kvöldþátturinn (brot af því besta)</p>		<p><b>18.35</b> Enski boltinn (Preston – Stoke City) Bein útsending frá leik Preston North End og Stoke City á Deepdale. <b>20.35</b> UEFA Champions League <b>21.00</b> Motorworld Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþróttar. <b>21.30</b> World Supercross (Qwest Field) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. <b>22.25</b> Enski boltinn (Preston – Stoke City) Útsending frá leik Preston North End og Stoke City á Deepdale. Gestaliðið, sem er í eigu íslenskra fjárfesta, átti þokkalegt tímabil í fyrra en ætlar sér stærri hluti í vetur.</p>	
<p><b>23.50</b> Stanslaust fjör <b>1.45</b> Útvarpsfréttir í dagskrárlök</p>		<p><b>23.30</b> Hell's Kitchen (3:10) <b>0.20</b> David Letterman <b>1.10</b> David Letterman</p>		<p><b>23.00</b> Battlestar Galactica – NÝTT! <b>23.50</b> Dead Like Me – lokapáttur (e) <b>0.35</b> Tvöfaldur Jay Leno (e) <b>2.05</b> Óstöðvandi tónlist</p>	
<p><b>BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ</b></p> <p><b>6.00</b> Kate og Leopold <b>8.00</b> Interstate 60 <b>10.00</b> Mona Lisa Smile <b>12.00</b> Just For Kicks <b>14.00</b> Kate og Leopold <b>16.00</b> Interstate 60 <b>18.00</b> Mona Lisa Smile <b>20.00</b> Just For Kicks Ævintýraleg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. <b>22.00</b> One Day in September Frábærlega unna heimildamynd. <b>0.00</b> Matchstick Men (Bönnuð börnum) <b>2.00</b> To Kill a King (Bönnuð börnum) <b>4.00</b> One Day in September</p>		<p><b>OMEGA</b></p> <p><b>8.00</b> Sherwood Craig <b>8.30</b> Um trúna og tilveruna <b>9.00</b> Mariusystur <b>9.30</b> Blandað efni <b>10.00</b> Joyce Meyer <b>10.30</b> T.D. Jakes <b>11.00</b> Robert Schuller <b>12.00</b> Samverustund (e) <b>13.00</b> Joyce Meyer <b>13.30</b> Blandað efni <b>14.30</b> Ron Phillips <b>15.00</b> Kvöldljós <b>16.00</b> Joyce Meyer <b>16.30</b> Blandað efni <b>17.00</b> Dr. David Cho <b>17.30</b> Freddie Filmore <b>18.00</b> Mack Lyon <b>18.30</b> Joyce Meyer <b>19.00</b> CBN fréttastofan – fréttir á ensku <b>20.00</b> Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Filadelfía <b>21.00</b> Mack Lyon Í leit að vegi Drottins <b>21.30</b> Acts Full Gospel <b>22.00</b> Joyce Meyer <b>22.30</b> Blandað efni <b>23.00</b> CBN fréttastofan – fréttir á ensku <b>0.00</b> Miðnæturljósið <b>0.30</b> Næturþónir</p>		<p><b>AKSJÓN</b></p> <p>Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15</p> <p><b>ENSKI BOLTINN</b></p> <p><b>14.00</b> Birmingham – Charlton frá 10.09 <b>16.00</b> WBA – Wigan frá 10.09 <b>18.00</b> Að leikslökum (e) <b>19.00</b> Upphitun <b>19.30</b> Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (e) <b>20.30</b> Upphitun (e) <b>21.00</b> Turninn í Charlton <b>21.30</b> Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (e) <b>22.30</b> Upphitun (e) <b>23.00</b> Dagskrárlök</p>	

ÞAÐ ERU TIL STAÐIR SEM MANNINUM VAR ALDREI ÆTLAÐ AÐ FARA Á.



THE CAVE

EITTHVAÐ BANVÆNT HEFUR VAKNAÐ.

FRUMSÝND Í DAG

Háskólabúð XFM SAMÍON REYKJAVÍK • AKUREYRI





SONY®

# 3 spólur, taska og klippihugbúnaður fylgir!



**DCR-PC53**

**Stafræn tökuvél**

- Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
- Carl Zeiss linsa
- 10x aðdráttur um linsu
- Tengistöð fylgir

**7.354 krónur á mánuði\***  
eða 74.950 krónur staðgreitt.



**DCR-PC55**

**Stafræn tökuvél**

- Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
- Carl Zeiss linsa
- 10x aðdráttur um linsu
- Tengistöð fylgir

**7.895 krónur á mánuði\***  
eða 79.950 krónur staðgreitt.



**DCR-HC22**

**Stafræn tökuvél**

- Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
- Carl Zeiss linsa
- 20x aðdráttur um linsu
- Tengistöð fylgir

**5.910 krónur á mánuði\***  
eða 57.950 krónur staðgreitt.



like.no.other™

Sony Center Kringlunni  
588-7669 / 588-SONY  
www.sonycenter.is

**Sony Center**



## BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

### Barlómur

Ég sá viðtal við mann um daginn í blaði. Hann er hommi. Í viðtalinu talaði hann um að það væri enginn dans á rósum að vera hommi. Hann talaði um fordóma samfélagsins og innri baráttu sína. Á myndunum sem fylgdu viðtalinu horfði hann angurværum og döprum augum fram fyrir sig.


**PETTA** er ekki fyrsta svona viðtalið sem ég hef séð. Mér finnst viðtöl við homma svo oft vera í þessum dúr. Hvað er svona merkilega sorglegt við það að vera hommi? Er það einhver fötlun? Ég veit að það var einu sinni erfitt þegar hommar voru ofsóttir. En er það ekki breytt?

**ÉG HEF** kynnst mörgum hommum í gegnum tíðina. Þeir eru jafn misjafnir og annað fólk. Og þeir hafa átt misjafnlega erfitt líf, eins og aðrir. Ég held að það sé ekkert erfiðara að vera hommi en eitthvað annað. Við fáum öll okkar skerf af ranglæti og þrautum þessa heims. Er erfiðara að vera hommi en einstætt foreldri? Hvort er erfiðara að vera hommi eða aldraður?

**SANNLEIKURINN** er sá að hommar í dag eru mjög áhrifarríkur þjóðfélagshópur. Þeir eru ríkir og valdamiklir og eyða miklum peningum en njóta um leið forréttindanna sem fylgja því að vera minnihlutahópur. Þau forréttindi felast helst í atvigli og umræðu. Þetta er einstök staða. Og hommar hafa líka tíma fyrir jafnréttisbaráttu. Einstæðar mæður hafa til dæmis ekki þann tíma. Mér dettur í hug heilbrigður og sterkur maður sem þykist vera aumur til að fá athygli.

**ÉG HELD** að það sé bara fínt að vera hommi í dag. Þeir þurfa sjaldnast að hafa áhyggjur af börnum og barnaupplæði og allri fyrirhöfninni og kostnaðinum sem þeim fylgir. Hommapör eru alltaf tveir karlmenn, yfirleitt vel menntaðir, hæfileikaríkir og í góðum störfum. Þeir hafa meiri möguleika á að njóta lífsins en margir aðrir.

**ÞAÐ ÞARF** enginn að skammast sín fyrir hvernig hann er. Maðurinn er eins og maðurinn er skapaður. Langdregin vorkunnsemi gerir engum neitt gott. Að vorkenna einhverjum fyrir það hvernig hann er er bara hræsni. Fólk á að vera stólt yfir því hvernig það er af Guði gert og reyna að gera gott með því. Guð gerir ekki mistök. Maðurinn er aldrei svo aumur að hann hafi ekki eitthvað að gefa.



## Gærdú Kröfur!

Íslandsbanki kynnir Námsvild – þjónustu fyrir námsmenn sem gera kröfur. Námsvild er sérsniðin að fjármálapörfum námsmanna og innifelur betri kjör og ýmis fríðindi.

### NÁMSVILD

- 100 fríar færslur á ári
- Ókeypis persónugert debetkort\*
- Bílalán fyrir námsmenn
- Ókeypis kreditkort með ferðaávisun
- Ókeypis fartölvuþrygging\*\*
- 1.500.000 kr. námslokalán
- Hagstæðari yfirdráttarvextir
- Bankaábyrgð á námslánum
- Hagstætt tölvukaupalán
- Ókeypis ISIC kort
- Flott inngöngugjöf
- ... og margt fleira!

Kynntu þér málið á [isb.is](http://isb.is)



ÍSLANDBANKI | 100%

\* kortin verða ókeypis til 16. september  
\*\* gildir í eitt ár